

SIGRÚN JÓHANNSDÓTTIR

Ósvikin og eilítið rispuð stríðsárasveifla

heimili
allt í MIDJU BLADSINS



HÍBÝLI - STOFA

Loftljós, stólar, borð og litríkar stofur

Sérblað um híbýli og stofur
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.



Engin fasteignasala í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX

Ertu að spá í að selja?
Frítt söluverðmat



Valur Blomsterberg
Sölufulltrúi
857-9550
valurblom@remax.is

RE/MAX Torg

Bergsteinn Gunnarsson
Lögglitur Fasteigna fyrirtækja og skipasali

FRAMURSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR

FRAMURSKARANDI ÁRANGUR

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

14. apríl 2008 – 101. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR



Safnar fyrir svítum

Sigríði Heiðberg í Kattholti langar í glæsilegri búr.
FÓLK 30

Ávallt sólar-megin í lífinu

Heimir Eyvindsson hljómborðsleikari er fertugur.

TÍMAMÓT 18

Ólátabelgir snúa bókum saman



Gallagher-bræður ætla að herja á Breta og Bandaríkjamenn.


FÓLK 22

Arsenal út úr myndinni

Manchester United endaði titilvonir Arsenal í risaslagnum í gær.

ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐAST BJARTVIÐRI í dag verða norðaustan 10-15 m/s við suðausturströndina, annars hægt breytilegt átt. Snjócoma austan til í fyrstu en léttir til síðdegis. Annars staðar verður víðast bjartviðri.

VEÐUR 4



BÚÐIN TÆMD Biðröð var við verslun Bónuss í Faxafeni í gær og fólk hleypt inn í hollum. Veittur var þrjátíu prósentu afsláttur vegna þess að versluninni verður lokað tímabundið. Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir framkvæmdum vegna stækkunar verslunarinnar um 300 fermetra að hefjast. Ákveðið hafi verið að veita afslátt og njóta þannig aðstoðar viðskiptavina við að tæma búðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Enn eftirspurn eftir erlendu vinnuafli

Fleira fólk hefur komið hingað til lands til starfa en í fyrra. Sérfræðingur Vinnumálastofnunar segir að mikil eftirspurn sé enn eftir vinnuafli. Fjöldinn er á skjön við þróun í atvinnulífinu.

ATVINNUMÁL Fleiri skráningar fólks frá aðildarríkjum EES hafa borist Vinnumálastofnun nú en á sama tíma í fyrra. „Þetta sýnir okkur að enn er mikil eftirspurn eftir vinnuafli á hinum almenna vinnuarkaði,“ segir Baldur I. Aðalsteinsson, verkefnisstjóri hjá Vinnumálastofnun.

Baldur segir jafnframt að þessa fyrstu þrjá mánuði ársins hafi 130 ný tímabundin atvinnuleyfi verið gefin út og sé það nákvæmlega sami fjöldi og í fyrra. Hins vegar hafi helmingur tímabundnu leyfanna sem gefin voru í fyrra verið tengdur stóriðjuframkvæmdum en í ár hafi þau aðeins verið tvö.

„Helstu skýringuna myndi ég telja vera lítið atvinnuleysi en við búumst við að það aukist,“ segir hann.

Baldur telur jafnframt að skýringuna á fjölguninni megi rekja til aukins vinnustaðaefirlits Vinnumálastofnunar, sem kunni að leiða til þess að skráningar skili sér betur

en á sama tíma í fyrra. „Undanfarið höfum við til að mynda verið að heimsækja veitinga- og skemmtistaði á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við lögregluna til þess að athuga með skráningar og atvinnuleyfi starfsmanna,“ segir hann.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífisins, segist ekki kunna beinar skýringar á þessari þróun. „Okkar tilfinning hefur verið að störfum hér á landi sé að fækka og eftirspurn eftir vinnuafli að dragast saman miðað við það sem verið hefur,“ segir hann og telur þessa þróun því nokkuð á skjön við það sem hafi verið að gerast í atvinnulífinu að undanförunu. Störfum hafi þó fjölgað á síðasta ári um fjögur til fimm prósent og þar með hafi fleiri störf verið í boði á þessu ári en í fyrra. „Það getur vel verið að þessar tölur endurspegli þá fjölgun en þær held ég að segi ekki til um hvernig framhaldið verður út þetta ár,“ segir Vilhjálmur.

- kdk

Norsk rannsókn á lífshögum 1,5 milljóna manna:

Foreldrahlutverkið lengir lífið

NOREGUR Norsk rannsókn sýnir að þeir sem eiga börn lifa lengur. Niðurstöður rannsóknarinnar eru byggðar á gögnum frá 1,5 milljónum kvenna og karla á árunum 1980-2003. Niðurstöðurnar sýna að þeir sem eiga börn lifa lengur, hvort heldur það eru konur eða karlar.

Á fréttavef Politiken kemur fram að helmingur barnlausra kvenna eigi frekar á hættu að deyja þegar þær eru á aldrinum 45-68 ára en konur sem eiga tvö börn. Þriðjungur barnlausra karla eiga hins vegar frekar á hættu að deyja á þessum aldri en feður.

- ghs

Dómsmálaráðherra segir von á breyttum reglum um erlendar handtökuskipanir:

Meintur morðingi ætlar til lögreglu

LÖGREGLUMÁL Lögregla mun ekki geta handtekið meintan morðingja frá Póllandi þrátt fyrir að hann hyggist gefa sig fram við hana í dag, nema henni berist handtökuþeirni frá pólskum yfirvöldum. Slík beiðni hafði ekki borist í gærkvöldi.

Maðurinn er grunaður um aðild að hrottalegu morði í Póllandi. Hann fór til Íslands þegar hand-

tökuskipun á hann var gefin út í Póllandi og hefur starfað hér óáreittur síðan.

Í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra að verið sé að semja frumvarp um breytingar á framsalsreglum, í samræmi við samning um aðild Íslands að evrópskri handtökutöskulögreglu.

„Með aðildinni á að tryggja að

handtökuskipunum gefnum út í öðrum löndum verði unnt að framfylgja hér á landi með eins einföldum hætti og kostur er,“ skrifar Björn. Aðild Íslands að tilskipuninni þarf að fullgilda í ríkjum Evrópusambandsins og með lagasetningu hér.

Lögregla hefur upplýsingar um að maðurinn hafi einnig brotið af sér héraðs.

sjá síðu 2

TENGI

Sphinx

Mikið úrval af upphengdum salernum

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 tengi.is

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi Baldursnesi 6 • Akureyri

Kafbátur mánaðarins

SUBWAY

...snjall leikur í hádegini!

329 kr

17 Subway staðir um allt land

UMM

UMM er glænýr heilsuþéttur úr spennandi hráefni

SPURNING DAGSINS



Guðmundur, eru allir í fylu í Þorlákshöfn?

„Já, við erum fúl yfir því að geta ekki andað að okkur hreinu lofti í þessum fallega bæ. Þetta er alveg lýsandi dæmi um fylu.“

Guðmundur Oddgeirsson fer fyrir hópi íbúa í Þorlákshöfn sem mótmælir því að fiskihausþurrkunarkerfið Lýsis sé rekin þar í bæ með tilheyrandi lyktarmengun.



AF VETTvangi Kalla þurfti til starfsmenn Orkuveitunnar til að koma rafmagni á nokkur hús.

Ólvaður undir stýri í bænum:

Varðist árást og ók á húsvegg

LÖGREGLUMÁL Ólvaður maður ók jeppa sínum á veitingastaðinn Asíu við Laugaveg á fimmta tímanum í fyrrinótt. Áður hafði maðurinn ekið á annan bíl á Laugavegi. Farþegi í þeim bíl brást illa við, stökk úr bílnum og réðst að ölvuðum öikumanni jeppans.

Árásin fipaði manninn enn frekar við aksturinn og leiddi til þess að hann ók niður ljósastaur og hafnaði á húsvegg veitingastaðarins. Við það fór rafmagn af nokkrum húsum. Lögregla handtók mennina og yfirheyrði eftir að þeir höfðu sofið úr sér. - sh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Brennandi bíll á Hverfisgötu

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað til skömmu eftir miðnætti í fyrrkvöld vegna bíls sem stóð í ljósum logum við Hverfisgötu gegnt 10-11. Bifreiðin var mannlaus. Greiddlega gekk að slökkva eldinn en eldsupptök eru ókunn.

Lést í eldsvoða

Maðurinn sem lést í eldsvoðanum á Blönduósi í gærmorgun hét Björn Kristjánsson. Hann var 48 ára, fæddur hinn 31. mars árið 1960. Hann lætur eftir sig tvo uppkomna syni. Björn var til heimilis að Skúlabraut 45 á Blönduósi.

Karlmaður á fimmtugsaldri fannst látinn í húsi sem varð eldi að bráð:

Lést í bruna á Blönduósi

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri lést í eldsvoða á Blönduósi í gærmorgun. Upptök eldsins eru ókunn en ekki leikur grunur á sagnæmu athæfi.

Tilkynnt var um eldinn klukkan rúmlega sex. Þegar slökkvilið kom á staðinn var mikill reykur og eldur í íbúðinni, sem er í raðhúsi við Skúlabraut. Strax vaknaði grunur um að einhver væri inni í húsinu og voru reykkaðar sendir inn til að athuga það. Maðurinn fannst þá látinn.

Slökkvistarfi tók um tvo tíma og þurfti meðal annars að rjúfa þakið til að komast að eldinum. Íbúðin er stórskemmd. Næsta

íbúð í raðhúsalengjunni var í töluverðri hættu um tíma, að sögn lögreglunnar á Blönduósi, en slökkviliði tókst að forða því að eldurinn bærist milli íbúða.

Eldsupptök eru ókunn. Rannsóknarlögreglu maður frá Akureyri fór til Blönduóss í gær til að rannsaka málið. Ekki er talið að um sagnæmt athæfi hafi verið að ræða.

Þetta er annað dauðsfallið sem verður á þessu ári af völdum eldsvoða. Í janúar lést maður í bruna í Tunguseli í Reykjavík eftir að hafa bjargað konu og tveimur börnum úr brennandi húsinu. - sh



SLÖKKVISTARF Slökkvistarfið tók um tvo tíma. Eldsupptök eru ókunn, en ekki leikur grunur á sagnæmu athæfi.

MYND / STÖÐ 2

Tveir hnífamenn handteknir:

Brá hnífi um háls manns

LÖGREGLUMÁL Maður um tvítugt brá hnífi um háls annars manns og hótaði honum lífláti þar sem þeir biðu báðir eftir leigubíl í röð í Lækjargötu í gærmorgun. Lögregla handtók manninn sem var í annarlegu ástandi. Hinn manninn sakaði ekki.

Þá handtók lögregla einnig sextán ára pilt sem hótað hafði móður sinni með hnífi á heimili þeirra í vesturbæ Reykjavíkur. Pilturinn var ólvaður og flúði út um glugga þegar lögreglu bar að en lögregluþjónn hljóp hann uppi. Móðirin var með skurð á handlegg sem talið er að sonurinn hafi veitt henni. - sh

Geta ekki handtekið meintan morðingja

Lögreglan mun ekki geta handtekið meintan morðingja frá Póllandi sem hyggst gefa sig fram við hana í dag. Til þess þarf handtökubeiðni frá Póllandi, sem er þó búist við fyrr en síðar. Lögregla hefur heyrt af glæpum mannsins hérlendis.

LÖGREGLUMÁL Pólskur maður sem er eftirlýstur fyrir aðild að hrottaglegu morði í Póllandi hyggst gefa sig fram við hérlend lögregluþjónn í dag. Hann er hins vegar ekki eftirlýstur á Íslandi og því mun lögreglan ekkert geta aðhafst vegna málsins að svo stöddu.

Maðurinn kom hingað frá Póllandi þegar handtökuskipun var gefin út á hann í kjölfar morðsins á síðasta ári. Hér hefur hann stundað byggingarvinnu.

Þegar íslensk lögregluþjónn fengu veður af því að maðurinn væri staddur hér á landi tilkynntu þau Interpol-skrifstofunni í Varsjá, höfuðborg Póllands, um það. Síðan hefur lögreglan haft lauslegar gætur á manningnum og beðið eftir alþjóðlegri handtökubeiðni.

Samkvæmt upplýsingum frá alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra er von á slíkri handtökubeiðni fyrr en seinna. Það eru saksóknarar í Póllandi sem taka ákvörðun um hvort hún verður gefin út og telja hérlend lögregluþjónn það næsta víst miðað við alvarleika brotsins.

Í samtali við fréttastofu útvarps sagðist ræðismaður Póllands á Íslandi hafa rætt við manninn, sem hefði séð frétt um sig í Fréttablaðinu og ákveðið í kjölfarið að gefa sig fram við lögreglu í dag. Maðurinn er hins vegar ekki eftirlýstur hér á landi þannig að lögregla mun ekki geta handtekið hann, að sögn Sigurbjörns Víðis Eggertssonar, yfir-lögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. „Það eina sem er hægt að gera að svo stöddu



LÖGREGLUSTÖÐIN VIÐ HVERFISGÖTU Maðurinn kvað hafa sagt ræðismaðni Póllands á Íslandi að hann hygðist gefa sig fram við lögreglu í dag. Lögreglan biður hins vegar eftir handtökubeiðni að utan til að geta aðhafst í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SIGURBJÖRN VÍÐIR EGGERTSSON

bláðsinn Gazeta Pomorska og Fréttablaðið greindi frá á laugar-dag, að maðurinn sé grunaður um að hafa kúgað samlanda sína með ofbeldi og hótunum og innheimt

er að benda honum á að fara til síns heimalands, þar sem hann er eftirlýstur,“ segir Sigurbjörn.

Sigurbjörn staðfestir jafnframt það sem fram kemur í úttekki pólska

af þeim verndartoll. Lögreglan hefur upplýsingar um að hann hafi gerst sekur um það oftar en einu sinni, en þó hefur engin kæra borist frá fórnarlömbum.

„Það er nú bara þannig að fólk- ið vill af einhverjum ástæðum ekki kæra þá aðila sem eru að valda þeim ónáði og kannski ofbeldi, af hvaða ástæðum sem það kann að vera,“ segir Sigurbjörn.

Lögreglan telur þó ekki að maðurinn sé í slagföngum sökudólg- unum úr árásinni í Keilufelli fyrir þremur vikum. Þar er einnig talið að árásmennirnir hafi verið að innheimta verndartoll.



ÚR LEIFSTÖÐ Öryggisverðir þar mótmæla uppstokkun.

Öryggisverðir í Leifsstöð:

Mótmæla uppstokkun

LÖGREGLUMÁL Öryggisverðir í Flugsstöð Leifs Eiríkssonar afhentu Kristjáni L. Möller samgönguráðherra mótmæli gegn uppstokkun löggæsluembættisins í Reykjanesbæ í gær. Alls 72 af 80 starfsmönnum skrifuðu undir mótmælin.

Björn Bjarnason dómismálaráð- herra hefur tilkynnt að embættinu verði skipt upp og öryggis- varslan færð undir samgönguráðuneytið.

Daníel Eyjólfsson öryggisvör- ur segir að mikil samstaða sé gegn breytingunum. „Við viljum halda áfram í þessu umhverfi, enda algjör óvissa um hvað biður okkar samkvæmt tillögnum.“

- kóp

Bústaður brann til kaldra kola:

Tvennt slapp úr bústaðarbruna

LÖGREGLUMÁL Tvennt slapp óhult þegar sumarbústaður í Miðfells- landi á Þingvöllum brann til kaldra kola í fyrrinótt. Tilkynnt var um brunann um klukkan þrjú aðfaranótt sunnudags.

Tveir voru í bústaðnum þegar eldurinn kom upp en þeim tókst að forða sér út. Þau fengu inni í öðrum bústað þar sem þau biðu lögreglu og slökkviliðs. Slökkvi- starfi lauk um klukkan sex og hafði þá allt brunnið sem brunnið gat. Upptök eldsins eru ókunn en tæknideild lögreglunnar er með málið til rannsóknar. - sh

Verjandi Birgis segir hann verða sendan til Íslands:

Mun sitja í íslensku fangelsi

DÓMSMÁL Birgir Páll Marteinsson mun sitja dóminn af sér í íslensku fangelsi. Þetta segir Olavur Jákup Kristoffersen, verjandi hans. Færeysk yfirvöld muni fara fram á það, en í dómsorði er honum vísað úr landi og settur í endurkomubann. Verði áfrýjað telur Olavur Birgi munu sitja í íslensku fangelsi þar til málið verður tekið upp í Danmörku, líklega eftir hálf ár.

Samkvæmt færeyskum venjum er mönnum sleppt eftir að hafa setið tvo þriðju hluta refsingarinnar af sér. Í tilfalli Birgis eru það ríflega fjögur og hálf ár og af því dregst hálf árs vist hans í færeysku fangelsi. Olavur segist munu hitta Birgi í dag og taka ákvörðun um áfrýjun. Þá segir hann ekki ólíklegt að sak-

sóknari áfrýi. „Hún fór fram á tíu ára fangelsi og lýsti því yfir í réttarsal að ef dómurinn yrði ekki í námunda við það yrði áfrýjað. Það er því nokkuð líklegt að saksóknari áfrýi.“ Báðir aðilar hafa tvær vikur til áfrýjunar.

Olavur segir að sér finnist dómurinn nokkuð strangur. „Ég fór fram á fjögurra ára fangelsi og hefði ekki orðið fyrir vonbrigðum með fjögurra til fimm ára fangelsisdóm, en mér finnst sjö ár fullmikið. En hér í Færeyjum eignum við að venjast mun lengri dómum í fíkniefnamálum en þið biðið við á Íslandi.“ - kóp

Í RÉTTARSAL Olavur Jákup Kristoffersen verjandi í réttarsal. Fór fram á fjögurra ára fangelsi.

TEIKNING: JANUS GUTTESSEN



Gott á mánudegi

Úr Fiskborði Nóatúns

598 kr. kg.

Fiskibollar Þú sparar 400 kr.

NÓATÚN

www.noatun.is

LETTIR ÞÉR LÍFIÐ



Viltu eiga einn af þessum farsímum?

Þú borgar 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fyrir farsímamann
og honum fylgir 2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði
– Þú ert í rauninni ekki að borga neitt fyrir farsímamann!

NOKIA
6120



Útborgun **0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði fylgir!

Sony Ericsson
K660i



Útborgun **0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði fylgir!

SAMSUNG
L760



Útborgun **0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði fylgir!

2000 kr.
notkun á mánuði
í 12 mánuði
fylgir öllum síma-
tilboðum hjá Nova!

Þú getur flutt símanúmerið þitt með þér til Nova!
Tilboðin gilda bæði í áskrift og frelsi.

NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Nova | Verslanir Lág múla, Smáralind og Kringlunni | Þjónustuver 519 1919

www.nova.is

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	72,91 73,25
Sterlingspund	143,87 144,57
Evra	115,32 115,96
Dönsk króna	15,458 15,548
Norsk króna	14,518 14,604
Sænsk króna	12,268 12,34
Japanskt jen	0,7183 0,7225

SDR	119,52	120,24
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
148,096
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forgangur strætisvagna aukinn í umferðinni:

Strætóakrein lengd um helming

SAMGÖNGUR Forgangsakrein strætisvagna við Miklubraut verður tvöfölduð að lengd í sumar. Nú nær hún frá gatnamótunum við Lönguhlíð rétt austur fyrir Kringlumýrarbraut. Eftir framkvæmdir mun hún ná austur að brúnni yfir Miklubraut þar sem Réttarholtsvegur og Skeiðarvogur mætast.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs, segir að framkvæmdin sé hluti af umhverfisáætluninni Grænu skrefin, en hún var sett fram fljótlega eftir síðustu kosningar af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. „Við lofuðum að auka forgang

strætó í umferðinni og þetta er hluti af því“, segir Gísli Marteinn. „Forgangsakreinin hefur gefið mjög góða raun og almenn ánægja er með hana. Með þessu erum við auðvitað að efla almenningssamgöngur enn frekar. Mjög stór hluti vagna ekur þessa leið og við viljum tryggja það að farþegar komist hratt og örugglega á milli staða þrátt fyrir að önnur umferð hægi á sér á álagstímum.“

Akreinin sem um ræðir er einöngu ætluð almenningssamgöngum; strætisvögnum og leigubílum. Gísli Marteinn segir lítil brögð hafa verið að því að almennir bílstjórar nýti sér akreininna. - kóp



HORFT AUSTUR MIKLUBRAUT Hér, frá gatnamótum við Háaleitisbraut, sést vel hvar akreinin mun liggja. Hún mun ná að brúnni við Skeiðarvog.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óeirðir á Haítí:

SP-gæsluliði myrtur af múg

HAÍTÍ, AP Lögregluáður úr friðargæsluliði Sameinuðu þjóðanna á Haítí var í gær dreginn út úr merktum bíl sínum í miðri höfuðborginni Port-au-Prince og skotinn til bana af reiðum múg.

Yfirvöld hafa ekki náð neinum tókum á óeirðum vegna hækkunar matarverðs sem staðið hafa síðustu daga. Þing landsins reyndi á laugardag að slá á óánægjuna með því að reka forsætisráðherrann og tilkynna um áætlun sem á að lækka verð á hrisgrjónum um 15 prósent. Flestir Haítíbúar hafa sem svarar um 150 krónum í laun á dag. - aa

Kennarasambandið:

Eiríkur hættir eftir þrjú ár

FÉLAGSMÁL Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins, ætlað að hætta í formennsku sambandsins eftir þetta kjörtímabil sem nú er að hefjast en hann var endurkjörinn á þingi Kennarasambandsins í síðustu viku. Kjörtímabilinu lýkur eftir þrjú ár.



EIRÍKUR JÓNSSON

Eiríkur segist hafa lýst þessu svo snemma yfir til að kennarar geti farið að velta fyrir sér framboði. Á þinginu sagði hann að nýr formaður þyrfti að slíta sig frá því aðildarfélagi sem hann ætti rætur í til að geta þjónað öllum félagsmönnum.


Eiríkur hefur verið í forystu kennara frá 1984, sinnt formennsku frá 1994. - ghs

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn:

Lífi hundruða þúsunda ógnað

WASHINGTON, AP Robert Zoellick, forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins IMF, sagði á ársfundum hans í gær að sú þróun sem leitt hefur til hækkandi heimsmarkaðsverðs á matvællum og orku stefndi lífi hundruða þúsunda manna í fátækustu löndum heims í hættu.

Zoellick benti á að í fátækustu löndunum eyddi fólk þremur fjórðu þess fjár sem það aflaði í mat og því kæmi minnsta hækkun á verði á brýnustu lífsnáðsynjum harkalegast niðri á því. Til að bregðast við ástandinu yrði alþjóðasamfélagið að koma matvællum að andvirði minnst 500 milljarða Bandaríkjadala, yfir 37 milljarða íslenskra króna, þangað sem skorturinn er mestur. - aa



BÆKLUNARADGERÐIR AFTUR INN Á SPÍTALA Margar bæklunaraðgerðir hafa um árabíl verið framkvæmdar af sjálfstætt starfandi læknum á einkareknum stofum. Samningar milli Tryggingastofnunar og bæklunarlækna hafa hins vegar ekki náðst og eru þeir utan samnings. Meðal viðbragða við þeirri þróun er að byggja upp bæklunardeildina á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Styrkja á bæklunardeild innan sjúkrahúss

Stefnt er að því að heilbrigðisráðuneytið undirriti samning við Sjúkrahúsið á Akureyri. Samningurinn gerir ráð fyrir uppbyggingu bæklunardeildarinnar þar en ekki hafa náðst samningar við sjálfstætt starfandi bæklunarlækna.

HEILBRIGÐISMÁL Samninganefnd heilbrigðisráðherra stefnir að því að ganga frá samningum við Sjúkrahúsið á Akureyri í byrjun næstu viku sem miða að því að efla bæklunardeild sjúkrahússins til mikilla muna. Eru þetta meðal annars viðbrögð við því að ekki hafa tekist samningar milli sjálfstætt starfandi bæklunarlækna og Tryggingastofnunar eftir að samningar þar á milli runnu út um mánaðamót.

Steingrímur Ari Arason, formaður samninganefndar heilbrigðisráðuneytis, segir samninginn tvíþættan. „Annars vegar snýr þetta að gerviliðaaðgerðum sem kalla á innlögn sjúklinga og hafa því ekki verið gerðar af sjálfstætt starfandi læknum. Hins vegar snúa samningarnir að krossbandsaðgerðum sem

um árabíl hafa verið gerðar af einkaaðilum utan sjúkrahúsa“, segir Steingrímur. Hann útskýrir að vegna viðvarandi biðlista í gerviliðaaðgerðir hafi þurft að byggja upp þá þjónustu og nú sé ljóst að það verði gert á Akureyri. Viðbótarfjármagni verði veitt til bæklunardeildarinnar þar til að standa straum að uppbyggingu sem aukinn fjöldi gerviliðaaðgerða og krossbandsaðgerða kalli á.

„Ef ekki nást samningar fyrr en síðar við sjálfstætt starfandi bæklunarlækna verður svo að efla þjónustuna inn á bæklunardeild Sjúkrahússins á Akureyri enn frekar, þannig að göngudeildin þar verði sambærileg því sem gerist hjá sjálfstætt starfandi læknum“, segir Steingrímur.

Bent hefur verið á að það geti komið sér illa fyrir læknanema Landspítala – háskólasjúkrahúss að aðgerðir sem þeir eigi að ná tókum á hafi algerlega flust til einkaaðila líkt og verið hefur með krossbandsaðgerðir. Steingrímur bendir þó á að nýju samningarnir verði þó til þess að auðvelda aðgang lækna nema að þessari þekkingu. „Sjúkrahúsið á Akureyri er með samning um þjónustu við læknaeildina þannig að það er jákvætt fyrir þá að þetta flytjist aftur inn á sjúkrahúsin í einhverjum mæli. Menn eru allavega mjög meðvitaðir um að það þarf að tryggja aðgang nemanna að sérhæfðum aðgerðum hvort sem þær fara fram hjá sjálfstætt starfandi aðilum eða ekki“, segir hann. karen@frettabladid.is



SÖGULEGUR FUNDUR Vincent Siew og Hu Jintao brosa í myndavélarnar á fundi sínum á Hainan á laugardag MYND/AP

Samskipti Kína og Taívan:

Fundur vekur vonir um þíðu

KÍNA, AP Langþráð teikn voru uppi um það um helgina að þíða kunni að vera að komast á í samskiptunum yfir Taívansund. Hu Jintao Kínaforseti settist á laugardag niður í tuttugu mínútur til spjalls við Vincent Siew, verðandi varaforseta Taívans. Þetta gerðist á viðskiptaráðstefnu sem þeir sóttu báðir á suður-kínversku orlofsdvalareynni Hainan.

Þótt fundurinn hafi verið stuttur var hann sögulega mikilvægur, ekki síst með tilliti til þess hve táknrænir atburðir hafa mikla þýðingu í kínverskri stjórnmálahefð. Siew er hæstsetti fulltrúi Taívanbúa sem hitt hefur kínverska þjóðhöfðingjann frá því Taívan klofnaði frá Kína í borgarastríðinu árið 1949. - aa

DANMÖRK

Hjúkrunarfólk í verkfall

Um 40.000 danskir hjúkrunarfræðingar hefja verkfall á miðvikudaginn. Sáttumleitanir hafa ekki borið neinn árangur og er þeim lokið. Hjúkrunarfræðingarnir vilja fimmtán prósent launahækkun næstu þrjú árin.

KENÍA

Keppinautar skipta völdum

Mwai Kibaki, forseti Kenía, skipaði í gær stjórnarandstöðuleiðtogann Raila Odinga forsætisráðherra í samræmi við samkomulag sem þeir gerðu fyrir hálfum öðrum mánuði.

capacent

FJÁRFESTING, FJÁRMÖGNUN OG FJÁRMÁL FYRIRTÆKJA
Hefst 15. apríl

MARKMIÐASETNING OG ÁRANGURSMAT VIÐ FJÁRMÁLSTJÓRNUN
Verður 29. og 30. apríl

FRAMKOMA OG TJÁNING
Verður 3. og 5. júní

Skráning og nánari upplýsingar hjá Capacent, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

SNJÓKOMA
Núna með morgninum verður hvasst með ströndum suðaustan og austan til. Þessum vindi fylgir snjókoma á þessum slóðum en strax uppúr hádegi dregur úr úrkomunni og þá fer að léttja þar til. Annars staðar á landinu eru horfur á hægum vindi í sólríku veðri.

Á MORGUN 5-10 m/s

MÍÐVIKUDAGUR 8-15 m/s sunnan til og vestan, annars hægar

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	10°
Billund	11°
Ósló	7°
Stokkhólmur	8°
Gautaborg	9°
London	12°
Paris	11°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	11°
Berlín	11°
Alicante	22°
Mallorca	18°
Basel	9°
Eindhoven	13°
Las Palmas	25°
New York	13°
Orlando	21°
San Francisco	13°

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Sparakstur með Volkswagen

Minnkaðu eyðsluna um allt að 15%

Reynslan sýnir að með breyttu aksturslagi getur þú minnkað eldsneytiseyðsluna um allt að 15%.

Volkswagen hefur ávallt hjálpað fólki að fara betur með eldsneytið með framsækinni tækniþróun.

Nú stígum við skrefinu lengra og bjóðum Íslendingum upp á skemmtilegt námskeið í sparakstri í samvinnu við Ökukennarafélag Íslands. Það munar um minna.



Foto/SIA

Námskeiðin eru haldin í sal
Volkswagen í húsakynnum
HEKLU við Laugaveg.

Lau. 19. apríl, kl. 10
Sun. 27. apríl, kl. 10
Lau. 3. maí, kl. 10
Lau. 10. maí, kl. 10

Námskeið í sparakstri í boði Volkswagen og HEKLU

Námskeiðin eru tveggja tíma löng þar sem blandað er saman fræðslu og verklegri kennslu með ökukennara. Takmarkað sætaframboð. Skráðu þig strax í dag á www.volkswagen.is. Aðgangur er ókeypis.



Das Auto.

KJÖRKASSINN



Finnst þér dómurinn yfir Íslendingnum í Færeyjum of þungur?

Já 41,8%
Nei 58,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að taka upp skólagjöld í opinberum háskólum?

Segðu skoðun þína á visir.is



Þingmenn stjórnarflokkanna ósáttir við evrutillögur Samtaka atvinnulífsins:

Uppreisn gegn Seðlabankanum

EFNAHAGSMÁL Tillögur Samtaka atvinnulífsins (SA) um að íslensk fyrirtæki taki upp evru geta dregið úr tiltrú á íslensku krónuna. Þetta segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Mörður Árnason, varaþingmaður Samfylkingarinnar, telur SA í uppreisn gegn Seðlabankanum og ríkisstjórnin hljóti að vera hugsy yfir því.

Mörður segir að nái tillögurnar fram að ganga geti skapað misrétti hér á landi. „Menn eins og Árni Páll Árnason og Gylfi Arnbjörnsson hafa bent á að óformleg upptaka evru geti skapað mikla óreiðu í hagkerfinu og jafn-



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR



MÖRÐUR ÁRNASON

vel komið upp samfélagi misréttis. Þá yrðu hér annars vegar þeir sem lifa í evruhagkerfinu, eignamenn og stórfyrirtæki, og hins

vegar smærri fyrirtæki og allur almenningur. Svona samfélag sjáum við til dæmis á Kúbu í dag,” segir Mörður.

Ragnheiður segir mikilvægt að standa vörð um krónuna og það sé ábyrgðarhluti að tala hana ekki niður. Tillögur SA dragi úr trúverðuleika hennar.

„Ég er ekki spennt fyrir einhliða upptöku evru og tek þar undir með viðskiptaraði. Hins vegar er rétt að kanna alla möguleika á óstöðugleikatímabili. Við verðum hins vegar að standa vörð um krónuna, því við skiptum ekki út gjaldmiðli í einu vetfangi.“

- kóp

Mótmælt með málningu:

„Morðingjar“ á sendiráði Kína

LÖGREGLUMÁL Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu barst tilkynning um það í gærmorgun að búíð væri að skrifa enska orðið „murderers“, eða morðingjar, með rauðri údamálningu á sendiráð Kínverja við Víðimel.

Starfsmenn sendiráðsins brugðust skjótt við og létu mála yfir óhróðurinn um leið og lögregla hafði skoðað hann.

Ekki er vitað hverjir voru að verki en lögregla skoðaði myndir úr öryggismyndavélum ásamt sendiráðsstarfsmönnum í gær. Nokkuð hefur verið um mótmæli við sendiráðið undanfarið vegna ástandsins í Tíbet.

- sh

BS og diplóma nám í viðskiptafræði samhliða starfi

Næsta haust fer Háskóli Íslands af stað með BS og diplóma nám í viðskiptafræði. Kynning á náminu fer fram miðvikudaginn 16. apríl kl. 17:00 í hringstofu á Háskólatorgi.

Allir velkomnir!

Umsóknarfrestur er til 5. júní.

VIÐSKIPTAFRÆÐIÐ
HÁSKÓLA ÍSLANDS

vidskipti.hi.is



FLUGTAK Nýrri Varnarmálastofnun verður meðal annars ætlað að sinna verkefnum sem bandaríski herinn annaðist áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spáir að milljarðar fari í varnarmálin

Formaður VG spáir að árlegur kostnaður vegna Varnarmálastofnunar muni senn nema allt að fimm milljörðum króna. Henni er ætlaður einn og hálfur milljarður á þessu ári. Hann kallar frumvarp um stofnunina hervæðingu.

ALÞINGI Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, lýsti megnri andstöðu við frumvarp utanríkisráðherra til varnarmálagá í annarri umræðu málsins á Alþingi.

Hann sagði það lagasetningu um hernaðarumsvif, kvaðst óttast að útgjöld til nýrrar Varnarmálastofnunar myndu aukast mjög frá því sem nú er ákveðið og spurði hverju ætti að verjast.

Önnur umræða um frumvarpið fór fram í þinginu á þriðjudagskvöld og mælti Bjarni Benediktsson, formaður utanríksmálanefndar, fyrir nokkrum breytingartillögum, flestum laga-tæknilegum. Þó er lagt til að lögini taki gildi 31. maí en í frumvarpinu var miðað við 1. apríl. Jafnframt að embætti forstjóra Varnarmálastofnunar verði ekki auglýst fyrir en lögini hafa verið samþykkt en



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Sigfússon gerði kostnaðinn að umtalfsemi og kvaðst undrast að sjálfstæðismenn vildu þenja ríkisbáknið út. „Báknið burt, var einhvern tímann sagt. Hvað er að gerast hér? Er báknið að fara burt? Nei, hér er sko verið að búa til nýtt báknið upp á milljarða króna,” sagði Steingrímur og spáði því að kostnaðurinn myndi fara upp í 3,5 til 5 milljarða króna, áður en við lítum við“, sumsé tvö til

þrjú prósent af þjóðartekjum.

Steingrímur sagði lagasetninguna hervæðingu; endanlega Natóvæðingu íslenskra utanríkis- og öryggismála, og velti fyrir sér í hverju öryggishagsmunir þjóðarinnar væru fölgir. „Hver á að ráðast á okkur? Er hægt að fá það uppgefið? Eru það Rússarnir sem forsætisráðherra var að skamma í framhjálaupi í Búkaress? Sem eiga fyrir bensíni á vélarnar í tvær þrjár ferðir á ári.“

Hann sagði viturlagra að verja peningunum til almennrar löggæslu sem væri að drabbast svo niður að til skammar væri. Einnig mætti búa betur að björgunarsveitunum. „Ætli það sé ekki þannig að hún Katla gamla sé meiri ógn við öryggi okkar en þessar bábiljur,” sagði Steingrímur J. Sigfússon.

bjorn@frettabladid.is

HEILBRIGÐ NÝSKÖPUN
Hópur nemenda í heilbrigðisverkfræði við Háskólann í Reykjavík hlaut nýsköpunarverðlaun forseta Íslands árið 2008.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

STIGAR OG HANDRIÐ ÚR GLERI OG STÁLI



ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700

Lögreglan í Svíþjóð hefur upplýst hvarf tíu ára gamallar stúlku fyrir rúmri viku:

Vörubílstjóri játar tvö morð

SVÍÞJÓÐ Vörubílstjóri sem grunaður var um hvarf Englu Juncosa-Höglund, tíu ára stúlku í byrjun apríl, hefur nú játað að hafa myrt hana og vísað lögreglunni á líkið sem hann hafði grafið. Hann hefur einnig játað morð á ungri konu árið 2000 en það morð hafði verið óupplýst þar til nú.

Engla hvarf fyrir rúmri viku. Hún var á heimleið á hjólinu sínu eftir fótboltaleik þegar hún hætti að svara í símann sinn. Svo vel vildi til að ókunnum maður var nýbúinn að fá sér myndavél og var að prófa hana. Hann tók mynd af Englu á hjólinu rétt áður en hún hvarf. Á einni af myndunum sást rauður Saab-fólksbíll. Vörubílstjórinn átti þann bíl og þannig bárust böndin að honum.

Hundruð manna hafa leitað að Englu undanfarna viku en án árangurs.

Sænska lögreglan handtók fljótlega vörubílstjórann. Yfirheyrslur yfir honum skiluðu ekki neinum árangri fyrir en í gær að hann játaði að hafa myrt Englu og sýndi lögreglunni hvar hann hafði grafið líkið, að sögn vefútgáfu Aftonbladet.

Vörubílstjórinn er þekktur ofbeldismaður með fimm dóma á bakinu fyrir gróft ofbeldi á ungum konum og stúlkum, einnig kynferðislegt ofbeldi. Í



HEFUR FUNDIÐ LÍKIÐ Sænska lögreglan hefur upplýst morðið á Englu, tíu ára gamalli stúlku sem hvarf fyrir viku. Engla var myrt og hefur lögreglan nú fundið líkið.

sænskum fjölmiðlum kemur fram að hann hafi átt í félagslegum erfiðleikum, sérstaklega gagnvart konum. Hann var klámfíkill og reyndi að ná sambandi við ungar stúlkur á spjallsíðum á netinu. Hann þóttist þá vera tólf ára með áhuga á vörubílum.

- ghs

Við ætlum að fjölga fólki



Rúmlega 400 starfsmenn Alcoa Fjarðaáls fagna nú þeim áfanga að búið er að gangsetja síðasta rafgreiningarkerið í öflugustu álframleiðslulínu heims. Við viljum nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg við að koma álverinu í Reyðarfirði á laggirnar. Um leið og við kveðjum erlenda sérfræðinga sem hafa aðstoðað okkur við gangsetninguna, ætlum við að fjölga starfsmönnum Fjarðaáls til þess að mæta auknum verkefnum og skapa svigrúm fyrir meiri þjálfun, fræðslu og starfsþróun.

Framtíðarstörf í framleiðslu

Við ætlum að ráða fleiri starfsmenn á vaktir í framleiðslu. Fjarðaál framleiðir verðmætar afurðir úr áli og álblöndum, þar á meðal álvíra í háspennustrengi. Ekki er gerð krafa um ákveðna menntun eða reynslu umsækjenda. Í fjölbreyttum hópi framleiðslustarfs-

manna eru konur og karlar á öllum aldri. Mikið er lagt upp úr þjálfun og starfsþróun. Launin eru góð og Fjarðaál veitir starfsmönnum margvíslega þjónustu, svo sem heilsuvernd, fritt fæði og akstur til og frá vinnu.



AUSTURLAND
TÆKIFÆRANNA

Kynntu þér kosti þess að búa og starfa
á Austurlandi: www.austurat.is

capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

VEISTU SVARID?



1 Grunur leikur á að bílegendur kaupi steinolíu á bíla sína. Af hverju er það slæmt?

2 Kúabændur rækta óvenju-stóra ketti í Varmahlíð. Hvað heitir kynið?

3 Hver efast um ágæti auðmanna?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Fyrirverandi ferjumaður í Viðey biður um grundvöll fyrir verkefnalausar ferjur:

Vill fá einkarétt á Engeyjarsiglingum

SAMGÖNGUR Eysteinn Yngvason, sem rak Viðeyjarferjuna í fjórtán ár þar til í fyrra, vill einkaleyfi á farþegasiglingum út í Engey.

Í bréfi til borgarráðs rekur Eysteinn erfiða stöðu sína eftir að hann varð undir í útboði á einkaleyfi til Viðeyjarsiglinga og þurfti að hætta rekstri tveggja ferja sinna með aðeins þrjátíu daga fyrirvara. Öll fjórtán árin sem hann hafi haldið uppi siglingum út í Viðey hafi verið viðvarandi óryggi í rekstrinum vegna þess að samningur hans við borgina hafi iðulega aðeins verið framlengdur í eitt eða tvö ár. „Nú er svo komið að ég sit uppi með Viðeyjarferjurnar verkefna-



VIÐEYJARFERJAN Farþegaferjur Eysteins Yngvasonar eru í biðstöðu eftir hann varð undir í útboði á Viðeyjarsiglingum í fyrra.

lausar,“ skrifar Eysteinn borgarráði og bætir við að rétt áður en samningurinn rann út hafi hann

keypt „ferðamannalest“ sem gestir í Viðey hafi kunnað vel að meta. Þessa lest vill hann að borgin kaupi af sér.

„Þá óska ég einnig eftir að fá einkaleyfi til farþegaflutninga til og frá Engey til ársins 2015,“ skrifar Eysteinn, sem vill koma upp fær-anlegri bryggju í eyinni og bjóða þangað reglulegar ferðir með leiðsögn um eyna. „Ég hef langa reynslu af siglingum með ferðamenn út í Engey og er með þessu að finna ferjunum ný verkefni.“

Borgarráð vísaði erindi Eysteins til umsagnar hjá menningar- og ferðaráði. -gar

Lokuð á búgarði allt sitt líf:

Sértrúarbörn í endurhæfingu

TEXAS, AP Barnaverndaryfirvöld í Texas hafa kallað til fjölda sál- og atferlisfræðinga sem hjálpa eiga rúmlega 400 börnum að laga sig að samfélaginu eftir að hafa verið bjargað af búgarði sértrúarsöfnuðar fyrir viku.

Börnin hafa fæst stigið fæti út fyrir búgarðinn, enda voru þau alin upp við það að veröldin utan hans væri siðspilt og þau áynnu sér vísitvist ef þau yfirlæfa hann. Þeim verður líklega komið fyrir hjá fósturfjölskyldum. Í söfnuðinum tókast að gifta barnangur stúlkur fullorðnum karlmönnum. Höfuðpaur hans situr í fangelsi fyrir nauðgun. -sh

Aðalfundur Straums

Aðalfundur Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf. verður haldinn á morgun, **15. apríl 2008**, kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, sal A+B.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.
- Ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðanda bankans lagður fram til staðfestingar.
- Ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir næsta starfsár og til endurskoðanda fyrir liðið starfsár.
- Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
- Stjórnarkjör.
- Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
- Tillögur um að eftirfarandi breytingar verði gerðar á samþykktum félagsins:
 - að 2. másl. 3. gr. verði breytt þannig að í stað orðsins „fjárfestingabönkum“ komi orðið „bönkum“,
 - að ný grein 15. a bætist við, svohljóðandi: „Hver hluthafi á rétt á að taka til máls á hluthafafundi. Hafi stjórn ákveðið að hluthafafundur skuli haldinn að hluta til rafrænt skulu hluthafar sem þannig taka þátt í fundi leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl o.fl. tengt fundinum eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn.“,
 - að á eftir 2. mgr. 18. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi: „Félagsstjórn getur ákveðið að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt, þ.m.t. greitt atkvæði, án þess að vera á staðnum. Skylt er þó að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá hluthafafunda, bréflaga eða rafrænt.“
 - að orðið „virkum“ í 3. másl. 1. mgr. 19. gr. verði fellt út.
- Tillaga um endurnýjaða heimild félagsins til að kaupa eigin hluti.
- Önnur mál.

Dagskrá aðalfundarins, fundargögn, þ.m.t. ársreikningur bankans og endanlegar tillögur, liggja fyrir á skrifstofu bankans að Borgartúni 25, 6. hæð, til athugunar fyrir hluthafa.

Það er skilyrði þess að hluthafar geti beitt réttindum sínum á fundinum að nafn þeirra hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins á aðalfundardegi eða þeir færi með öðrum hætti fullnægjandi sönnur á hlutafjareign sína.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 14:00 á aðalfundardegi. Hluthafar geta greitt atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins rafrænt. Hluthafar sem hyggjast

þannig greiða atkvæði þurfa að hafa aðgang að interneti í gegnum ADSL eða sambærilega tengingu.

Nauðsynlegt er að tilkynna um rafræna þátttöku eigi síðar en kl. 16:00 í dag, mánudaginn 14. apríl 2008. Nánari upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í fundinum og tilkynningu vegna hennar má nálgast á heimasíðu félagsins, www.straumur.net

Fundurinn fer fram á ensku.

Stjórn Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf.

Borgartún 25 » 105 Reykjavík » Ísland » Sími: 585 6600 » Fax: 585 6601



PÓSTHÚSSTRÆTISREITUR Húsin á horni Lækjargötu og Austurstrætis brunnu í fyrra. Bakgarðar verða ein heild samkvæmt skipulaginu.

Nýjar tillögur að skipulagi í miðbæ Reykjavíkur:

Nýja bíó endurreist

SKIPULAGSMÁL Deiliskipulagstil-laga að svokölluðum Pósthússtrætisreit hefur verið sett í auglýsingu, sem og að Vegamótastíg 7-9. Skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þetta á miðvikudag.

Helstu breytingar á Pósthússtrætisreit, sem afmarkast af Pósthússtræti, Skólaláru, Lækjargötu og Austurstræti, verða í bak-görðum húsanna. Þeir verða skipulagðir sem ein heild með gönguleið í gegnum miðjan reitinn.

Reynt verður að sýna bygging-ararfinum sóma, en laga húsin að nútímaþörfum eins og hægt er. Gömlu húsin verða færð til eldra horfs eða lagfærð. Þá verður Nýja bíó endurreist á svipuðum stað og það stóð áður.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir að Landfógetagardurinn verði endurvakin og gerður aðgengi-legur fyrir almenning, en hann er einn elsti garður landsins.

Á þaki byggingar við Vegamótastíg 7-9 verður endurreistur lítill steinbær, Herðisarbær, sem áður stóð á Vegamótastíg 7, en var rif-inn á sjöunda áratug síðustu aldar. Þá verður gamla timburhúsið sem



VEGAMÓTASTÍGUR 7-9 Á þaki hússins verða tvö eldri hús.

stendur á Vegamótastíg 9 einnig flutt upp á þak.

Teiknistofurnar Argos, Gullin-snið og Studio Grandi unnu tillög-ur að Pósthússtrætisreitnum og Studio Grandi að Vegamótastíg.

- kóp

Háskólinn á Akureyri



Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri



UMSÓKNARFRESTUR UM EFTIRFARANDI NÁM ER TIL 15. APRÍL*

- DIPLÓMU- OG MEISTARANÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM
- DIPLÓMU- OG MEISTARANÁM Í MENNTUNARFRÆÐUM
- KENNSLUFRÆÐI TIL KENNSLURÉTTINDA
- MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐUM

Nánari upplýsingar eru á www.unak.is og í síma 460 8000.

*Seinni umsóknarfrestur er til 5. júní. Takmarkaður fjöldi fær skólavist og umsækjendur í fyrri umferð eiga betri möguleika að uppfylltum inntökuskilyrðum.

H E I T I R

10.–20.
APRÍL

D A G G A R

TILBOÐSVERÐ

15% afsláttur

AEG

FULLKOMIN
LÖGUN & LEIKNI

OFNAR HELLUBORÐ HÁFAR



TILBOÐSPAKKAR
Helluborð + Ofn + Háfur
20% afsláttur

Helluborð 66030-M • Ofn B 4101-4-M • Veggháfur DK 9660 (60 cm)
SAMTALS LISTAVERÐ: 248.700 kr.
TILBOÐSVERÐ: 198.961 kr.

Helluborð 66030-M • Ofn B 3051-5-M • Veggháfur 8060 D-M
SAMTALS LISTAVERÐ: 195.700 kr.
TILBOÐSVERÐ: 156.561 kr.



Þjóðum nú einnig stórglæsilega eyjuháfa frá FABER.

AXIA PLUS ISOLA (breidd 90 cm) LISTAVERÐ 120.322 kr. **TILBOÐSVERÐ 84.000 kr.**

DISKO PLUS ISOLA (breidd 90 cm) LISTAVERÐ 138.602 kr. **TILBOÐSVERÐ 95.000 kr.**

Tilboðsverð á hágæða AEG heimilistækjum í örfáa daga.
Gríptu tækifærið! Veldu vandað.

ORMSSON

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
VÍK-REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160



MEISTARANÁM VIÐ TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

Tækni- og verkfræðideild HR býður meistaranám í

- Byggingarverkfræði
- Framkvæmdastjórnun
- Umferðar- og skipulagsfræðum
- Steinsteyputækni
- Mannvirkjahönnun
- Fjármálaverkfræði
- Véla- og rafmagnsverkfræði
- Heilbrigðisverkfræði
- Líf- og heilbrigðisvísindum
- Ákvarðanaverkfræði

Námið er einkum ætlað þeim sem hafa lokið BSc-prófi í verkfræði eða tækniþræði með góðum árangri. Nemendur sem hafa annan bakgrunn úr BSc-námi sínu geta útskrifast með meistara-próf á tilteknum sérsviðum verkfræðinnar, s.s. meistara-próf í framkvæmdastjórnun, umferðar- og skipulagsfræðum, heilbrigðisvísindum o.fl.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



ÞAKKIR BORGARSTJÓRA Sigrún Anna Ólafsdóttir færði þúsundstu ábendinguna inn á vefinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Borgarstjóri og verkefnið 1, 2 og Reykjavík:

Heldur samráðs- fundi um betri borg

STJÓRN MÁL Íbúum Reykjavíkur gefst kostur á að kynna sér og taka þátt í umræðum um hugmyndir um nýframkvæmdir og stærri viðhaldsverkefni í sínu hverfi á samráðsfundum sem borgarstjóri efnir til í öllum hverfum borgarinnar.

Eru fundirnir í tengslum við samráðsverkefnið 1, 2 og Reykjavík og verða þeir haldnir á laugardögum í apríl og fram í maí. Á fundunum verða umræður um forgangsröðun framkominna hugmynda um nýframkvæmdir og stærri viðhaldsverkefni.

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri kynnti þetta á fimmtudag-

inn í tilefni af þúsundstu ábendingunni á vef samráðsverkefnisins 1, 2 og Reykjavík. Borgarbúar hafa verið duglegir að koma með ábendingar á vefnum en auk þeirra hafa fjögurra manna stýrihópar í hverju af tíu hverfum borgarinnar leitað eftir hugmyndum frá íbúum í einstökum hverfum.

Ábendingar á vefnum koma frá fólki á öllum aldri og snerta meðal annars viðhald gatna, hreinsun, bekki, lýsingu, leiksvæði og göngustíga.

Þrjár fyrstu samráðsfundirnir fóru fram í Árbæ, Grafarvogi og Breiðholti á laugardag. - ovd



MacBook Air.

Örpunn, fislétt og kann líka Windows.

MacBook Air er komin til landsins.
Komdu og sjáðu með eigin augum í Apple-versluninni á Laugavegi 182.

MacBook Air 1,6 GHz
13,3" hágljáa skjár
Intel Core 2 Duo
80 GB
2 GB
1280 x 800 dýlar
219.990

Þráðlaust netkort (802.11n)
Bluetooth / iSight
0,4–1,94 cm þunn / 1,36 kg
5 klst. rafhlöðuending

MacBook Air 1,8 GHz
13,3" hágljáa skjár
Intel Core 2 Duo
80 GB
2 GB
1280 x 800 dýlar
249.990

Þráðlaust netkort (802.11n)
Bluetooth / iSight
0,4–1,94 cm þunn / 1,36 kg
5 klst. rafhlöðuending

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400 Laugavegi 182 Kringlunni
www.apple.is 105 Reykjavík 103 Reykjavík


Apple IMC

Finnska ríkisstjórnin:

Sendi þýskætt- aða í fangabúðir

FINNLAND Finnsk stjórnvöld sendu um 500 karla, konur og börn í fangabúðir í heimsstyrjöldinni síðari. Eina sök þeirra var sú að þau voru þýsk, gift Þjóðverjum eða átta þýska foreldra.

Allar eigur fólksins voru gerðar upptækar eftir að Finnar sömdu um vopnahlé við Sovétmenn árið 1944 og vopnabráðarlag Finna og Þjóðverja tók endi. Fimmtíu þeirra sem sættu fangabúðavistinni eru enn á lífi og hafa óskað eftir því að finnska ríkið viðurkenni að hafa brotið á þeim mannréttindi, að sögn vefútgáfu Hufvudstadsbladet.

- ghs

Allgóð kjörsókn í þingkosningum sem lýkur á Ítalíu eftir hádegið í dag:

Vantrú á ítölskum ráðamönnum ríkjandi

ÍTALÍA, AP Kjörsókn þótti allgóð í þingkosningum sem hófust á Ítalíu í gær og lýkur í dag. Það var þó allt annað en bjartstýni sem einkenndi stemninguna meðal kjósenda enda er sú skoðun ríkjandi að það sé sama hvaða stjórnsmálmönnum sé falið að fara með völd í landinu; þeim takist ekki að leysa vandamálin sem við er að etja.

Kosningarnar nú fara fram þegar annars eru þrjú ár eftir af gildandi kjörtímabili í kjölfar þess að miðju-vinstristjórn Romanos Prodi missti þingmeirihluta sinn.

Margt benti til að Silvio Berlusconi, leiðtogi hægriflokkabandalagsins Frjáls þjóð, væri á leið

með að taka við völdum í þriðja sinn. Hann hafði nokkurt forskot á höfuðkeppinautinn Walter Veltroni, fyrrverandi borgarstjóra Rómars og leiðtoga miðju-vinstribandalagsins sem nú ber nafnið Lýðræðisflokkurinn, þegar síðustu skoðanakannanir voru birtar hálfum mánuði fyrir kosningar. Veltroni var þó að vinna nokkuð á í síðustu könnunum. Hlutfall óákveðinna var hins vegar hátt og ríkti því mikil óvissa um úrslitin.

Kjörsókn mældist um 49 prósent þegar leið að lokun kjörstaða í gærkvöld. Kjörstaðir eru aftur opnir fram yfir hádegi í dag.



- aa

SÁ Á KVÖLINA SEM Á VÖLINA Kjósandi á kjörstað í Róm í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÍSLENSK ERFÐAGREINING Eigendur hússins kaupa aðra lóð.

Eigendur deCODE-hússins:

Kaupa aðra lóð í Vatnsmýrinni

SKIPULAGSMÁL Eigendur byggingar Íslenskrar erfðagreiningar í Vatnsmýri eru að semja við Reykjavíkurborg um kaup á tæplega sjö þúsund fermetra lóð sunnan við húsið. Kaupverðið er 260 milljónir króna.

„Við erum fyrst og fremst að klára samkomulag sem gert var 2001 og tryggja okkur þessa lóð til framtíðar,“ segir Jóhann Halldórsson, forsvarsmaður félagsins S10 ehf., sem kaupir lóðina. Samkvæmt samkomulagi sem liggur fyrir á bæði að byggja við núverandi hús og byggja annað hús á nýju lóðinni. Borgin er þar nú með hverfisstöð sem verður rifin.

- gar



HÖNNUNARSAFN: Tillaga PK-arkitekta er einföld og snjöll að mati dómnefndar.

Hönnunarsafn í Garðabæ:

Tillaga PK-arkitekta var valin

GARÐABÆR PK-arkitekta báru sigur úr bítum í samkeppni um hönnun nýrrar byggingar fyrir Hönnunarsafn Íslands sem mun rísa við Garðatorg í nýjum miðbæ Garðabæjar.

Í umsögn dómnefndar um vinningstillöguna segir að hún sé einföld og snjöll, beri vott um ögun og að áhersla sé lögð á látlausa umgjörð og sveigjanlegt sýningarrými.

Alls bárust 36 tillögur í samkeppnina og var mikil ánægja með þátttökuna hjá umsjónarmönnum keppinnar. Allar tillögurnar verða til sýnis í sal Hönnunarsafns Íslands fram til 27. apríl, alla daga nema mánu-daga klukkan 14 til 18.

- kg

ÁSTRALÍA

Kona fulltrúi drottningar

Quentin Bryce, fyrrverandi umboðsmaður jafnréttismála í Ástralíu, hefur verið útnefnd til að taka við embætti ríkisstjóra í Ástralíu. Hún er fyrsta konan sem skipuð er í þetta staðgengilshlutverk þjóðhöfðingja í landinu. Elísabet II Englandsdrottning er enn þjóðhöfðingi Ástrala.

Framkvæmum hugmyndir.







PRENTLAUSNIR
Vörulisti 2008

Mera en 1000 vörur til þátttöku

Í vörulista Odda kynnum við tilbúna vörur með dæmum og birtum verðskrána. Þannig tryggjum við gagnsæi í starfsemi, þjónustu og verði hjá Odda. Ákvarðanatáka verður einfaldari og auðveldari og þú þarft ekki að bíða eftir útreikningi.



Vinnan gleypiti foreldrana

Nú þegar hvað mest ríður á að unglíngar fái athygli og aðhald frá uppáendum eru foreldrar önnur kafnir á vinnumarkaðnum. Í dag spyr Fréttablaðið hvernig beri að mæta þessu. Fjölskylduráðgjafi segir þörf á mótvægisáðgerðum vegna þess jafnvægisleysis sem skapast hafi með breyttum þjóðfélagsaðstæðum. Einnig sé þörf á því að efla tengslin milli kynslóða.

Foreldrar og þeir sem vilja hafa áhrif á velferð unglíngja standa í harðri samkeppni við hin ýmsu markaðsöfl um athygli þeirra. Áreiði sem unglíngar verða fyrir hefur aldrei verið meira og á sama tíma hafa foreldrar aldrei verið uppþeknari. Mæður voru flestar heimavinnandi fyrir nokkrum áratugum en nú heyrir slíkt til undantekninga og síðan eru afi og amma oftast ekki jafn aðgengileg og áður. Fræðimenn sem Fréttablaðið talaði við sögðu að þótt samfélagsleg sátt væri um þessa þróun ætti enn eftir að svara þeirri spurningu hvernig þörfum unglíngja yrði mætt við þessar aðstæður.

Mótvægisáðgerðir

Markaðsöflin herja á unglíngja. Þeir geta auðveldlega stofnað til skulda og Gabriela Unnur Kristjánssdóttir, formaður Félags framhaldsskólanna, segir þá verða fyrir miklu áreiti frá börnunum og sölumönnum. Fíkniefnasalar reyna að ná til þeirra og órávaddir veraldarvefsins þekkja engin takmörk. Þetta er ekki hentugur tími fyrir foreldra að vera fjarverandi. Það er því óheppilegt að þeir skuli aldrei hafa verið uppþeknari en nú.

Ólafur Grétar Gunnarsson, annar stofnenda ÓB ráðgjafar, sem er fyrirtæki sem býður upp á fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra og uppeldisstettir, segir lausnina blasa við en þó þurfi mikið átak til að koma hugmyndunum sem í henni felast í framkvæmd.

„Það er sífellt verið að velta vöngum yfir því hvernig megi nýta auðlindir þjóðarinnar,“ segir hann. „En þar hefur mönnum yfirsést ýmislegt. Til dæmis eru umhyggjuháfileikar fedra verulega vannaútt auðlind og við þurfum að nýta hana; það er góð hagfræði. Það sem hefur algjörlega gleymst í jafnréttisbaráttunni er einmitt það að virkja foreldrafærni þeirra. Það gefur líka konum



ÓLAFUR GRÉTAR GUNNARSSON Þarna er fjölskylduráðgjafi með raunveruleikabörnin svokölluðu sem notuð eru á námskeiðunum um foreldrafærni. Hann telur þörf á mótvægisáðgerðum vegna þess ójafnvægis sem skapast hjá unglíngum við það að báðir foreldrar fari á vinnumarkaðinn.


færi á að sækja fram í atvinnulífínu og eykur þroska og velferð karla. Stærsta skrefið í átt til þroska og sjálfsþekkingar er foreldrahlutverkið og nú þarf samfélagið að auka enn frekar tækifæri karla til að sinna þessu veigamesta hlutverki sem lífið hefur upp á að bjóða. Ekki er nóg með að karlar þurfi á þessu að halda heldur ekki síður börnin og samfélagið. Þetta er í raun mótvægisáðgerð vegna þess jafnvægisleysis sem skapaðist þegar báðir foreldrar fóru á vinnumarkað.“

Kenna í stað þess að kenna um

Í þeirri viðleitni að hrinda hugmyndunum í framkvæmd hefur ÓB ráðgjöf haldið námskeið í for-

ATVINNUPÁTTAKA ÍSLENSKRA KARLA OG KVENNA

á árunum 1910 til 2007



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

eldrafærni fyrir stúlkur og drengi í 22 grunnskólum. Einnig var boðið upp á þetta námskeið fyrir 43 nemendur í Menntaskólanum í Kópavogi á þessu ári og segir Ólafur Grétar að fullbókað hafi verið á innan við viku. Segir hann bæði kynin hafa sótt námskeiðið. Einnig hefur verið boðið upp á námskeiðið í Borgarholtsskóla.

Ríkisstjórnin hefur hrundið af stað aðgerðaráætlun sem miðar að því að foreldrum verði boðið uppeldisráðgjöf og hjálfun í foreldrafærni. Tekur hún meðal annars mið af tilmælum ráðherra Eyrópuráðsins um að efla foreldrafærni til að vinna gegn líkamlegum refsingum á börnunum. „Við vitum að alvarlegasta ofbeldið er unnið af körlum,“ segir Ólafur Grétar. „Og það sem þarf að gera er að kenna þeim frekar en að kenna þeim um.“

Að fá feður úr hlutverki blóraböggla

Hann segir umfjöllunina að undanförunu hafa verið á þá lund að feður séu eins og blórabögglar þegar komi að uppeldismálum. Það hafi síðan í för með sér að þeir fái neikvæðar hugmyndir um hlutverk sitt innan fjölskyldunnar.

„Karlar og drengir fá allt of dapra birtingarmynd í fjölmöðlum af því hvað það er að vera fullorðinn karlmaður. Umfjöllun um þá í kynjahlutverkinu er afar neikvæð; þeir eru með ofbeldi, þeir nauðga, þeir standa sig ekki sem feður og svo fram eftir götunum. Og þessi birtingarmynd er þeim hugleikin þannig að til dæmis þegar dætur þeirra verða kynþroska fjarlægjast þeir og hætta að snerta þær af ótta við að vera bendlaðir við þá kynbræður sína sem bera uppi þessa slæmu mynd. En það er í raun ekkert óeðlilegt við snertingu. Kynþroska ungar stúlkur þurfa á henni að halda og þær fyllast höfnunartilfinningu ef allt í einu er lokað á snertingu sem ekkert annað býr á bak við en föðurlægur kærleikur. Þá missa þær líka af mikilvægri næringu, þannig að þessi ljóta birtingarmynd verður eins og einn múrsteinninn enn í vegg milli fedra og barna þeirra. Sú aðgerð að rífa niður þann vegg er því ekki aðeins mótvægisáðgerð vegna þess ástands sem

INGA DÓRA SIGFÚSDÓTTIR

Mikilvægt er að tengja kynslóðirnar saman aftur svo mannauðurinn flytjist þar á milli, segir Inga Dóra.



VISSIR ÞÚ ...

- að rúmlega fimm prósent drengja í 7. bekk gráta stundum eða oft auðveldlega?*
- að helmingi drengja í 7. bekk finnst þeir vera flottir?*
- að 9. og 10. bekkingar sem koma úr fjölskyldu sem eru fjárhagslega verr stæðar en aðrar taka síður þátt í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi?*
- að sjálfsvíg er önnur algengasta dánarorsök ungra íslenskra karla?*
- að samkvæmt erlendum rannsóknunum verða í kringum tuttugu prósent stúlka fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir átján ára aldur?*

*HEIMILD: RANNSÓKNIR OG GREINING

**HEIMILD: PERSÓNALIS

UM FORELDRAHLUTVERKIÐ

„Við þurfum að flytja mannauðinn milli kynslóða. Það á að gera kröfur til kennara og á sama tíma eigum við að gera vel við þá.“
Inga Dóra Sigfúsdóttir, forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík.

„Áherslubreyting þarf að eiga sér stað svo að foreldrar ákveði frekar að auka tímann með unglíngunum heldur en að auka við sig vinnu til að bæta við veraldlegu gæðin.“
Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur.

„Foreldrar þurfa að vita meira nú en þeir þurftu að vita áður.“
Ólafur Grétar Gunnarsson, fjölskylduráðgjafi hjá ÓB ráðgjöf.

skapaðist þegar báðir foreldrar fóru á vinnumarkað heldur gerir hún feður að betri mönnum og bætir því félagslegar aðstæður þeirra.“

Að tengja kynslóðirnar saman

Inga Dóra Sigfúsdóttir, forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík, segir að nú þegar báðir foreldrar séu úti-vinnandi reyni meira en nokkru sinni á þá sem vinni með unglíngum. „Um þrjú prósent unglíngja eiga ömmu eða afa sem búa hjá þeim og færast fjölskyldur hafa kost á öðru en að báðir vinni úti. Stóðkerfi fjölskyldunnar er að mörgu leyti rýrara en það var áður og þá vaknar sú spurning hvað verður um unglíngja eftir að þeir hafa lokið sínum skóladegi.“

Það er tvennt sem ég tel mikilvægt að við gerum til að mæta þessu. Í fyrsta lagi verðum við að efla fagþjónustuna því hlutverk fólks sem býður upp á skipulagt íþrótta- og tómstundastarf fyrir unglíngja hefur aldrei verið mikilvægt. Þessi þáttur er ennþá í mótun hér á landi. Í öðru lagi verðum við að efla tengslin milli kynslóðanna. Við höfum á undanförunum áratugum dregið kynslóðirnar í dilka þannig að við erum með ömmur og afa á sérstökum heimilum, foreldra á vinnumarkaði og börnin í skóla eða leikskóla.

En nú ríður á að við eflum tengsl þarna á milli á nýjan leik svo að hver og ein kynslóð fái notið krafta og þekkingar annarra kynslóða. Ég tel sérstaklega mikilvægt að tengsl barna og elstu kynslóðanna verði eflað svo að gildin yfirfærast á milli þeirra.“



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYRÓLFSSON
jse@frettabladid.is

ÞRIÐJA GREIN AF FIMM
Á morgun:
Kynlíf.

3M Glerfínar gluggafilmur
- aukin vellíðan á vinnustaði

3M gluggafilmur fyrir skóla, sjúkrahús, skrifstofur, verslanir og aðra vinnustaði
Fagmenn frá RV sjá um uppsetningu

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV
EYRÓLFSSON

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám árið 2008

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

PEARSON
VUE
AUTOMATICALLY
SCALED

PROMETRIC
Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Tölvuþekking fyrir konur



Þetta einstaka námskeið er ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim konum sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennslu á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Tölvunotkun og stýrikerfið Windows
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur. 44.900

Lengd: 60 stnd/40 klst. Verð: 47.900

Morgunnám hefst 19. maí, 4 dagar í viku

Flash margmiðlun

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með forritinu sem er staðallinn hjá fagfólkinu.

Lengd: 18 stundir/12 klst. Verð: 24.900

Nám hefst 21. apríl (13:00-16:00)

Photoshop

Komdu í nám um ljósmyndavinnslu og grafík með Photoshop sem er vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir margmiðlun, vefi, ljósmyndun og prentun.

Lengd: 27 stundir/18 klst. Verð: 29.900

Nám hefst 26. maí(13:00-16:00)

DreamWeaver

Búðu til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við á einfaldan hátt.

Lengd: 27 stundir/18 klst. Verð: 29.900

Nám hefst 26. maí(13:00-16:00)

MS Project 2007



Sæktu nám í Microsoft Project 2007 og lærðu hvernig á að gera vandaðar verkáætlanir, halda utan um auðlindir og kostnað í verkefnum og bregðst við breytingum sem verða á verk tíma. Gerðu áætlanir sem standast!

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 89.900

Nám hefst 29. apríl (13:00-16:00)
Kennt tvisvar í viku þriðju- og fimmtudaga

Excel I, II og III

Vertu betri með því að velja Excel námskeið hjá okkur. Við erum með ítarlegasta grunnnámið og kraftmikið framhaldsnám.

► Excel I: Almenn töflureiknisnotkun

Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja hafa hámarksnot af tölvunni við meðhöndlun talna, áætlanagerð, alls konar útreikninga og úrvinnslu talna. Þú bætir miklu við þekkingu þína á Excel.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 24.500

► Excel IIa: Sérhæfð töflureiknisnotkun

Kraftmikið námskeið fyrir þá sem hafa notað Excel um tíma og þekkja vel grunninn. Bætt er verulega við þekkingu á flóknari föllum, listavinnslu, pivot töflum, myndritum, tengingu skjala, gagnagrunnsfyrirsögnunum o.fl..

Lengd: 18 stundir/12 klst. Verð: 29.900

► Excel III: Fjölvör og forritun með VBA.

Þetta er öflugasta Excel námskeiðið sem er í boði hér á landi. Á námskeiðinu er kennt að forrita Excel með hinu fjölbæfa Visual Basic for Applications (VBA) máli, búa til fjölva (Macro) og form og að nota Excel við flókna gagnaúrvinnslu og utanumhald.

Þetta námskeið er fyrir alla þá sem hafa ítarlega þekkingu á Excel og vilja kanna nánar þá eiginleika forritsins sem gera það mögulegt að smíða alls konar sérlausnir fyrir flókna útreikninga og áætlanagerð.

Lengd: 31 stund/21 klst. Verð: 49.900

Nám hefst 5. maí (13:00-16:00)
Kennt er þrisvar í viku (má/mi/fo)

Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndir inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Kvöldnám hefst 15. apríl (19:30-22:30) og Síðdegisnám hefst 14. maí (16:15-19:15)

Sparaðu núna, bókaðu starfsnám í haust á vorverði!

Sýndu fyrirhyggju og bókaðu þig í starfsnám í haust, núna. Tryggðu þér vorverð á námi sem hefst í haust með því að greiða 10% af námsgjaldinu núna.

Almennt tölvunám
Lengd: 90 stnd/60 klst. Vorverð: 74.900

Hagnýtt bókhald
Lengd: 94 stnd/63 klst. Vorverð: 99.900

Visual C# .NET forritun
Lengd: 94 stnd/63 klst. Vorverð: 139.900

Netumsjón MCP
Lengd: 121 stnd/81 klst. Vorverð: 159.900

MCSA netstjórnun
Lengd: 243 stnd/162 klst. Vorverð: 299.900

Tölvu- og bókhaldsnám
Lengd: 225 stnd/150 klst. Vorverð: 169.900

Skrifstofu- og tölvunám
Lengd: 200 stnd/133 klst. Vorverð: 159.900

Skrifstofu- og bókhaldsnám
Lengd: 300 stnd/200 klst. Vorverð: 229.900

Vefhönnun og myndvinnsla
Lengd: 90 stnd/60 klst. Vorverð: 99.900

Hagnýtt verkefnastjórnun
Lengd: 54 stnd/36 klst. Vorverð: 89.900

Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

• Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500

Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900

Windows fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 12.900

Fingrasetning - tölvuvéritun • 6 stundir/verð: 6.900

• Stafræn ljósmyndun

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900

Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 16.900

Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900

• Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/26.900

Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900

Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

• Word

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500

Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

Word II: Framhald • 18 stundir/verð 26.900

Töflur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900

Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 18.900

Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 8.900

• Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 24.500

Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

Excel IIa: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900

Excel IIb: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 36.500

Excel III: Fjölvör og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

• FileMaker

FileMaker I: Byrjendanám • 9 stundir/verð 16.900

FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • 13 stundir/verð 24.900

FileMaker III: Forritun gagnagrunna • 27 stund/69.900

• PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900

PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stund/8.900

PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900

PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

• Outlook

Outlook: póstur, tímariða og verkefni • 13 st./verð 16.900

Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

• Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

• Vefsíðugerð og Flash

DreamWeaver vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900

DreamWeaver og Photoshop • 54 stundir/verð 52.900

DreamWeaver, Photoshop og Flash • 72 st./verð 69.900

Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st/verð 24.900

• Photoshop og Visio

Photoshop: Ljósmyndir og grafík • 27 stundir/verð 29.900

Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!



BIG BEN 150 ÁRA Hinn 10. apríl voru rétt 150 ár síðan Big Ben, klukkan í Klukkuturninum við Þinghúsið í Westminster í Lundúnum, var steypt í málmsmiðju í Whitechapel. Hún er 13,7 tonn að þyngd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grænenska landstjórnin sökuð um spillingu vegna sölu á íbúðarhúsum:

Sala íbúðarhúsa úrskurðuð ólögleg í úttekt

GRÆNLAND Háttsettir embættismenn og fyrrverandi ráðherrar í grænensku landstjórninni fengu að kaupa einbýlishús í Nuuk af grænenska landssjóðnum á undir helmingi markaðsvirðis. Þetta var ólöglegt, að því er segir í niðurstöðu lögfræðilegrar úttekta sem gerð var á málinu.

Það var lögmannastofan Nuna Advokaterne sem var falið að gera úttektina og niðurstaða hennar var birt á föstudag. Upptök málsins voru annars greinaflokkur sem birtist í dagblaðinu Grænlandspóstinum í fyrra, þar sem þessar sakir voru bornar á þá broddborgara sem í hlut eiga.



FRÁ NUUK Sex háttsettir menn fengu að kaupa íbúðarhús í eigu landstjórnarinnar á helmingi markaðsvirðis. NORDICPHOTOS/AP

Í niðurstöðu úttekta segir að ekki hafi verið löglegt að breyta leiguhúsnæði landstjórnarinnar í eignarhúsnæði með hinni svonefndu „leigjenda-til-eigenda“-

reglugerð og að „afhending opinberra eigna í hendur einkaaðila skal gerast að markaðsvirði“.

Kaj Kleist, sem gegnir þeirri stöðu hjá grænensku landstjórn-

inni sem samsvarar ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, hafði áður fullyrt að ekkert ólöglegt hefði átt sér stað í tengslum við sölu íbúðarhúsanna.

Nú krefst stjórnarandstöðuflokkurinn Demokraterne afsagnar landstjórnarinnar vegna málsins.

Fyrir þau sex hús sem um ræðir voru aðeins greiddar 4,6 milljónir danskra króna, andvirði 73,5 milljóna íslenskra, en markaðsvirði þeirra er talið samtals 10,3 milljónir danskra, um 165 milljónir íslenskra, að því er greint er frá á Politiken.dk. - aa



BETRA VERÐ OG BÚNAÐUR FYRIR LAND OG ÞJÓÐ

Pajero kostar frá

5.890.000 kr.

Pajero Instyle Dísil - 6.990.000 krónur

LEÐURINNRETTING - 170 HESTÖFL - DREGUR 3.300 KG - STÖÐUGLEIKASTÝRING - SPÓLVÖRN ÞAKBOGAR SUPER SELECT® 4X4 DRIFBÚNAÐUR - SEX PREPA SJÁLFSKIPTING - SJÓ SÆTA DÖKKAR RÚÐUR - 100% LÆSING AÐ AFTAN - 18 TOMMU ÁLFELGUR - XENON LJÓS - 860W ROCKFORD HLJÓMKERFI MEÐ 4 GB MINNI FYRIR TÓNLIST - 7" LCD DVD SKJÁR MEÐ BAKKMYNDAVÉL OG FLEIRA

Hljóðmælingar í Kópavogi:

Vilja þrefalt gler vegna umferðarniðs

UMHVERFISMÁL Íbúar við Sæbólsbraut og Helgubraut í Kópavogi vilja að bæjaryfirvöld geri ráðstafanir til að verja þá fyrir ónæði vegna umferðarniðs frá Hafnarfjarðarveginum og Kársnesbraut.

„Menn þurfa ekki að dvelja þar lengi til að sannfærast um að aðgerða sé þörf,“ segir í bréfi með undirskriftum frá íbúnum sem óttast að hús þeirra rýrni í verði vegna hávaðans og ryk- og sótmengunar.

Bæjarráð Kópavogs íhugar nú að veita íbúnum við Sæbólsbraut og Helgubraut styrk til kaupa á þreföldu hljóðeinangrandi gleri en hyggst áður láta gera hljóðmælingar.

- gar

Fyrirhuguðum framkvæmdum við Bakkafjöru mótmælt:

Skorað á ríkisstjórnina að hætta við hafnargerð

SAMGÖNGUR Tæplega 2.300 manns höfðu undirritað áskorun á vefsíðunni strondumekki.is til ríkisstjórnarinnar um að hætta við fyrirhugaðar framkvæmdir í Bakkafjöru en hefja þess í stað undirbúning að byggingu á öflugri og hraðskreiðri Vestmannaeyjafærju auk stórskipahafnar við Eiðið.

Magnús Kristinsson, útgerðarmaður og forsvarsmáður mótmælenda, segir bæði skip og hafnarstöðu í Bakkafjöru verða með þeim hætti að fjöldi ferða muni falla niður vegna veðurs. „Svo tekur það um tvo tíma að keyra frá Bakkafjöru og það eru bara ekki allir á bíl, dýrt er í rútur og færð oft slæm að vetri til.“

„Ég átta mig ekki á því hvert menn sækja þessar upplýsingar sem eru svona á skjön við þær

sem Siglingastofnun hefur veitt,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar.

„Hafnarskilyrði í Bakkafjöru verða svipaðar og í Þorlákshöfn og skipið verður ekki síðra, svo frátafir ættu ekki að verða meiri. En þeir hafa þó ekki haldberar upplýsingar um skipakost því ekki verður opnað á útboðið fyrr en á fimmtudag,“ segir Elliði.

Elliði segist eins ekki átta sig á því hvornig þeir komist að því að sigling í Bakkafjöru taki fjórutíu mínútur eins og þeir segi í mótmælaskjalinu því siglingin muni taka þrjátíu mínútur.

„Þeir segja að akstur frá Bakkafjöru til Reykjavíkur taki tvo tíma en til að svo sé verða menn að aka á 67 kílómetra hraða,“ segir bæjarstjórinn.

- jse



MÓTMÆLENDUR FUNDA Magnús Kristinsson fundar hér með öðrum sem standa að vefsíðunni strondumekki.is en þar hafa tæplega 2.300 manns skrifað undir áskorun til ríkisstjórnarinnar að hætta við fyrirhugaðar framkvæmdir við Bakkafjöru.

MYND/ÓSKAR FRÍDRIKSSON

Skipulagsráð afmarkar svæði:

Kjarnasvæði miðborgar

SKIPULAGSMÁL Sérstakt kjarnasvæði miðborgar verður afmarkað og tekur það mið af landnotkun í aðalskipulagi Reykjavíkur. Afmörkunin er byggð á þróunarætlan miðborgar.

Tilgangur afmörkunarinnar er að undirstrika og styrkja byggingarsögulegt samhengi miðborgarinnar og einkenni svæðisins. Þá er með henni lögð aukin áhersla á þær kröfur sem borgaryfirvöld gera til lóðarhafa á svæðinu.

Þá gerir borgin auknar kröfur á sjálfa sig sem yfirráðaaðila gatna og rýmis á milli húsa á svæðinu.

- kóp

Forstjóri Íslandspósts um sameiningu danska og sænska póstsins:

Sameining pósthyrirtækja gömul hugmynd

NORÐURLÖND, AP Danir og Svíar hafa sameinað pósthyrirtæki sín til að bregðast við aukinni samkeppni, að sögn norræna fjölmiðla, og Norðmenn og Finnar velja sameiningu fyrir sér.

Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, segir að íslenski pósturinn fylgisti með breytingunum en hafi ekki tekið þátt í neinum sameiningarviðræðum. „Það hefur ekki komið til tals að sameina Íslandspóst neinu öðru fyrirtæki,“ segir hann.

Hugmyndin um sameiningu pósthyrirtækjanna er gömul. Ingimundur segir að hún hafi upprunalega komið fram á fundi allra forstjóra pósthyrirtækjanna fyrir mörgum árum áður en fyrirtækin voru hlutafélagavædd og þá hafi verið talað um að sameina öll pósthyrirtækin á Norðurlöndum, ekki bara sænska og danska póstin eða þann norska og

finnska. Þetta hafi verið áður en Póst- og símamálastofnun hafi verið skipt upp.

Tilkynnt var um sameiningu sænska og danska póstsins á þriðjudag. Ingimundur segir að tilkynningin hafi komið sér á óvart, hann hafi ekki vitað að sameiningarferlið væri svona langt komið. „Kosturinn við þetta er að þarna er komið öflugra fyrirtæki sem er í bullandi samkeppni,“ segir hann.

Ingimundur segir að aldrei hafi komið til tals að sameina Íslandspóst neinu öðru fyrirtæki frá því upprunalega hugmyndin kom fram fyrir mörgum árum.

- ghs

EKKI SAMEINING HÉR Danir og Svíar hafa sameinað pósthyrirtæki sín. Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, segir að ekki hafi komið til tals að sameina Íslandspóst neinu öðru fyrirtæki.



ÖRFÁIR BETUR BÚNIR PAJERO TIL AFGREIÐSLU STRAX

Ef þú hefur hraðan á geturðu tryggt þér glæsilega útgáfu af Mitsubishi Pajero á einstökum kjörum. Fullkomið fjórhjóladrif með 100% læsingu að aftan og stöðugleikastýring eru sniðin að íslenskum vegum. Komdu og prófaðu! Þú finnur um leið hvernig 3.300 kg dráttargeta og þægindi fyrir allt að sjö manns, 860w Rockford hljómkarfi og 18" álfelgur ásamt bakmyndavél fullkomna aksturinn.



HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



Stríð í Darfur í fimm ár:

Athygli vakin á hlutskipti barna í Darfur

LONDON Breskir stjórnmálamenn, leikarar og rithöfundar vöktu um helgina athygli á stöðu barna í Darfur í tilefni af því að fimm ár eru nú síðan hörmungarnar þar höfust.

Farið er fram á aukinn stuðning við börn sem alast upp í Darfur og eru mótmæli og aðrar aðgerðir fyrirhugaðar.

J.K. Rowling, höfundur Harry Potter-bókanna, hefur ásamt fleiri barnabókahöfundum ritað opið bréf og í því segir meðal annars: „Það er kominn tími til að við breytum sögunni. Í þessum mánuði ná mörg börn, sem aldrei hafa kynnst friði, fimm ára aldri. Heimurinn þarf að vakna til meðvitundar.“

- ve

Fjármálaráðherra Noregs svarar fyrirspurn um íslensku krónuna og þá norsku:

Engin sjálfstæð peningastefna

NOREGUR Kristin Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, hefur svarað fyrirspurn stórþingmannsins Gjermund Hagesæter um hvaða gallar og kostir gætu verið við það að binda íslensku krónuna við þá norsku.

Í svarinu segir Kristin að kosturinn við trúverðugt fast gengi sé að verulega dragi úr órygginu þegar peningum sé skipt úr einu gengi í annað. Mikilvægur galli sé að landið sem ákveði að binda gengi sitt við gengi annarrar myntar missi möguleikann á því að reka sjálfstæða peningastefnu.

„Gríðarmikilvægt er að gengið sem miðað er við sé góður fulltrúi fyrir utanríkisviðskipti viðkomandi lands,“ segir Kristin og bendir á að það gildi um Danmörku, sem hafi bundið gengi dönsku krónunnar við evruna.

„Árið 2006 voru meira en sjötíu prósent af útflutningi Dana inn á evrusvæðið,“ segir hún og bendir á að trúverðugleikinn í Danmörku hafi líka stuðning í langri hefð landsins með fastgengi. Danski seðlabankinn hafi auk þess samning við evrópska seðlabankann um stuðning við dönsku krónuna ef þörf krefji.

„Ísland er mikilvægt samstarfsland fyrir Noreg. Hins vegar eru lítil utanríkisviðskipti milli landa okkar. Um leið er uppbygging efnahagskerfisins líka ólík. Íslensk stjórnmál eru best til þess fallin að meta íslenska peningamarkmið í peningastefnu 2001 sem fól í sér að gengi íslensku krónunnar fer eftir framboði og eftirspurn á markaði.“

- ghs



TAKMÖRKUÐ VIÐSKIPTI Kristin Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, segir að lítil utanríkisviðskipti séu milli Íslands og Noregs og því henti ekki að binda íslensku krónuna við þá norsku.

Hnífstungumál í Noregi:

Sígaunafjölskyldur takast á

NOREGUR Átök milli tveggja sígaunaætta, Karoli-fjölskyldunnar og Jansen-fjölskyldunnar, hafa orðið til þess að réttarhöld eru nú í Noregi yfir konu úr Karoli-fjölskyldunni sem talin er hafa ásamt syni sínum stungið með hnífi meðlimi Jansen-fjölskyldunnar. Í dómsal voru margir fulltrúar Jansen-ættarinnar og segir konan að sér hafi verið hótad lífláti.

Karlmaður úr Jansen-fjölskyldunni hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir að hafa skotið á menn sama kvöld og hnífstungan á að hafa átt sér stað. Meðlimir Jansen-fjölskyldunnar hafa tjáð blaðinu VG að Karoli-ættin kalli sig konunga sígaunanna og segjast munu gripa til sinna ráða ef lögreglan bregðist.

- ghs

Utanríkispolítísk vegvilla:

Kína í stað evru

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Hverju ríki er mikilvægt að ákvarða stöðu sína í samfélagi þjóðanna. Breytingar og þróun laga hana að nýjum aðstæðum. Fóttfestan er hins vegar að öllu jöfnu stöðugri og felst í langtíma hagsmunum og hugsjónum. Eftir stjórnarskrá lýðveldisins er forseti Íslands æðsti handhafi framkvæmdavalds í utanríkismálum þó að öll raunveruleg völd og ábyrgð í þeim efnum hvíli á utanríkisráðherra.

Í því ljósi verður að skoða ræðu forsetans á smárikjaráðstefnu í Andorra í síðustu viku. Meðan utanríkisráðherra tekur ekki annað fram verður að líta á hana sem stefnu ríkisstjórnarinnar sem ráðherrann hefur ábyrgst.

Kjarninn í utanríkispolítík ríkisstjórnarinnar eins og forsetinn lýsir honum felst í því að alþjóðavæðingin hafi fært smárikjum meiri möguleika til hagvaxtar en stórum ríkjum. Jafnframt hafi smáriki fleiri tækifæri til framfara með því að standa utan bandalaga og með gerð tvíhliða samninga um viðskipti við stærri ríki. Að því er Ísland varðar sérstaklega kemur sú afstaða ríkisstjórnarinnar fram í ræðu forsetans að staða Íslands sé vel tryggð með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu og þeim möguleika að gera tvíhliða fríværslunarsamning við Kína eins og nú er unnið að.

En er tvíhliða fríværslunarsamningur við Kína í raun lausn á utanríkispolítískri stöðu Íslands á nýrri öld? Alþjóðavæðingin hefur vissulega opnað tækifæri fyrir smáriki sem stærri ríki nutu að einhverju leyti áður í krafti meira áhrifavalds. Það er rétt mat. Hitt er rangt hvort sem lítið er til Evrópu, Asíu eða Ameríku að stór ríki eða ríkjabandalög hafi í minna mæli verið þátttakendur í hagvaxtarskeiði síðustu tveggja áratuga.

Fyrirkomulag tvíhliða fríværslunarsamninga er afturhvarf að því leyti að það færir stórum ríkjum á ný meira áhrifavald um það hvernig milliríkjavæðing er skipað. Fríværslun sem byggð er á fjölþjóðlegum samningum er líklegri til að tryggja almennar leikreglur og jafnari stöðu ríkja og fyrirtækja á heimsmarkaði.

Þó að kínversk stjórnvöld vilji nú gera fríværslunarsamning við Ísland er ekkert sem bendir til þess að við munum til lengri tíma ná betri viðskiptastöðu á þeim markaði en Evrópusambandið. Líklegra er að polítísk langtímasjónarmið fremur en viðskiptaleg búi að baki vilja stjórnvalda í Kína til þess að semja við Ísland á undan öðrum Evrópulöndum. Síðustu atburðir gefa fremur ástæðu til að skoða þau polítísku sjónarmið en að draga þá ályktun að með slíkum samningi muni Ísland tryggja framtíðarstöðu sína í alþjóðasamfélaginu.

Langsamlega stærsti hluti utanríkisviðskipta Íslands er í Evrópu. Útilokun á aðild að Evrópusambandinu kemur í veg fyrir að við getum tekið upp mynt sem líkleg er til að vera umgjörð nauðsynlegs stöðugleika í peningamálum. Ef utanríkisstefnan á að byggjast á sveigjanleika sem gerir okkur kleift að gera tvíhliða fríværslunarsamning við Kína en útilokar upptöku evru er verið að fórnari meiri hagsmunum fyrir minni. Það væri léleg hagsmunagæsla sem bæri vott um utanríkispolítík í vegvillum.

Bjarni Benediktsson skilgreindi öðrum fremur á sinni tíð þá fóttfestu sem utanríkispolítíkin stendur á. Hún fólst í bandalagi með þeim þjóðum sem næst okkur standa um menningu, polítík, varnir og viðskipti. Í því efni hefur ekkert breyst. Stöðuna þarf hins vegar að laga að nýjum aðstæðum og breyttum tímum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFELAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldóason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRUI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. **ISSN 1670-3871**

Styrktarsjóður Kristins Arnar Friðgeirssonar

Auglýst er eftir styrkþegum

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fólk með þroskahömlun til náms, lista og íþróttabáttöku, foreldra fatlaðra til að afla sér aukinnar þekkingar vegna fötlunar barna sinna svo og annarra verkefna sem sjóðsstjórnin verður sammála um.

Umsóknafrestur er til 30. maí 2007 og skal skila umsóknum þar sem gerð er grein fyrir því verkefni sem sótt er um styrk til ásamt upplýsingum um aðrar mögulegar fjármögnunarleiðir til Landssamtakanna Þroskahjálpar, Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík.

Tölvupóstfang: fridrik@throskahjalp.is

Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins skal úthluta úr honum eigi síðar en 15. júní ár hvert.

Nánari upplýsingar veita: Guðbjörg Erla Andrésdóttir sími 535-1900 gudbjorg@sjonarholl.net Friðrik Sigurðsson, sími 588-9390, fridrik@throskahjalp.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Aðhaldsráshátið

Á dögnum skar Lárus Welding, forstjóri Glitnis, eigin laun niður um helming í aðhaldskasti. Skömmu áður hafði stjórn Glitnis líka lækkað eigin laun. En aðhaldið bitnar ekki aðeins á stjórnendum. Þannig var öllu færra um fina drætti á ársáriði bankans um helgina heldur en fólkíð í fjármálalífni á að venjast. Borðhald var látið lönd og leið og fólk þurfti að láta sér lynda að spjalla saman og snæða standandi líkt og í kokkteil-boði. Auk þess þurftu gestir að gjöra svo vel að greiða fyrir drykki á barnum. Ef bankarnir halda svona áfram fara þeir kannski að

geta boðið viðskiptavinum sínum betri vaxtakjör.

Stefna Samfylkingar er skýr

Í Fréttablaðinu í gær sagði sjálfstæðismaðurinn Sigurður Kári Kristjánsson það aðeins tímastursmál hvenær heimild yrði veitt fyrir upptöku skólagjalda í opinberum háskólum. Hann kvaðst finna fyrir síuknum stuðningi við málið frá samstarfsflokknum í ríkisstjórn. Í því ljósi er ekki úr vegi að minna Sigurð, sem og Samfylkinguna, á stefnu Samfylkingarinnar í menntamálum eins og hún birtist í landsfundarályktun frá því í fyrra. Þar segir að flokkurinn vilji tryggja „að skólagjöld verði ekki tekin upp í almennu grunn- og

framhaldsnámi við opinbera háskóla.“ Skýrara verður það varla.

Stefna rektors sömuleiðis

Kristín Ingólfssdóttir fagnar umræðunni um skólagjöld. Það er því kannski rétt að minna líka á stefnu hennar frá því í rektorskjöri árið 2005: „Ég er andvíg því að líta til skólagjalda til lausnar fjárhagsvanda HÍ. Ég tel að menntun sé arðbær og að það sé skynsamlegt fyrir íslenskt samfélag að tryggja öllum án tillits til efnahags aðgang að HÍ.“ Það má því búast við því að Kristín berjist af alefli gegn áformum Sigurðar Kára og samflokksmanna hans.

stigur@frettabladid.is

Í útlöndum er ónýtt kjöt

Þegar ég var krakki var kjúklingur aðallega eitthvert fineri í útlöndum. Á þeim árum var samræmdur matseðill á öllum heimilum landsins alla daga vikunnar, nema húsmæðrum var heimilt að velja hvort þær hefðu læri eða hrygg í sunnudagsmatinn – og kjúklingur var ekki meðal þess sem þótti eiga erindi við landsmenn að bestu manna yfirsýn, enda hálfgerð viðrini, hvorki kjöt né fiskur, engin fita, engin næring og ekki hægt að setja í súr...

Ein og ein púta sem lokið hafði ævistarfi sínu var kannski elduð fyrir forvitni sakir. Þá var hún látin vera í ofni lengi dags og svo borin fram með brúnni sósu, Orabannum og kartöflum – eins og allt hitt.

Kjúklingur på hundrede måder

Smám saman opnuðust augu landsmanna þó fyrir möguleikum þessa ágæta kjöts. Fólk sigldi; blankir stúdentar í Kaupmannahöfn lærðu að elda kjúkling på hundrede måder; nýjar matreiðslubækur ruddu Helgu Sig úr vegi hjá ungu fólk og síðast en ekki síst komu hingað innflytjendur frá Asíu og settu á fót veitingastaði sem buðu upp á ljúffenga kjúklingarétti.

Smám saman opnuðust sem sé augu Íslendinga fyrir því að þetta kjöt var kannski ágætt þótt það bragðaðist skringilega með brúnni sósu. Kjúklingar hafa orðið æ algengari á borðum landsmanna, enda kjötið þeirrar náttúru að endalást má leika sér með krydd og meðlæti. Fyrir nokkrum árum ríkti meira að segja samkeppni í kjúklingarækt og rétt á meðan var hann ekki verðlagður eins og munaðarvara en sú tíð er löngu liðin. Það væri nær að stöðva umferð út af kílóverðinu á kjúklingum en bensínverði.



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON
Í DAG | Innflutningur landbúnaðarvra

Útlenskt fúsk

Ög nú er farið að ræða um hugsanlegan innflutning. Þá upphafst kunnuglegt tal. Það er ekkert hægt að treysta útlensku kjöti – þeir eru ekki nógu passasamir með hlutina þarna í útlöndum... „Í útlöndum er ekkert skjól / eilífur stormbeljandi“, eins og Hannes Hólmsteinn orti.

Málsmetandi menn í landbúnaði vitna nú hver af öðrum um það að útlendingar kunni ekkert til verka við framleiðslu þessa kjöts sem eitt sinn bar þó með sér sjálfan keiminn af útlöndum. Látið er þá að því liggja að það verði stórhættulegt heilsu landsmanna ef innflutningur á því verði gefinn frjálst.

En sé þetta nú í raun og veru svo að útlendingar séu svona illa að sér um matvælaframleiðslu þá hlýtur einnig að vakna sú spurning hvort nóg sé að gert. Í ljósi þeirrar miklu hættu sem steðjar að heilsu landsmanna verði innflutningur leyfður á kjúklinga- og svínakjöti – hvers vegna þá að leyfa innflutning á grænmeti? Með hverju skyldi það nú vera úað? Einhverjum útlenskum óþverra...

Er ekki full ástæða til að taka til endurskoðunar að leyfa innflutning á útlensku víni? Hvað vitum við um þær aðferðir sem tíðkast við slíkt? Er ekki fólk að trampa þetta berfætt á

einhverjum vínþrúgum þarna úti í Frakklandi eins og það er nú geðslegt – er óhætt að láta afurðir af slíku inn fyrir sínar varir?

Nú er ég náttúrlega ekki annað en einn aumur og ótíndur neytandi og vitlaus og réttlaus og seinþreyttur eftir því – væri sæmst að þegja bara og borga og tuða svo í bílnum á leiðinni heim. Því fer í raun og veru fjarri að það sé áhugamálið mitt frekar en flestra annarra landsmanna að afkomu bænda um dreifðar byggðir landsins verði ógnað frekar en orðið er, og sjálfsagt er ýmislegt til í því að bændur eru viðkvæmari en margar aðrar stéttir fyrir hinu geggjada vaxtaokri sem liggur eins og mara á þjóðlífinu. En kjúklingarækt: er það beinlínis landbúnaður? Það er að minnsta kosti takmörk fyrir því hve mikið er hægt að leggja á neytendur – bændur eru ekki einir um að þjást undan vaxtaánuðinni. Og óneitanlega hlýtur maður að sperra eyrun þegar rætt er um allt að tungtu og fimm prósentu verðlækkun verði raunverulega heimilaður innflutningur á landbúnaðarvörum.

Krónan er dauð. Lengi lifi evran. Það hlýtur að blasa við að við getum ekki öllu lengur hagað mynt okkar eftir því að Davíð Oddsson virðist líta á evruna sem persónulega móðgun við sig. Andúð á evru fer að verða fyrir skringiminni, svona eins og að afneita loftslagsbreytingum af mannavöldum. Sennilega þarf raunverulega umbótastjórn Samfylkingar og Framsóknar til að ráðamenn horfist í augu við að Evrópusambandsaðild er ekki bara óhjákvæmileg heldur líka æskileg. Og kjötfremleiðendur geta farið að búa sig undir samkeppnina sem henni fylgir.

Og við neytendur farið að hlakka til.

...aldrei á meðan við ráðum einhverju

UMRÆÐAN

Heilbrigðismál

Fyrrir skömmu fór fram á Alþingi umræða um einkavæðingu innan heilbrigðisþjónustunnar. Til sérstakrar umfjöllunar að þessu sinni var útboð á heilli legudeild á Landspítalanum, nánar tiltekið á deild fyrir heilabílaða á Landakoti. Allt var með hefðbundnum hætti við þessa umræðu. Guðlaugur Þór, heilbrigðisráðherra, sagði ekkert í reynd vera að gerast og fulltrúar Samfylkingarinnar tóku undir með honum: Ekkert nema gott eitt að gerast.

Ég hef grun um að mörgum þyki þessi málflutningur farinn að hljóma nokkuð undarlega, ekki síst eftir að tíðari gerast viðtöl við talsmenn fyrirtækja sem eru að hasla sér völl á sviði heilbrigðisþjónustu og bjóða þar þjónustu eins og um hverja aðra verslunarvöru væri að ræða. Læknismenntaður talsmaður Heilsuverndarstöðvarinnar ehf. kom þannig fram í fréttabætti nýlega til að kynna „pródukt“ og „vöruframboð“ hjá nýrri línu fyrirtækis síns. Þessi nýja sölu lína hefði fengið



ÖGMUNDUR JÓNASSON

heitið „velferðarþjónustan“. Nýjasta „pródukt“ þar væru á sérstökum afslætti til gullkorta- og platínukortahafa Kaupþingsbanka. Talsmaðurinn sagði að þetta væri pródukt „sem hefði ekki verið til á markaði hingað til“.

Tungutakið er greinilega að breytast í takt við breytingarnar innan heilbrigðisþjónustunnar. Sjúklingur er ekki lengur sjúklingur heldur viðskiptavinur og aðhlyningur heitir nú vara eða pródukt. Talsmenn Samfylkingarinnar eru þessum breytingum annaðhvort samþykkir eða þeir eru blindir á umhverfi sitt. Hið síðarnefnda hygg ég að eigi við um Ellert B. Schram alþingismann. Hann sagði við fyrrnefnda utandagskrárumræðu: „Einkavæðing heilbrigðisþjónustunnar verður aldrei innleidd hér á landi meðan við ráðum einhverju.“

Ég held að þessi tiltekni þingmaður sé einlægur velferðarsinni. En skyldi hann hafa hugleitt hvort kunnir að vera réttara, að Samfylkingin komi ekki auga á hvað er að gerast, eða hitt að flokkurinn ráði engu um framvinduna?

Höfundur er alþingismaður.

Sængur, koddar og margt fleira mjúkt fæst á góðu verði í Ikea þar sem þessa dagana standa yfir mjúkir dagar. Fátt er jafn notalegt og að sofa við ný og hrein rúmföt.



Tekkolía fæst í mörgum matvöruverslunum en hana er nauðsynlegt að bera reglulega á allt úr tekki sem fyrirfinnst á heimilinu. Húsgögnin verða svo miklu fallegri og svo er eitthvað hátíðlegt við lyktina.



Garðkönnur og annað til útverka er nokkuð sem má fara að fjárfesta í til að koma sér í garðverkagirinn því allt bendir til þess að vorið sé að koma. Ekki er verra að hafa könnurnar svoltið sumarlegar.

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

Nýr sjúkráþjálfari

Steffan Christensen sjúkráþjálfari B.Sc. kemur aftur til starfa.

HREYFI GREINING
SJÚKRÁÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is



Sigrún Jóhannsdóttir stærðfræðikennari með son sinn, Daníel Svein Jörundsson, í fanginu en á borðstofuborðinu stendur stásslegur grammófónn sem Sigrún fann á rölti sínu um antikmarkaði Búdapest. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Námskeið fyrir heimsóknnavini

Kópavogsdeild Rauða krossins óskar eftir sjálfbodaliðum til að sinna heimsóknþjónustu. Undirbúningsnámskeið verður haldið í sjálfbodamiðstöðinni Hamraborg 11 þriðjudaginn 21. apríl kl. 18:00–21:30. Námskeiðið er ókeypis og opið öllum áhugasömum.

Heimsóknnavinir Kópavogsdeilda rjúfa einsemd og félagslega einangrun fólks með heimsóknum á einkaheimili og stofnanir. Heimsóknnavinir veita félagsskap m.a. með því að spjalla, lesa fyrir viðkomandi eða fara í gönguferðir. Auk undirbúningsnámskeiðsins bjóðum við sjálfbodaliðum okkar námskeið í almennri skyndihjálp og sálrænni skyndihjálp án endurgjalds, auk annarrar þjálfunar og fræðslu.

Við hvetjum alla þá sem hafa áhuga á að þiggja þjónustu heimsóknnavina að hafa samband.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 554 6626 eða með tölvupósti á kopavogur@redcross.is.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfbodamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

Ungverskt augnayndi

Leið þeirra lá óvænt saman í þröngu og afviknu stræti í Búdapest, en það var ást við fyrstu sýn; hennar megin.

„Ég var alls ekki að leita, en þar sem hann stóð svona vel með farinn og tignarlegur var athygli minni náð,“ segir Sigrún Jóhannsdóttir, stærðfræðikennari í Valhúsaskóla, um Victrola-grammófóninn sem hún fann svo óvænt á fáförnum antikmarkaði í höfuðborg Ungverjaland.

„Við eiginmaðurinn vorum þar stödd í árshátíðarferð ásamt samstarfsfólki hans í CCP, að ráfa um götur Búdapest. Ég hef alltaf haft gaman af gramsi á antikmörkuðum, þótt lítið sé um gamla hluti innanstokks hér heima,“ segir Sigrún, sem þó býr í gömlu timburhúsi í vesturbænum, með gamalli sál.

„Sölumaðurinn sagði mér sögu grammófónsins, en hann var framleiddur 1934 og þjónaði eigendum sínum á stríðsárunum. Honum fylgdi ein hljómplata; þykk og talsvert minni í sniðum en LP-plötturnar, en stundum bregð ég nálinni á hana til að heyra ósvikna og eilítið rispada stríðsárasveiflu með allt öðruvísi hljómi en nú þekkest úr hljómtækjum,“ segir Sigrún, sem reiddi út hálfgerð klink fyrir vel með farinn og stællegan grammófóninn.

„Þetta voru kostakaup en mér þótti hann svo dýrmætur að ég vafði hann inn í frauðplast og sat með hann í fanginu alla leið til Íslands. Hans hlutverk er aðallega að vera til augnayndis í stofunni í dag, en mig langar að nota hann meira, skipta jafnvel um nál og fara á stúfana eftir fleiri grammófónplötum í íslenskum antikbúðum.“

thordis@frettabladid.is

www.alorka.is

Sumardekk – hjólbarðapjónusta

Sumar- og heilsársdekk fyrir allar gerðir fólksbíla og jeppa.
Hagstætt verð og traust þjónusta.

BRIDGESTONE
Umboðsaðili fyrir Bridgestone hjólbarða

Við tökum vel á móti þér á þjónustustöðvum okkar!

ALORKA

Reykjavík Tangarhöfða 15 : 587 5810
Akureyri Réttarhvammi 1 : 464 7900
Vagnhöfða 6 : 577 3080

VÍSIR.IS

“...ég sá það á vísi”



SAVAGE X 4.6 Big Block

HPI Savage X 4,6
öflugur fjarstýrður bensín torfærutrúkkur.
Eigum til bíla á gamla verðinu.

TOMSTUNDAHUSID

Nethyl 2, sími 587-0600, www.tomstundahusid.is

Einfaldir og vistvænir

SpaDealers er lítið fyrirtæki sem sérhæfir sig í viðarpottum og gufuböðum. Fólki býðst bæði að kaupa pottana og leigja þá í styttri tíma, eins og til dæmis yfir helgi.

Pottarnir frá SpaDealers koma í einingum en uppsetning þeirra er tiltölulega auðveld og þarfnast ekki sömu undirbúningsvinnu og þegar hinum hefðbundnu pottum er komið fyrir. Þórsteinn Gauti Þórðarson þúsundþjalasmiður er söluaðili SpaDealers hér á landi og býður hann einnig upp á samsetningarþjónustu. „Ég valdi að stækka ekki fyrirtækið til þess að geta haldið öllum kostnaði niðri og til að geta gefið sem persónulegasta þjónustu,“ segir Þórsteinn, sem var búsettur í Finnlandi í mörg ár en þaðan koma pottarnir. „Ég var sjálfur að smíða mjög svipaða potta úti fyrir vini og vandamenn,“ segir hann. Þórsteinn og kona hans fluttu aftur til Íslands í janúar og velti hann því fyrir sér að framleiða svona potta hérlandis en komst að því að ódýrara yrði að flytja þá inn.

„Tækjakostur og húsaleiga á iðnaðarhúsnæði hér á landi er svo ofboðslega dýr.“

Hægt er að viðar-, gas- og rafmagnskynda pottana en einnig er hægt að fá þá sérhannaða fyrir íslenskar hitaveituaðstæður. Þeir eru búnir til úr furu sem er hitameðhöndluð en það gerir



Einfaldir pottar sem auðvelt er að setja upp.

það að verkum að hún fær aðra eiginleika en venjuleg fura. Öll kvoða hverfur úr trénu og hefur það rýrnað eins mikið og hægt er þannig að viðurinn vindur sig ekki. Lítil hætta er á sprungumyndum. Hægt er að láta plasta pottana að innan og er það þá gert erlendis áður en þeir eru sendir til landsins.

Einföldustu pottarnir þurfa ekkert dælukerfi og á þeim eru engir hreyfanlegir hlutir né rafmagn. Það eina sem þarf í þá er rennandi kalt vatn og gas eða viðarkynding sem hentar vel fyrir til dæmis

SpaDealers er einnig með gufuböð úr sama víði og heitu pottarnir.

sumarbústaði. „Á þessum pottum eru engir rafmagnshlutir né dælur sem geta bilað. Fyllt er á pottinn og tekur kyndingin um þrjár og hálf klukkustund. Ég er einnig með lúxuspotta en þeir eru með hreinsisíum, ljósabúnaði, nuddi og dælukerfi,“ útskýrir Þórsteinn.

Pottar þessir eru vistvænir. Notað er eins lítið af plasti í þá og mögulegt er og svo er innflutningsleið pottanna mun styttri en þekktist almennt. „Margir hinna hefðbundnu potta eru fluttir inn frá Bandaríkjunum og Kanada, en þessir pottar koma frá Finnlandi,“ bendir hann á.

Þórsteinn býður einnig upp á gufuböð og hyggst brátt hefja innflutning á vistvænu pallaefni í sama efni og pottarnir. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér þessar vörur frekar er bent á heimasíðu fyrirtækisins www.spadealers.eu

klara@rettabladid.is

strigaprentun

20% afsláttur í apríl

Verðdæmi á mynd tilbúin á blindamma

20x30	4.320kr.
30x45	5.120kr.
40x60	7.200kr.
60x90	10.720kr.
70x105	15.280kr.
40x40	5.280kr.
50x50	7.360kr.

myndval

Þönglabakka (Mjódd) 4 sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is

Lykill að fallegu heimili

felst í nýju húsi frá Scanwo – dönsk hönnun, frábær einangrun í veggjum (245 mm) og í þaki (400 mm) – þú sparar orku og krónur. Er það búgarður, bústaður, einbýli, tvíbýli, ein hæð eða tvær?

Lausnina finnur þú hjá Scanwo



www.scanwo.dk scanwo@gmail.com s: 895 6811

Stigahúsateppi

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800

STRÖND KEPP.

www.strond.is

HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM TILBOÐSDAGAR - VAXTALAUS LÁN Í 6 MÁNUÐI

Frí legugreining og fagleg ráðgjöf um val á heilsudýnum.

20-50% AFSLÁTTUR

Rúm Gott

Húsgagnavinnustofa RH

GEL/ETHANOL ARINELDSTÆÐI Í SUMARBÚSTAÐINN EÐA HEIMILIÐ. REYKLAUS OG LYKTARLAUS



www.rumgott.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Valsað ál fyrir þök og veggj

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

fasteignir

14. APRÍL 2008



Boas
Sölufultrúi
699 6165
boas@remax.is



Þórarinn
Jónsson Hdl.
Löggiltur
fasteignasali



100% þjónusta fyrir þig
Hringdu núna ☎ 699 6165

Opið hús í dag
kl. 20.00 - 20.30



Berjarími 51 - 112 Reykjavík

Opið hús í dag kl. 20.00 - 20.30

- 161,5 fm - 4 herbergja
- Neðri hæð í tvíbýli
- Verð 45.800.000

Laus
strax!

Opið hús í dag
kl. 19.30-20.00



Smárarími 27 - 112 Reykjavík

Opið hús í dag kl. 19.30-20.00

- Glæsilegt einbýlishús
- 188,2 fm 4-5 herbergja
- Verð 58.700.000

Opið hús í dag
kl. 18.00 - 18.30



Svöluás 6 - 221 Hafnarfjörður

Opið hús í dag kl. 18.00 - 18.30

- Parhús á 2 hæðum
- 206,7 fm 5-7 herbergja
- Verð 55.600.000

Opið hús í dag
kl. 17.30 - 18.00



Kirkjuvellir 7 - 221 Hafnarfjörður

Opið hús í dag kl. 17.30 - 18.00

- 104,5 fm 3 herbergja
- Stæði í bílageymslu
- Verð 22.900.000



Glæsileg þakíbúð í hjarta bæjarins.

Þakíbúð í miðbænum

Fasteignasalan Stakfell hefur til sölu fallega þakíbúð í hjarta Reykjavíkur.

Um er að ræða fjögurra herbergja íbúð við Grundarstíg. Íbúðin er 143,6 fermetrar og skiptist í stofu, forstofu, eldhús og baðherbergi, tvö svefnherbergi,

fataherbergi og sjónvarpshol.

Komið er inn í snyrtilega sameign. Forstofa er með náttúrusteini á gólfi sem mætir ljósu parketti. Stofan er björt með útgengi á svalir. Glæsilegt útsýni er úr stofu og eldhúsi yfir Tjörnina. Eldhúsið er rúmgott með ljósri innréttingu og eyju og rauðar mósaíkflísar eru milli efri og neðri skápa og á eyjunni. Borð-

plötur eru úr graníti og blöndunartækin vönduð. Sérsmíðað borð er í borðstofu sem er opin við eldhús. Baðherbergið er með náttúrusteini á gólfum og ljósum mósaíkflísum á veggjum. Granítborðplata er á baðinnréttingu sem er úr ljóstónaðri eik. Bæði sturta og baðkar eru á baðherberginu og salernið upphengt. Þvottaaðstaða er inni á baðherberginu.

Á milli svefnherbergjanna tveggja er fataherbergi sem gerir íbúðina opna og skemmtilega. Sjónvarpsholið er stórt og og gæti nýst sem önnur stofa. Íbúðin er björt og útsýnið á sér varla hliðstæðu. Einkastæði fylgir íbúðinni.

Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannþjónusta s. 661 7000.

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413.

Ég er 18 ára og óska eftir útkeyrslu eða lagerstarfi. hef unnið á lyftara. uppl. í síma 6938161 Gunnar

Viðskiptataekifæri

Gefðu þér gjöf. Fjárfestu í 10 tímum í viku og hafðu +5 m. á ári eftir 2 ár. Einar s. 662 5599.

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjaldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Símapijónusta Spjaldómur S. 908 6666
Opið allan sólarhringinn.

Þia að leita af þeim rétta. Ég 32 ára þia í leit að strák, með samband í huga. Alltaf til í að prófa eitthvað nýtt. Ert þú sá rétti? Hafðu samband, ég er notandi „Undisleg4u“ á einkamal.is

FASTEIGNIR

Komum hreyfingu á hlutina
Kíktu á www.eignaleit.is

CERTUS
Þitt söluteymi

þegar hægir um þarf hraðari hendur!

Hringdu núna **822 3702**

Kristján Kristjánsson Sölufulltrúi
Skúli Örn Sigurðsson Sölufulltrúi
Erna Karlsdóttir Skjalavinnsla
Gunnar Valsson Sölustjóri 520 9502 822 3702 gv@remax.is
Hreiðar Jakobsson Sölufulltrúi
Vignir Már Garðarsson Sölufulltrúi
Sigurður Samuelsen Lögfulltrúi, fasteignasali, fyrirtækis- og skipasali

SIMONE DE Beauvoir LÉST
PENNAN DAG ÁRÍÐ 1986.

Heiminum hefur alltaf verið stjórnad af karlmönnum og þær skýringar sem gefnar hafa verið á því standast engin rök.

Simone de Beauvoir var fædd 9. janúar 1908. Hún var franskur rithöfundur og heimspækingur. Þekktust er hún fyrir fræðirit sitt *Le Deuxième Sexe* (Hitt kynið) frá 1949 sem er talið hafa lagt grunninn að samtímafeminisma því þar er að finna ítarlega athugun og greiningu á kúgun kvenna.



PETTA GERÐIST: 14. APRÍL 1992

Vígsla Ráðhúss Reykjavíkur

Ráðhús Reykjavíkur var vígt þennan dag 1992 og tekið í notkun. Þá voru liðin nákvæmlega fjögur ár frá því fyrsta skóflustungan var tekin af Davíð Oddssyni, þáverandi borgarstjóra, sem var mikill áhugamaður um framkvæmdina. Bygging hússins kostaði miklar deilur, mótmæli og á fjórða milljarð króna. Arkitektar að ráðhúsinu eru þau Margrét Harðardóttir og Steve Christer, sem sigruðu í samkeppni um hönnun þess. Ekki voru allir jafn hrifnir af útliti hússins í upphafi. Það þótti heldur rislitið fyrir svo veigamikla stofnun og margir höfðu séð fyrir sér hátimbraðra hús. Það var ekki síst hið bogamyndaða þak sem varð fyrir gagnrýni. Það þótti minna um of á braggana sem byggðir voru á stríðsárunum og lítil upphefð þótti að. Sömuléiðis höfðu ýmsir áhyggjur af lífríki Tjarnarinnar.

En nýja ráðhúsið leysti þann vanda borgarstjórnar að vera með starfsemi sína úti um allan bæ og vígsla þess var hátíðleg.



RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR Ráðhúsið við Tjörnina er eitt af einstökum byggingum miðborgarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MERKISATBURÐIR

- 1931 Alþingi er rofið og boðað til kosninga. Miklar deilur spinnast í kjölfarið.
- 1957 Neskirkja í Reykjavík vígð.
- 1962 Handritastofnun Íslands sem síðar fékk nafnið Árnastofnun er stofnuð.
- 1963 Hrímfaxi, önnur af tveimur Vicount-vélum Flugfélags Íslands, ferst við Fornebu-flugvöll í Osló.
- 1973 Fyrsta hljómplata Iron Maiden, samnefnd hljómsveitinni, kemur út í Bretlandi.
- 1987 Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli vígð.
- 1997 Þrír menn ráðast á starfsmann 10-11 við Suðurlandsbraut og hrífsa til sín tösku með sex milljónum króna en þeir nást samdægurs.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafnið leitar eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sígarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á allmargar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar á myndunum er hann beðinn að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525-5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is



HLJÓMBORÐSLEIKARI OG BLÓMASKREYTIÐ Heimir og félagar hans úr hljómsveitinni eru alltaf á móti sól. Þessa dagana eru þeir að vinna að nýrri plötu sem kemur út fyrir júl.

FRÉTTABLAÐIÐ/WALLI

HEIMIR EYVINDSSON, HLJÓMBORÐSLEIKARI Á MÓTI SÓL: FERTUGUR Í DAG

Ávallt sólarmegin í lífinu

Lagið Árin með hljómsveitinni Á móti sól hefur haldið sig á toppi íslenska vinsældalistans í vetur. Höfundur þess er hljómborðsleikari sveitarinnar, Heimir Eyvindsson, sem einmitt bætir við sig ári í dag og ekki bara ári heldur áratug. Hann er nefnilega fertugur.

Til að halda upp á tímamótin er hann floginn ásamt konu sinni Sólrúnu Auði Katarínusdóttur til hinnar rómantísku borgar Barcelona en áður fékkst hann til að svara nokkrum spurningum forvitins fréttamanns. Sú fyrsta var hvort hann hefði samið hið vinsæla lag í til efni afmælisins? „Nei, ég átti nú ekki endilega við mín eigin ár heldur alveg eins einhverra annarra,“ svarar hann.

Heimir býr í Hveragerði með fjölskyldu sinni, konu og þremur börnum, og lýkur lofsorði á bæinn og búsetu þar. „Hér er mjög gott samfélag og ekki spillir að við erum hér þrjár úr hljómsveitinni,“ segir hann og tekur undir athugasemd blaðamanns um að Hveragerði liggi vel við sól. „Við erum hér algerlega sólarmegin.“

Aðeins eru sjö mánuðir frá því Heimir flutti með fjölskylduna í Hveragerði. En hann er hagvanur þar frá fornu fari. „Ég var hér í skóla sem strákur því ég ólst upp í Ölfusinu,“ upplýsir hann. Nú vill blaðamaður vita bæjarnafnið og hvort þar hafi verið stundaður sveitabúskapur. „Bærinn heitir Hátún og er rétt við Selfoss, reyndar í garðyrkjuhverfi niður með Ölfusánni en mamma og pabbi voru að vinna í öðru. Faðir minn, Eyvindur Erlendsson, er leikstjóri og móðir mín Sjöfn Halldórsdóttir er verslunarkona. Foreldrar mínir búa þarna ennþá og ég átti heima þar fyrstu tuttugu ár ævi minnar. Það var mjög gott. Þægilegt umhverfi og hæfilega langt í næsta hús til að hægt væri að vera með hljómsveitargarg í bílskúrnum. Alger paradís upp á það að gera.“ Skyldi hann aldrei hafa verið í hattu þarna á bökkum Ölfusár? „Jú, jú. Við krakkarnir öðum út í miðja á eins og kjánar þegar við vorum litlir. En það fór allt vel. Svo hrundi ég úr Ingólfsfjallinu en lifði það af líka,“ rifjar

hann upp og bætir við: „Nú er maður skíthráddur um börnin ef þau hreyfa sig eitthvað. Ég væri löngu kominn á hæli ef ég leyfði mínum krökkum að gera það sem ég fékk að gera.“

Þegar Heimir er rúkaður um frásagnir úr skemmtanabransa nútímans verst hann allra fréttu. „Ég er lítið í að segja sögur en ég get sagt þér hvað er á döfinni hjá hljómsveitinni því hún er á fullu að vinna í nýrri plötu. Það er sú áttunda í röðinni og kemur út fyrir næstu júl.“

Heimir er ekki bara tónlistarmaður heldur líka menntaður blómaskreytir. „Ég fór í gegnum Garðyrkjuháskólann en vinn þó ekki við það fag heldur fæst við kennslu í Grunnskólanum í Hveragerði og er í fjarnámi við Kennaraháskóla Íslands.“ Hann segir hljómsveit- arvinnuna taka talsverðan tíma og nú er ekki vert að halda honum lengur á snakki því hann er að hendast til Keflavíkur að spila á skólaballi, daginn fyrir brottför til Barcelona.

gun@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Hólmur Finnbogason
Frostafold 44, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 6. apríl síðastliðinn, verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju mánudaginn 14. apríl kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð hjúkrunarþjónustu Karítas, s: 551-5606 (klukkan 9-12).

Karítas Magný Guðmundsdóttir
Íris Hildigunn Hólmarsdóttir
Rut Hólmarsdóttir
Halla Björk Hólmarsdóttir

Gerald Leonard
Morten Wenneberg
Ríkharður Örn
Ríkharðsson

Jóna Brynja Hólmarsdóttir
Heimir Örn Hólmarsson

Þórunn Karólína
Pétursdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Agnes Árnadóttir
Kópavogsbraut 1b,

lést miðvikudaginn 9. apríl. Kveðjuathöfn fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 15. apríl kl. 15.00. Útförin fer fram frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 26. apríl kl. 14.00.

Amalía Þórhallsdóttir
Ingibjörg Þórhallsdóttir
Kristín S. Þórhallsdóttir
Herdís Þórhallsdóttir
Þórarinn Þórhallsson
Lárus Þ. Þórhallsson
Þórhildur Þórhallsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Þorsteinn N. Ingvarsson
María R. Ólafsdóttir
Hildur E. J. Kolbeins
Reynir Sturluson



Systir okkar,

María Indriðadóttir

Dvalarheimilinu, Dalbraut, áður til heimilis að Hátúni 8, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 8. apríl, verður jarðsunninn frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 15. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

Sigurlaug Indriðadóttir
Páll Indriðason



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Egilsson

fyrirv. verslunarmaður, Hraunvangi 3, áður til heimilis að Ölduslóð 10, Hafnarfirði,

verður jarðsunninn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 16. apríl kl. 11.00.

Egill Jónsson
Ásbjörn Jónsson
Viðar Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristjana Magnúsdóttir
Unnur S. Einarsdóttir



lenovo
NÝR HEIMUR. NÝ HUGSIN.

Þolir fartölvun þín árekstur?

Lenovo ThinkPad fartölvur

Þann 31. janúar 2007 var Lenovo ThinkPad fartölvu keyrt á vegg á 56km/h. Eftir áreksturinn var hægt að kveikja á tölvunni og öll gögn héldust óskemmd. Lenovo ThinkPad fartölvur búa yfir innbyggðri magnesíum veltigrind sem ver vélbúnað og skjá tölvunnar. Þessi tækni sér til þess að þótt fartölvun verði fyrir miklu höggi haldast öll gögn óskemmd.

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni, og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherja samstæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samstæðunnar í fjórum löndum.



NÝHERJI

ÁST Í samstarfi við Vesturport
10 - 11 - 17 - 18 - 24 - 30. apríl
kl 20.00 alla daga

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

ALLAR SÍÐUSTU
SÝNINGAR

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is



Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Himinn og haf / SIA

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjö hundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.



Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

Benidorm

28. maí
frá kr. **44.990**

Frábært sértíloð
- Viña del Mar



Aðeins örfáar íbúðir í boði

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Benidorm 28. maí. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað við góðan aðbúnað. Bjóðum örfáar íbúðir á Viña del Mar, einum af okkar vinsælustu gististöðum, með frábæra staðsetningu í hjarta Benidorm. Skelltu þér til Benidorm og njóttu lífsins á einum af vinsælustu gististöðum Heimsferða.

Verð kr. **44.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Viña del Mar í viku.

Verð kr. **54.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í íbúð á Viña del Mar í viku.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

STUÐ MILLI STRÍÐA Tímanum sóað varlega

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR VINNUR AÐ TAKMARKI.



Svo virðist sem það sé í tísku hjá unga fólkinu um þessar mundir að stunda vefsíður sem styrkja félagsleg tengsl. Flestir stunda þessar síður grimmt einmitt þegar þeir eiga að vera að gera eitthvað viðurkenndara við tímann sinn, til dæmis að vinna eða læra. Þeir sem eyða deginum á Facebook í vinnunni eru í raun að gera það sama og maður sér þörpulta gera í teiknimyndasögum; skálfarnir fela skrípóblað inni í skólabók.

Þetta er svo sem vel skiljanlegt þar sem flestum, ef ekki öllum, leiðist mikið í vinnunni og skólanum. Ekki endilega vegna þess að vinnan

eða skólinn séu í sjálfu sér leiðinleg, heldur vegna þess að aðlaðandi valkostir missa aðdráttaraflíð þegar þeir eru skylda. Þannig verður meira að segja draumastarfið að kvöð fyrir en síðar. Því tókum við augljóslega öllum leiðum fagnandi til þess að gefa heilanum smá fri frá skyldustörfum. En hver sá sem heimsótt hefur veiðilönd veraldarvefjarins einhvern tímann á undanförunum fimm árum eða svo hlýtur þó að spyrja sig hvers vegna fólk velur sér að sólunda tíma sínum og annarra á félagstengslasíðum. Þær eru alveg ótrúlega leiðinlegar miðað við margt annað sem hægt er að gera á netinu. Vissulega bjóða þær upp á möguleikann á því að grafast fyrir um hvar hrekkjusvínið úr

barnaskóla er nú niður komið, en sá galli er á gjöf njarðar að hrekkjusvínið gæti verið betur sett í lífinu en maður sjálfur. Sú vitneskja vekur hjá manni ósjálfráð hneykslunar- og reiðiviðbrögð sem geta enst dögum saman. Hvers vegna að sóa tímanum á síðu sem getur kramið úr manni þann litla neista lífsgleði sem líf hins vinnandi manns hefur leyft manni að halda í, þegar maður gæti fremur skemmt sér við ópersónulegt léttmeti? Til að mynda leyfir ástundun einfaldra tölvuleikja á borð við Jewel Quest manni að stefna að takmarki og veita manni sæluhroll þegar takmarkinu er náð. Reyndar er líka hægt að stefna að takmarki í vinnu eða námi, en það er annað mál.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Mischa Barton á skilorð

Fyrirverandi OC-stjarnan Mischa Barton hefur verið dæmd á þriggja ára skilorð, án eftirlits yfirvalda. Dómsátt náðist í málinu því Mischa játaði að hafa ekið undir áhrifum áfengis. Leikkonunni, sem var handtekin fyrir ölvunarakstur í desember síðastliðnum, var einnig gert að sitja þriggja mánaða fræðslunámskeið um áfengisneyslu ásamt því að greiða tvö þúsund Bandaríkjadali í sekt. Hluti af dómsáttinni fólst í því að litið yrði framhjá þeirri staðreynd við ákvörðun refsingarinnar að hún hafi verið gripin með maríjúana og einnig að hún hafi keyrt án ökuréttinda.

Mischa var ekki viðstödd uppkvaðninguna en sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfar hennar þar sem hún sagðist gera sér grein fyrir alvarleika málsins og taka fulla ábyrgð á eigin gjörðum.




MISCHA BARTON Fékk þriggja ára skilorðsbundinn dóm.

Clooney elskar krullu

Þrátt fyrir að velflestir samstarfsmenn George Clooney stundi golf eða hraðskreiða bíla er leikarinn lítið gefinn fyrir slíkt, því nú hefur hann upplýst að fátt kveiki meira í honum en hin sérstæða íþrótt krulla, eða curling. Clooney kynntist þessari íþrótt þegar hann var í Kanada að leika í kvikmyndinni The Perfect Storm en þá stóðu yfir vetrarólympíuleikarnir í Salt Lake City.

Clooney skildi lítið í því að þessi íþrótt skyldi vera í sjónvarpinu daginn út og inn en eftir þriggja mánaða maraþon reyndist erfitt fyrir nærstadda að ná leikaranum út af hótélherberginu. „Ég var farinn að öskra á sjónvarpið og velta fyrir mér hinum og þessum tæknilegu atriðum,“ sagði Clooney.



Í KRULLU George Clooney er forfallinn krulluaðdáandi.

Britney klessir Benzinn

Britney Spears varð fyrir því óláni að klessa Mercedes Benz-bíl sinn seint á laugardagskvöldinu á Ventura-hraðbrautinni í Kaliforníu. Spears keyrði aftan á Nissan-bifreið sem hafði staðnæmst með þeim afleiðingum að sú bifreið fór aftan á annan bíl. Ekki urðu þó miklar skemmdir á ökutækjunum og eftir skýrslutöku var öllum leyft að fara.

Spears virðist loksins, loksins vera að ná áttum í tilveru sinni eftir fremur ótrúlega rússíbanareid með tilheyrandi dvöl á geðspítölum, meðferðarheimilum og sjúkrahúsum. Britney hefur loks fengið að hitta syni sína tvo eftir langa fjarveru og allt virðist stefna í virðist Britney vera að ná áttum eftir erfitt ár. lífað eðlilegu lífi næstu vikur og mánuði, eða þangað til eitthvað annað kemur í ljós.



ALLT Í GÓÐU Þrátt fyrir að hafa klessst Benzinn sinn virðist Britney vera að ná áttum eftir erfitt ár.

Spilltar löggur

Hópur innan brasilíska lögreglunnar sem er kallaður Sérsvéitin eða Tropa de Elite þarfnast nýs leiðtoga þegar fráfarandi leiðtogi er á barmi taugaáfalls vegna barnsburðar eiginkonu sinnar.

Það eru ekki margar kvikmyndir sem hafa setið jafn fast í mör síðustu misseri eins og City of God eða Cidade de Deus síðan hún kom, sá og sigraði á kvikmyndaárinu 2003. Brasilísk kvikmyndagerð hefur verið að sækja í sig veðrið síðastliðin ár með sterkum og vönduðum myndum á borð við Cidade de Deus, Tropa de Elite og Manda Bala sem hafa gert það gott um allan heim á kvikmynda-hátíðum.

Tropa de Elite er meðal annars skrifuð af fyrirverandi sérsvéitarmönnum innan brasilíska lögreglunnar og er leikstýrt af José Padilha, en þetta er hans önnur mynd í fullri lengd. Í myndinni er sýnd í raunverulegu ljósi sú spilling og stjórnleysi sem tröllreið brasilíska lögreglunnar á tíunda áratugnum. Hrætt útlit myndarinnar er óaðfínanlegt og helst hægt að líkja því við stemninguna úr þáttunum The Shield. Hasaratríðin eru afar vel gerð og fer ekki á milli mála að eitthvað af hrotta-skapnum í myndinni er sótt í mafíumyndir Scorseses og The Sopranos. Eftir hlé gerði smá stefnuleysi vart við sig en það varði ekki lengi.

Öll aðalhlutverkinn eru leyst vel af hendi og þá sérstaklega Wagner



KVIKMYNDIR

Tropa de Elite

Leikstjóri: José Padilha. Aðalhlutverk: Wagner Moura, André Ramiro.

Sýnd á Bióðögum Græna ljóssins.

★★★★

Trúverðug mynd í ætt við City of God um spillingu og stjórnleysi brasilíska lögreglunnar á tíunda áratugnum.

Moura í hlutverki fráfallandi kaptainsins Nascimento. Nýgræðingurinn André Ramiro fer með hlutverk hins samviskusama Matias og sýnir einnig mjög góðan leik.

Tropa de Elite sver sig í ætt við Cidade de Deus; hrá og drungaleg frásagnaraðferð myndarinnar er mjög nákvæm og trúverðug. Groddaleg hasaratríði standa upp úr og vandaður leikur er í fyrir-rúmi.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is

LANDIC
PROPERTY

AÐALFUNDUR LANDIC PROPERTY HF.

Aðalfundur Landic Property hf. verður haldinn þriðjudaginn 22. apríl 2008 kl. 16.00 á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2007.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2007 ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Stjórnarkjör.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
8. Tillögur um að eftirfarandi breytingar verði gerðar á samþykktum félagsins:

Breyting á grein 2.1. þannig að aðalfundur félagsins hækki heimild stjórnar til lántöku og útgáfu skuldabréfa með breytirétti úr 1.383.116.455 kr. í 1.956.968.155 (eða samsvarandi fjárhæð í evrum taki stjórnin ákvörðun um að nýta sér framangreinda heimild til að skrá hlutafé félagsins í evrum) til að mæta kaupum á hlutum í fasteignafélögum og -sjóðum og skuldbindingum þeim tengdum samkvæmt kaupsamningi, dags. 13. febrúar 2008. Muni breytirétturinn verða virkur skv. eftirfarandi: Frá 13. febrúar 2010 um allt að 533.255.477 kr. á genginu 15,4350, frá 13. febrúar 2011 um allt að 497.904.275 kr. til viðbótar á genginu 16,2068, frá 13. febrúar 2012 um allt að 474.194.548 kr. til viðbótar á genginu 17,0171 og frá 13. febrúar 2013 um allt að 451.613.855 kr. til viðbótar á genginu 17,8679. Lagt er til að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum til áskriftar að hinu nýja hlutafé. Heimild þessi skuli gilda fram til 13. febrúar 2013, en falla þá niður að því leyti sem hún hafi ekki verið nýtt.

9. Tillögur um endurnýjaða heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um allt að 750.000.000 kr. til að mæta greiðslum við frekari fjárfestingar, og til að mæta kaupréttarsamningum.
10. Tillögur um endurnýjaða heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um allt að 1.430.000.000 kr. með áskrift nýrra hluta vegna fyrirhugaðs útboðs og skráningar félagsins í kauphöll.
11. Tillögur um endurnýjaða heimild félagsins til að kaupa eigin hluti.
12. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 15:00.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns hluthafa, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Upplýsingar um framboð til stjórnar félagsins eru aðgengilegar hluthöfum á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund félagsins.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Hluthafar sem ekki geta sótt fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn Landic Property hf.

NÝTT Í BÍÓ!

2 VIKUR ÁTÖPNUM Í USA!
Mögnuð mynd byggð á sönnunathróum um hópmennda sem sérhæfð í að læra og tala í spili 21 með það markmiði að hreinsa spillavíthi Végasi!

21 Jim Sturgess, Kate Winslet, Laurence Fishburne and Kevin Spacey

7 Frábær gamanmynd þar sem gert er grín af öfurfetjumyndir samtímans; myndum eins og Spider-Man, Fantastic Four, X-Men og Batman!

SUPERHERO MOVIE Frá þeim sem færðu ykkur SCARY MOVIE og NAKED GUN

BÍODAGAR GRÆNA LÍOSSINS REGNBÖGINN 3 VIKUR 11. - 30. APRÍL 12 KVÍMÝNDIR

SMÁRRÁ BÍÓ SÍMI 564 0000 **5%**

21	kl. 5:20 - 8 - 10:35	12	THE AIR I BREATHE	kl. 6
21 LUXUS	kl. 5:20 - 8 - 10:35	12	TROPA DE ELITE	kl. 5:30 - 8
SUPERHERO MOVIE	kl. 4 - 6 - 8 - 10	7	THE KING OF KONG	kl. 6
DEFINATELY MAYBE	kl. 5:30 - 8	16	SAND AND SORROW (MYNDVARP)	kl. 6
VANTAGE POINT	kl. 8 - 10:10	16	THE BAND'S VISIT	kl. 8
SHUTTER	kl. 10:30	16	BELLA	kl. 8
HORTON	kl. 4 - 6	16	THE AGE OF IGNORANCE	kl. 8
			CARAMEL	kl. 10
			LAKE OF FIRE (MYNDVARP)	kl. 10
			WAR/DANCE (MYNDVARP)	kl. 10
			BEAUFORT	kl. 10:20

HÁSHÖLA BÍÓ SÍMI 530 1919

21	kl. 6 - 9	12		
SUPERHERO MOVIE	kl. 6 - 8 - 10	7		
DOOMSDAY	kl. 8 - 10:20	16		
THE OTHER BOYLEN GIRL	kl. 5:30	10		
THE KITE RUNNER	kl. 10	12		
BRÚÐGUMINN	kl. 6 - 8	7		

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500

21	kl. 6 - 8 - 10	7		
SUPERHERO MOVIE	kl. 6 - 8 - 10	16		
VANTAGE POINT	kl. 6	16		
THE ORPHANAGE	kl. 6	16		
THE EYE	kl. 10	16		

50 KR. AFLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA **mid.is** FÆR 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANNA MED KREDITKORTI

Oasis vaknar til lífsins

Tvær af mestu rokkhetjum Manchester-borgar og Bretlands eru að sögn breskra fjölmiðla að leggja á ráðin um glæsilega endurkomu. Brennivín og eiturlyf verða víðs fjarri.



SNÚA AFTUR Oasis-bræður eru væntanlegir aftur í sviðsljósið en þeir hyggjast fara í tónleikaferðalag um Bretland, Bandaríkinn og Kanada.

Ólátabelgirnir og bræðurnir Noel og Liam Gallagher úr Oasis eru samkvæmt sunnudagsblaði The Mirror í samningaviðræðum við AEG-fyrirtækið sem á O2-vörumerki. Talið er að þeir félagar muni blása til mikils tónleikaferðalags seinna á þessu ári í samstarfi við fyrirtækið og að fyrstu tónleikarnir verði í Arþúsundabyggingunni í London, en hljómsveitir á borð við Spice Girls, Led Zeppelin og Prince hafa haldið þar tónleika með góðum árangri. Samkvæmt The Mirror er fastlega gert ráð fyrir að Gallagher-bræðurnir muni græða hátt í fimmtán milljónir punda á þeim tónleikum, sem samsvarar tveimur milljörðum íslenskra króna. Í kjölfarið ætla þeir bræður til bæði Kanada og Bandaríkanna til að fylgja eftir nýrri plötu sinni.

Oasis-bræðurnir skutust upp á stjörnuhimininn seint á tíunda áratug síðustu aldar. Bretarnir höfðu ekki upplifað annan eins ferskleika í hrau rokki síðan The Rolling Stones var og hét. Stríðsástandið milli hljómsveitarinnar og Blur sá síðan til þess að þeir voru

á forsíðum dagblaðanna upp á hvern einasta dag og ekki versnaði veislan þegar Liam og Robbie Williams hótuðu hvor öðrum barsmíðum. En síðan það moldviðri gekk yfir hefur lítið heyrst til Gallagher-bræðra og þeir helst komist í fréttirnar fyrir að ná að halda

sér réttum megin við strikið. Aðdáendur hljómsveitarinnar geta því tekið gleði sína á ný þrátt fyrir að þeir búi yfir þeirri vitneskju að tónleikaferðalög sveitarinnar út fyrir landsteinana hafi yfirleitt endað með slagsmálum og almennum leiðindum. - fgg

Rás 2 lokaði hringnum

Rás 2 hefur undanfarnar vikur staðið fyrir glæsilegum rokktonleikum um allt Ísland með mörgum af fremstu rokkhljómsveitum Íslands. Hringferðinni lauk um helgina á Nasa þar sem sveitirnar gáfu allt í botn á síðustu metrunum. Á ýmsu hefur gengið á

ferðalaginu og þannig varð trommuleikari Dr. Spock, Arnar Þór Gíslason, fyrir vægu raflosti á Eskifirði en komst lifandi af, án þess að sæist mikið á honum.

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

RUINS KL. 10

DEFINATELY MAYBE

THE EYE

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE RUINS - POWER	kl. 8 og 10	16
DEFINATELY, MAYBE	kl. 5:45, 8 og 10:15	L
THE EYE	kl. 8 og 10	16
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 6	7
HORTON - ÍSLENSKT TAL	kl. 6	L



LÉK VIÐ HVURN SINN FINGUR Lay Low fór á kostum á hljómborðinu hjá Benny Crespo's Gang.



ÞÉTT Hljómsveitin Jan Mayen hefur eignast marga aðdáendur á ferð Rásar 2 um hringinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Í STUÐI Jan Mayen fór á kostum á Nasa.

SAMbio.is SAMBÍÓIN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

STONES SCORSESE SHINE A LIGHT

RUINS

FOOL'S GOLD

STÓRA PLANÍÐ

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

SHINE A LIGHT DIGITAL	kl. 5:30D - 8D - (10:30D POWER)	L
SHINE A LIGHT	kl. 5:30 - (8 uppsett) - 10:30	VIP
RUINS	kl. 6 - 8 - 10:10	16
FOOL'S GOLD	kl. 5:40 - 8 - 10:30	7
DOOMSDAY	kl. 10:30	16
10.000 BC	kl. 8 - 10:30	12
THE BUCKET LIST	kl. 8	7
UNDRÁHUNDURINN ÍSL TAL	kl. 6	L
STEP UP 2	kl. 5:40	7

SAMBÍÓIN SELFOSS

VANTAGE POINT	kl. 8 - 10:10	16
STÓRA PLANÍÐ	kl. 8	10
THE EYE	kl. 10:10	10

SAMBÍÓIN AKUREYRI

21	kl. 8 - 10	12
FOOL'S GOLD	kl. 8	7
STÓRA PLANÍÐ	kl. 10	10

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

SHINE A LIGHT	kl. 8 - 10:30	12
LARS AND THE REAL GIRL	kl. 8	L
SHUTTER	kl. 10:10	16

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

STÓRA PLANÍÐ DIGITAL	kl. 6D - 8D - 10D	10
SHINE A LIGHT DIGITAL	kl. 5:30D - 8D - 10:30D	L
FOOL'S GOLD	kl. 8 - 10:20	7
JUNO	kl. 6	7

DIGITAL HLJÓM OG MYND

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2008

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 14. apríl 2008 kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel.

Dagskrá fundarins:

- Venjuleg ársfundarstörf.
- Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 9. mars 2008
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

www.live.is Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is

Frábær upphitun

Gran Turismo 5: Prologue er forsmekkurinn á GT 5 sem á að koma út á næsta ári fyrir Playstation 3. Leikurinn er dálítið sérstakur fyrir þær sakir að hann stígur línuna á milli þess að vera sýnishorn eða full útgáfa. Hann er einhvers staðar mitt á milli og þess vegna erfitt að vita hvernig á að eiga við hann.

Leikurinn inniheldur sex brautir sem er hægt að spila bæði venjulega eða speglaðar. Í leiknum eru síðan um sjötíu bílar sem er hægt að keppa á. Leikurinn, sem skartar fullri háskerpuupplausn og sextíu römmum á sekúndu, lítur meiri-háttar vel út og nýtur sín vel í stóru háskerpu sjónvarpstæki. Í hljóðdeildinni svikur leikurinn ekki heldur; skartar 7.1 hljóðrás-um og hæfir vel í heimabíó.

GT-leikirnir hafa ávallt gengið út á raunveruleika og að þér finnist þú upplifa raunveruleikann þegar þú keyrir um brautir leiksins. Stór munur er á milli þess að keyra um á WV Golf GT eða Ford Mustang, hver bíll hefur sína eigin tilfinningu í akstri. Fyrir gírhausana er hægt að eyða talsverðum tíma í að fínstilla bílinn, fjöðrunina og annað, og fyrir hina er hægt að leyfa leiknum að velja fyrir sig.

Þegar þú ert búinn að eyða göðum tíma í að klára allar keppnir og ná öllum prófum sem er hægt að ná bíður eftir þér netspilun og er það í fyrsta sinn sem GT-serían skartar því. Sextán leikmenn geta spilað í einu saman í keppnum á



TÖLVULEIKIR

Gran Turismo 5: Prologue

Playstation 3

Pegi: 3+

★★★★

Forsmekkur að því sem koma skal.

netinu. Leikurinn er með skemmtilegan hlut sem kallast GT TV og er þar hægt að horfa á háskerpu myndbrot um bíla og annað því tengt og síðar verður hægt að horfa á bresku Top Gear-þættina í gegnum þetta. Hönnuðir leiksins hafa lofað viðbótum sem verða gefnar út á næstu mánuðum, eins og fleiri brautum og bílum, og mun það líklega auka endingu leiksins.

Spurningin er, er leikurinn þess virði að kaupa? Er verið að kaupa sýnishorn eða eitthvað meira? Svarið er að leikurinn fer línuna mitt á milli og er vel þess virði að kíkja á fyrir bílaáhugamenn og mun stytta þeim stundirnar þangað til Gran Turismo 5 kemur út að ári. Ekki sakar að leikurinn er á lægra verði.

Sveinn A. Gunnarsson

Enskan efst á vinsældalista

Þegar Eurobandið stígur á svið í Belgrad 22. maí næstkomandi verður enskan áberandi vinsælasta tungumálið hjá flytjendum í okkar hópi. Af þeim níttján þjóðum sem þar eja kappi hafa þrettán valið að flytja lag sitt á ensku, en sex ætla að halda í þjóðareinkennum.

Tyrkneska lagið verður flutt á þeirra ástkæra og ylhýra, þegar rokksvæitin Mor ve Ötesi (Fjólublár og meira) hristir upp í áhorfendum með laginu Deli. Albanía heldur sig einnig við eigið tungumál í laginu Zemren e lame peng, þar sem það þótti of erfitt að snara

textanum yfir á ensku. Frá Sviss kemur Paolo Meneguzzi, sem er af ítölsku ætterni þó að hann sé fæddur í landi osts og vasahnífa. Hann syngur lagið Era Stupendo og það á ítölsku. Lagið Romanca, frá Króatíu, verður að öllum líkindum flutt á króatísku, þó að fjölmargar aðrar útgáfur af því hafi hingað til verið teknar upp, þar á meðal á ensku og rússnesku. Fulltrúi Kýpur syngur um Femme Fatale á grísku, og hin portúgalska Vania syngur Senhora do mar á sinni tungu, eins og Portúgalir hafa gjarnan gert.



SVISS Á ÍTÖLSKU Paolo Meneguzzi er af ítölskum ættum og mun flytja framlag Sviss, Era Stupendo, á ítölsku í Belgrad í maí.

EUROVISION

39 DAGAR TIL STEFNU

VIÐ SENDUM , ALLA ÚR LANDI!

NEW YORK KAUPMANNAHÖFN HONG KONG
BUENOS AIRES LONDON AVIGNON BARCELONA PEKING
FRANKFURT BERLÍN SHANGHAI
EINDHOVEN MADRID CHENNAI
TORINO QINGDAO



ALLIR nemendur í meistaranámi í alþjóðavíðskiptum við HR fara í 3–6 mánuði til útlanda og stunda nám í öðrum háskólum eða sinna sérverkefnum hjá samstarfsfyrirtækjum HR. Í haust fara 50 nemendur til 20 borga víðs vegar um heiminn.

Fyrri umsóknarfrestur er til 15. apríl.
Seinni umsóknarfrestur er til 30. maí.

Kynntu þér námið á www.hr.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Í tilfinningatjóni

Lightspeed Champion er einmenningsverkefni Devonte Hynes úr hinnu sálugu indí-pönksveit Test Icicle en með þessu nýja verkefni stígur Hynes stórt og mikið hliðarspor frá tónlist hennar. Best er að lýsa tónlist Lightspeed Champion sem bresku útgáfunni af Bright Eyes. Það er svo sem ekki leiðum að líkjast, enda flaug Hynes alla leið til Omaha í Nebraska, heimabæ Conors Oberst í Bright Eyes, til að taka upp plötuna sem hér er til umfjöllunar. Um upptökustjórn sá Mike Mogis, einnig meðlimur í Bright Eyes, og þess vegna er ekki að ósekju að nafn Bright Eyes skjóti fljótt upp kollinum þegar Falling off the Lavender Bridge snýst um geislann.

Að eigin sögn er umfjöllunar-efni Hynes á plötunni tvískipt, annars vegar fáum við að heyra sögur úr draumum hans og hins vegar sannar sögur úr lífshlaupi hans. Reyndar er erfitt að átta sig á því hvort textar Hynes séu einlægir ástartextar, háðsglósur til samtímans eða einfaldlega klúðurslegt þvaður. Af þeim sökum verður Hynes oft kjánalegur í frásögn sinni og ótrúverðugur. I feel the nigga eyes staring/Makes me want to rip off my skin/Sketchy motherfuckers/Take me to the great heights...

En Hynes á sína spretti og nýtur sín oft fullkomlega. I Could Have Done This Myself er til dæmis



TÓNLIST

Falling off the Lavender Bridge

Lightspeed Champion

★★★

Fyrirverandi meðlimur hinnar háværu Test Icicles skellir sér í sveitatónlist-argalla, leitar á slóðir Bright Eyes og endar með þrýðilegan grip um raunveruleikann í draumunum sínum.

.....
brosleg og kaldhæðnisleg saga um aðra kynlífsreynslu Hynes (hann man víst ekki eftir fyrsta skiptinu). Ekki má heldur líta framhjá tíu mínútna sagnabákinum Midnight Surprise sem er með besta alternative-country sem nokkur Breti hefur sent frá sér. Hynes hefur þetta greinilega í sér en hann þarf einfaldlega að móta listsköpun sína betur.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

U2 heiðraðir í Afríku

Hópur afrískra tónlistarmanna hefur ákveðið að heiðra írsku rokkgoðin í U2 með því að gefa út þeirra helstu lög á safnplötu, en Bono og félagar hafa verið fremstir í flokki poppara sem hafa barist fyrir bættum hag Afríku.

Lögin verða að sjálfsögðu í afrískri umgjörð og mun platan heita In the Name of Love: Africa Celebrates U2. Upptökustjórnarnir Shaun Amos og Paul Heck segja að þeir vonist til að platan eigi eftir vekkja enn frekari athygli á afrískri tónlist á Vesturlöndum. „Við vonumst til að diskurinn vekji fólk til umhugsunar um afríska menningu og verði til þess að alþjóðasamfé-



FÁ HEIÐURSPLOTU Afrískir tónlistarmenn ætla að heiðra U2 með plötu en þar verða þeirra helstu lög í afrískum búningum.

lagið kynni sér málefni heimsálfunnar betur.“

> Vignir markahæstur Íslendinga

Vignir Svavarsson og félagar í Skjern rétt misstu af því að komast í úrslitakeppnina í dönsku úrvalsdeildinni í handbolta en það dugði liðinu ekki að vinna sinn leik í lokaumferðinni vegna óhagstæðra úrslita í öðrum leikjum. Það verða Íslendingaliðin FCK Håndbold, Århus GF og GOG Svendborg sem spila í úrslitakeppninni ásamt Bjerringbro-Silkeborg. Vignir skoraði langflest mörk af íslensku leikmönnum í vetur eða 123 í 25 leikjum, sem gera 4,9 mörk í leik. Snorri Steinn Guðjónsson hjá GOG var annar Íslendinga með 104 mörk og félagi hans Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði 85.



sport
sport@frettabla-

FH-INGURINN TRYGGVI GUÐMUNDSSON: BÚINN AÐ SKORA 10 MÖRK Í 4 LEIKJUM Í LENGJUBIKARNUM

Það er ekkert hókus pókus í gangi

Tryggvi Guðmundsson og félagar í FH sækja KR-inga heim í Lengjubikarnum í kvöld en leikurinn fer fram á gervigrasinu í KR og hefst klukkan 17.30.

„Þetta er úrslitaleikur í þessum riðli þótt bæði lið séu komin áfram en þetta er líka alltaf spurning um heiðurinn. Leikir FH og KR eru stórleikir og það er alltaf gaman að spila við KR-inga,“ segir Tryggvi Guðmundsson, sem hefur verið sjóðheitur í Lengjubikarnum og skorað 10 mörk í 4 leikjum.

„Þetta hefur verið að gerast mikið í kringum mig í síðustu leikjum og ég er búinn að eiga mikinn þátt í sóknaraðgerðum okkar en það er hókus pókus í gangi. Ég fer ekki að breyta þegar ég orðinn 33 ára. Þetta hefur atvikast Þetta er gott fyrir sjálfstraustið. Við höfum skora fullt af mörkum og fá mikið af færum. Ég hef verið að nýta þau og vonandi held ég því áfram,“ segir Tryggvi. Tryggvi á enn fimm mörk í að jafna markamet Þróttarans Sörrens Hermansen frá árinu 2003 en aðeins fimm aðrir leikmenn

hafa náð að skora yfir tíu mörk í deildarbikar karla síðan hann var settur á lagginnar 1996. Tryggvi skoraði 11 mörk í honum vorið 1997 og var því fyrsti leikmaðurinn til að brjóta tíu marka múrinn í annað sinn.

Vorið hefur samt ekki verið eintómur dans á rósum. „Ég varð fyrir smá hnjaski áður en við fórum til Portúgal og er ekki búinn að vera alveg hundrað prósent síðustu vikuna. Ég fékk olnboga í rifbeinin og þau eru öll bólgin og marín. Ég er allur að koma til og vonandi heldur þessi tölfraði áfram í Lengjubikarnum,“ segir Tryggvi, sem er spenntur fyrir sumrinu og ánægður með nýju þjálfarana.

Bæði lið hafa unnið alla fjóra leiki sína; FH er með markatöluna 19-3 en KR er með markatöluna 14-4. „Við fórum í alla leiki til að vinna þá hvort sem þeir eru í nóvember, desember, febrúar eða maí. Það er hugsunarháttur sigurvegara að fara í alla leiki til vinna þá sama hversu mikilvægir þeir eru,“ segir Tryggvi en FH getur unnið deildarbikarinn þriðja árið í röð og í fimmta sinn á sjö árum.



ekkert einhverju svona. verið að



FERRI SKOT Í SIGRUNUM Daninn Adama Darboe hjá Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÍSLENDINGARNIR

Framlag í leik í sigurleikjum	75,7
Þorleifur Ólafsson	22,7
Páll Axel Vilbergsson	20,7
Helgi Jónas Guðfinnsson	18,3
Páll Kristinsson	14,0
Framlag í leik í tapleikjum	43,7
Páll Axel Vilbergsson	13,3
Páll Kristinsson	13,3
Þorleifur Ólafsson	11,7
Helgi Jónas Guðfinnsson	5,3
Mismunur	+32,0

ÚTLENDINGARNIR

Framlag í leik í sigurleikjum	37,3
Adama Darboe	19,7
Jamaal Williams	13,7
Igor Beljanski	4,0
Framlag í leik í tapleikjum	50,7
Adama Darboe	25,3
Jamaal Williams	17,3
Igor Beljanski	8,0
Mismunur	-13,3

Íslendingarnir gera gæfumuninn

Til að sleppa við sumarfrí þarf Grindavík að vinna sinn fyrsta útisigur í úrslitakeppninni í Stykkishólmi í kvöld. Snæfell hefur tapað 3 af síðustu 4 leikjum þar sem liðið hefur getað slegið lið út úr úrslitakeppninni.

KÖRFUBOLTI Grindvíkingar eru áfram upp við vegg í úrslitakeppni Iceland Express deildar karla þrátt fyrir glæsilegan 19 stiga sigur á Snæfelli í Röstinni í Grindavík á laugardaginn.

Þeir þurfa að vinna í Stykkishólmi í kvöld annars eru þeir komnir í sumafri. Snæfellingum hefur aftur á móti gengið illa gegn liðum sem eru upp við vegg og aðeins unnið 1 af síðustu 4 leikjum sínum í þeirri stöðu. Liðin mætast í fjórða leik undanúrslitaevngis síns klukkan 20.00 í kvöld. Þegar tölfraði þriggja sigurleikja Grindavíkur í úrslitakeppninni er borin saman við tölfraði tapleikjanna kemur það í ljós að það eru íslensku leikmennirnir í liðinu sem eru að ráða úrslitum því þeirra framlag er mun hærra í sigrinum en framlag útlendinganna er aftur á móti lægra í leikjunum sem Grindavíkurliðið hefur unnið til þessa.

Íslendingarnir fjórir sem eru í stærstu hlutverkunum í liðinu eru með 32,0 hærra framlag í sigurleikjunum en í tapleikjunum en á sama tíma lækkar framlag erlendu leikmannanna þriggja um 13,3 framlagsstig. Það munar mestu á bakvörðunum Helga Jónasi Guðfinnssyni og Þorleifi Ólafssyni. Helgi Jónas er með 13,0 fleiri

framlagsstig í sigurleikjunum en Þorleifur hækkar sig um 11,0 framlagsstig. Helgi Jónas hefur skorað 13,0 stig, gefið 6,0 stoðsendingar og hitt úr 54,5 prósent þriggja stiga skota sinna í sigrunum þremur en í tapleikjunum er hann með aðeins 3,3 stig, 2,7 stoðsendingar og hefur bara hitt úr 2 af 10 þriggja stiga skotum sínum. Þorleifur hefur skorað 21,3 stig og hitt úr 58,7 prósent skota sinna í sigurleikjunum en í tapleikjunum hefur aðeins hitt úr 30,2 prósent skota sinna og skorað 10,7 stig í leik.

Páll Axel Vilbergsson er hærra í stigum (23,7) á móti (14,3), frá-köstum (5,0 - 4,0) og stoðsendingum (1,0 - 0,3) í sigurleikjunum auk þess sem hann hefur hitt 6 prósent betur úr þriggja stiga skotum sínum, 42,9 prósent á móti 36,8 prósent. Það er minnstur munur á Páli Kristins-



MIKILVÆGIR Frá vinstri: Þorleifur Ólafsson, Páll Axel Vilbergsson og Helgi Jónas Guðfinnsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

syni sem er samt með 5,7 prósent hærra skotnýtingu í sigurleikjunum.

Það skiptir líka Grindavíkurliðinu mestu máli að danski leikstjórnandinn Adama Darboe spili upp félag sína því eini tölfraði-þátturinn sem hækkar hjá honum í sigurleikjunum eru stoðsendingarnar sem fara úr 4,7 upp í 8,7 í leik. Adama er þannig að taka 20

færri skot í sigurleikjunum heldur en í tapleikjunum. Hann er líka með 10,3 færri stig, 16,7 prósent lélegri þriggja stiga skotnýtingu og 5,7 færri framlagsstig í leikjunum sem hafa unnið.

Snæfell fékk tvö tækifæri til þess að slá KR-inga út úr undanúrslitunum í úrslitakeppninni í fyrra eftir að hafa komist 2-1 yfir en mistókst. KR vann tvo síðustu leikina þar á meðal leik fjögur með 24 stigum í Hólminum.

Snæfell mistókst einnig að slá Grindvíkinga út á laugardaginn og eru því komnir í sömu stöðu og fyrir ári síðan, fá tækifæri á heimavelli til þess að komast í lokaúrslitin en tap þýðir oddaleikur á útivelli. Nú er að sjá hvort Snæfellingar hafi lært af reynslunni eða hvort að þeim vanti „drápeðlið“ til þess að klára einvíginn sín. ooj@frettabladid.is

Akureyri vann HK með einu marki í N1-deild karla í handbolta fyrir norðan í gær:

Þetta var óþarflega tæpt

HANDBOLTI Akureyri vann sætan sigur á HK á heimavelli sínum í gær, 26-25, í leik sem skipti litlu máli fyrir Íslandsmótið. Akureyringar höfðu undirtökin í fyrri hálfleik en hefðu átt að leiða með stærri mun eftir hann. Staðan var 13-11 eftir fyrri hálfleik þar sem Sveinbjörn Pétursson, 19 ára gamall markmaður Akureyrar, fór á kostum og varði 17 skot, 61 prósent skota sem fóru á rammann.

Akureyri leiddi svo lengst af í síðari hálfleik en gekk ekki að hrista baráttuglaða HK-inga af sér. Sókn gestanna var mjög stírd og munaði þar mestu um. Sveinbjörn varði mjög vel, 26 skot en markmenn HK samtals 13.

Mikil spennan var undir lokin en Jónatan Magnússon skoraði þrjú mikilvæg mörk á lokaspættinum og Akureyri fagnaði tveimur stigum, úrslitin 26-25.

„Við vildum vinna leikinn og hafa gaman að þessu. Það tókst, við fögnuðum saman og áhorfendur voru frábærir. Við börðumst vel og mér fannst við vera komnir með þetta undir lokin. Bubbi

FRÁBÆR Í MARKINU Sveinbjörn Pétursson.

var frábær í markinu og við hefðum kannski átt að nýta það betur. Þetta var óþarflega tæpt,“ sagði Akureyringurinn Einar Logi Friðjónsson.

Bæði lið kvörtuðu sáran yfir dómurum leiksins. „Að mínu mati féllu nokkur vafaatriði í dómgæslunni þeirra megin, sérstaklega undir lokin. Heilt yfir hallaði þó líklega ekki á okkur í leiknum, maður tekur kannski meira eftir því sem dæmt er á móti okkur,“ sagði Einar en HK-ingar voru einnig ósáttir með dómgæsluna á tíðum.

Gunnar Magnússon, þjálfari HK, horfði upp á Hauka lyfta Íslandsmeistaratitilinum á laugardag og viðurkenndi að það hafi verið nokkuð erfitt að peppa menn upp í leikinn í gær. „Já, erfitt og ekki erfitt. Við ætlum að berjast fyrir þessu öðru sæti og mér fannst ekkert vanta upp á baráttuna í dag þrátt fyrir að gæðin hefðu mátt vera meiri. En ég er

ánægður með baráttuna í báðum liðum, þau ætluðu greinilega að selja sig dýrt og þetta var flottur leikur,“ sagði Gunnar.

Skotnýtingin fór eðlilega illa í þjálfarann. „Eigum við ekki að segja að nýtingin hafi skilið á milli í dag. Ég hef ekki töluna á dauða-færum og vítum sem fara forgörðum hjá okkur, það var dýrt. Það er erfitt að spila hér fyrir norðan og til að taka tvö stig hefðum við þurft að nýta færinn betur og eins að stoppa þá þegar þeir keyrðu hratt á okkur,“ sagði Gunnar. - hþ

AKUREYRI-HK 26-25

Mörk Akureyrar: Jónatan Magnússon 9/5 (11), Einar Logi Friðjónsson 6 (10), Hörður Fannar Sigþórsson 5 (11), Goran Gusic 2 (3), Magnús Stefánsson 2 (7), Rúnar Sigtryggsson 1 (1), Andri Snaer Stefánsson 1 (3).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 26 (51) 51%.
Hraðauppláup: 5 (Andri, Hörður 2, Einar, Rúnar)
Fiskuð víti: 5 (Hörður 2, Magnús, Andri, Heiðar) Utan vallar: 12 mínútur
Mörk HK: Ragnar Hjaltested 6/4 (12), Ólafur Bjarki Ragnarsson 6 (13/1), Brynjar Freyr Valsteinsson 3 (4), Sergey Petraytis 3 (6), Tomas Eitutis 3 (12), Bjarki Már Gunnarsson 2 (7), Gunnar Steinn Jónsson 2/1 (8/1).
Varin skot: Björn Ingi Friðbjósson 10 (24) 42%, Egidijus Petkevicius 3 (15) 20%.
Hraðauppláup: 1 (Ragnar)
Fiskuð víti: 8 (Petraytis 3, Gunnar 2, Eitutis, Bjarki, Brynjar). Utan vallar: 6 mínútur

Meistaránám í íþrótt- og heilsufræði
Nám sem veitir tækifæri til að vinna að rannsóknunum og þróunarstarfi á sviði íþrótt- og heilsu

MENNTAVÍSINDASVIÐ www.khi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsóknarfrestur er til 15. apríl / Skráning og upplýsingar á www.khi.is

ÚRSLITIN Í GÆR

Iceland Express-deild karla

ÍR-Keflavík 79-97 (39-48)
 Stig ÍR: Nate Brown 17 (11 stoðs, 9 frák.), Sveinbjörn Claessen 14, Tahirou Sani 14, Hreggviður Magnússon 11, Eiríkur Öundurson 9, Ólafur Jónas Sigurðsson 5, Steinar Arason 3, Ómar Sævarsson 2, Davíð Þór Fritzon 2, Þorsteinn Húnfjörð 2.

Stig Keflavíkur: Tommy Johnson 28 (4 stoðs, 3 stolnir, 29 mínútur), Þróstur Leó Jóhannsson 19 (7 frák., 20 mín.), Bobby Walker 16 (4 stoðs.), Gunnar Einarsson 9, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 9 (7 frák., 4 stoðs.), Arnar Freyr Jónsson 8 (8 stoðs.), Jón Norðdal Hafsteinson 4, Magnús Þór Gunnarsson 4.

STABAN ER 2-2 Í EINVÍGINU



TVÖ AF 11 STIGUM ÍR-ingurinn Hreggviður Magnússon í leiknum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hreggviður Magnússon hjá ÍR:

Hafa sett okkur út úr okkar leikskipulagi

KÖRFUBOLTI ÍR-ingar hafa tapað síðustu tveimur leikjum stórt en það er þó engin uppgjöf í þeirra herbúðum.

„Þetta er búið að vera erfitt hjá okkur í undanfönum tveimur leikjum út af einni ástæðu og það er út af því að við höfum ekki spilað okkar leikskipulag. Þeir eru búnir að ná því markmiði að setja okkur út úr því. Við spilum vel í upphafi leiks og vorum þá inn í okkar leikskipulagi en misstum þá síðan gjör-samlega frá okkur í seinni hálfleik,” sagði Hreggviður eftir leikinn í gær. Hreggviður skoraði 8 af 11 stigum sínum eftir að ÍR var komið 25 stigum undir og hefur aðeins náð 15 skotum á körfuna í síðustu tveimur leikjum. Hann er ekki á því að þetta sé hrúðið hjá ÍR þrátt fyrir tvö slæm töl.

„Við eigum harma að hefna eftir undanfarna tvo leiki. Staðan er 2-2 og það getur allt gerst. Bæði lið eru búnir að sýna það að þau kunna að spila körfubolta og nú er þetta einvígi komið alla leið í úrslitaleik. Það er mikil spennan og bara gaman að því,” segir Hreggviður og fram undan er oddaleikur á miðvikudaginn.

„Það verður allt gefið í oddaleikinn. Blóð, sviði og tár verða skilin eftir á vellinum. Hvorugt liðið vill fara í sumarfrí og það ætti að vera yndislegur kokkteill,” sagði Hreggviður eftir leikinn í gær.

- óóó



SVEKKELSI Sveinbjörn Claessen var ekki sáttur við dómara í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þróstur kveikti í Keflavíkurliðinu

Leikur ÍR-inga hefur hrúðið gegn grimnum Keflvíkingum í síðustu tveimur leikjum og deildarmeistararnir hafa endurskrifað körfuboltasöguna með því að jafna í 2-2 eftir að hafa unnið stóra sigra í röð.

KÖRFUBOLTI Keflvíkingar eru búnir að gera það sem enginn hefur gert áður: Þeir eru komnir í oddaleik í undanúrslitaeinvígi sínu gegn ÍR þrátt fyrir að hafa lent 2-0 undir.

Keflvíkingar hafa unnið tvo síðustu leiki afar sannfærandi með 33 og 18 stiga mun og fá nú oddaleikinn á heimavelli í Slátruhúsinu á miðvikudaginn. Keflavík vann fjórða leikinn, 79-97, í Seljaskólanum í gær þar sem þeir komust mest 27 stigum yfir þótt að þeir hafi lent 15-4 undir og ekki skorað í rúmar fimm mínútur í upphafi leiks.

„Við höfum skrifað af körfuboltasögunni og ætlum að halda því áfram,” sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, eftir leikinn.

Í stöðunni 15-4 fyrir ÍR og þegar Keflavíkurliðið var ekki búið að skora í tæpar fimm mínútur setti Sigurður Ingimundarson hinn 19 ára gamla Þróstur Leó Jóhannsson inn á völinn.

„Ég hugsaði bara um að koma þessu í gang, koma með baráttu og reyna að láta eitthvað gerast,” sagði Þróstur en Keflavík vann síðustu 3 mínútur fyrsta leikhlutans 16-2 og var komið þremur stigum yfir, 17-20, í lok hans. „Það er langskemmtilegast að koma inn á í svona leikjum og kannski má segja það að ég njóti mín þegar spennan er mest,” sagði Þróstur sem fékk aðeins að spila í 3 mínútur í fyrstu tveimur leikjunum en hefur verið með 30 stig og 13 fráköst á 33 mínútum í síðustu tveimur leikjum.

„Við vorum ekki með hausinn í lagi til þess að byrja með en svo horfðum við á þetta og sáum að við vorum ekki búnir að vera nægilega stoltir af sjálfum okkur. Við þurfum að fá aðeins meiri hroka í okkur og það hefur sýnt sig að það virkaði. Það er nóg eftir, við þurfum að vinna einn leik í viðbót og svo ætlum við að fara



MAÐUR KVÖLDSINS Þróstur Leó Jóhannsson, hin 19 ára gamla hetja Keflavíkur, í Hellinum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

alla leið,” sagði Þróstur sem var með 19 stig og 7 fráköst í gær og Keflavík vann leikinn 65-40 þær 20 mínútur sem hann spilaði.

„Þróstur er gríðarlega góður leikmaður en hann er í gríðarlegri baráttu við góða menn. Hann hefur verið að spila frábærlega í tveimur síðustu leikjum og það er klárt að liðið er betra með menn eins og hann svona góða. Hann kveikti í liðinu í dag sem sinni baráttu. Hann er mikill keppnismaður og svoleiðis menn skila alltaf einhverju inn á völinn,” sagði Sigurður þjálfari um Þróst.

Keflavíkurliðið hefur heldur

betur sýnt það í síðustu tveimur leikjum að í liðinu býr hjarta sigurvegarans. Þjálfarinn Sigurður Ingimundarson er sammála því. „Þetta eru strákar sem hafa gert meira en margir aðrir í íþróttum og menn skyldu síst vanmeta kraftinn í þeim. Menn vöknudu af værum blundi. Menn áttuðu sig bara á því að það var ekki okkur sæmandi að vera að spila eins og við gerðum í fyrstu tveimur leikjunum. Það þurfti að kveikja aðeins í þeim en þeir eru með það á hreinu núna,” sagði Sigurður og bætti við:

„Ég þurfti ekkert að gera fyrir

þennan leik því strákarnir eru alveg með það á hreinu hvað er í gangi. Við erum ennþá pollrólegir en eitt er víst, við ætlum að gera okkur klára fyrir næsta leik. Við höfum tekið þetta sem einn leik fyrir í einu en núna ætlum við að vera nokkuð vissir um það að við séum tilbúnir í næsta leik,” sagði Sigurður.

Hann hefur fengið risaframlag frá Tommy Johnson af bekknum í síðustu tveimur leikjum en hann einsamall hefur skorað 50 stig á móti 24 frá öllum varamönnum ÍR-inga. En hefur Tommy unnið sér sæti í byrjunarliðinu? „Það er ekkert víst því það er aldrei að vita hverju ég tek upp á,” sagði Sigurður í léttum tón.

Nate Brown og Sveinbjörn Claessen voru manna líflegastir hjá ÍR-ingum sem hafa látið slá sig út af laginu í síðustu leikjum. Mestu munar um að Hreggviður Magnússon hefur aðeins skorað 17 stig í þessum tveimur leikjum þar af 13 þeirra í svokölluðum rusltíma þegar leikurinn er tapaður.

Tommy Johnson og Þróstur Leó Jóhannsson voru frábærir í liði Keflavíkur en eins léku þeir Sigurður Gunnar Þorsteinson, Gunnar Einarsson og Arnar Freyr Jónsson stórt hlutverk í sigrinum en Bobby Walker og Magnús Þór Gunnarsson voru væntanlega að spara sig fyrir oddaleikinn.

ooj@frettabladid.is



50 STIG Í SÍÐUSTU TVEIMUR LEIKJUM Tommy Johnson hjá Keflavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁRSFUNDUR ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2008

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 17. apríl 2008 á Nordica Hótel, sal I, kl. 17.15.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2007 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

NÝJUNG

Bylting í þjónustu við sjóðfélaga

Á ársfundinum mun Almenni lífeyrissjóðurinn kynna nýjung sem felur í sér byltingu í þjónustu við sjóðfélaga.



ÚRSLITIN Í GÆR

Ensku úrvalsdeildin

LIVERPOOL-BLACKBURN	3-1					
1-0 Steven Gerrard (60.), 2-0 Fernando Torres (82.), 3-0 Andri Voronin (90.), 3-1 Roque Santa Cruz (92.), 3-1 Roque Santa Cruz (93.)						
MANCHESTER UNITED-ARSENAL	2-1					
0-1 Emmanuel Adebayor (48.), 1-1 Cristiano Ronaldo (54.), 2-1 Owen Hargreaves (72.)						
STADA EFSTU LIDA:						
Man. United	34	25	5	4	72-18	80
Chelsea	33	22	8	3	58-23	74
Arsenal	34	20	11	3	64-29	71
Liverpool	34	18	12	4	60-26	66
Everton	34	18	7	9	50-28	61
Portsmouth	34	16	9	9	47-33	57
Aston Villa	34	15	10	9	62-44	55
Man. City	34	14	10	10	39-40	52
Blackburn	34	13	12	9	44-42	51
West Ham	34	12	8	14	35-41	44
Tottenham	34	10	11	13	63-57	41

Álímingsvélur og allar gerðir iðnaðarprentara.

Álímingsvélur, límíðaprentarar, bleksprautuprentarar, filmprentarar, kassaprentarar og laserprentarar.

Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir



Vélmark ehf.

upplýsingar í síma: 445-9930.

Auglýsingasími

512 50 50

Glæsilegt sigurmark úr óvæntri átt

Arsenal hefur aðeins fengið átta stig út úr átta leikjum síðan Eduardo fótbrotnaði 23. febrúar. United hefur náð í 22 af 24 mögulegum stigum á sama tíma og er með sex stiga forskot eftir 2-1 sigur í leik liðanna í gær.

FÓTBOLTI Manchester United náði sex stiga forskoti á toppi ensku úrvalsdeildarinnar og eyddi öllum titilvönum Arsenal með því að vinna leik liðanna 2-1 á Old Trafford í gær.

Owen Hargreaves skoraði sigurmarkið með glæsilegur skoti beint úr aukaspyrnu þegar allir voru að bíða eftir því að Cristiano Ronaldo tæki aukaspyrnuna.

Ronaldo hafði áður jafnaði leikinn úr vítaspyrnu eftir að Emmanuel Adebayor hafi komið Arsenal í 1-0 á að því virtist ólöglegan hátt. Emmanuel Adebayor notaði þá hendina en fram að því hafði Tógómaðurinn farið illa með hvert tækifærið á fætur öðru og fyrir vikið nýtti Arsenal ekki yfirburði sína í fyrri hálfleiknum.

„Þeir voru vissulega óheppnir að fá ekkert út úr leiknum. Það væri ekki hægt að fá meira út úr þessu Arsenal-liði en það sem þeir sýndu í dag en við náðum samt að vinna. Gæðin í þessum leik voru einstök og það verður ekki spilaður betri leikur á þessu ári,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, eftir leikinn.

Ferguson talaði um að lykkillinn að sigrinum hafi verið þegar hann setti þá Anderson and Carlos Tevez inn á þegar Arsenal var komið yfir í leiknum. „Ég varð að gera eitthvað þegar Arsenal komst yfir og við vorum frábærir eftir að þeir komu inn á. Wayne (Roon-ey) hefði getað skorað þrennu,“ sagði Ferguson og framundan eru leikir gegn Blackburn og gegn Chelsea á Stamford Bridge 16. apríl. „Ef við vinnum þessa tvo leiki þá erum við meirarar. Við komumst í gegn taugastrekkjandi



TITILLINN Í SEILINGARFIARLEGGÐ Leikmenn Manchester United fagna sigurmarki Owen Hargreaves.

NORDICPHOTOS/APP

dag í dag. Þetta var risaleikur og við förum í gegnum hann,“ sagði Ferguson að lokum.

Tapið gerði titilvönir Arsenal að engu sem þýðir að þriðja tímabilið í röð þurfa Arsene Wenger og lærisveinar hans að sætta sig að vinna ekki einn einasta titil. Það virðist ekki vera langt síðan en það var eins og heimur Arsenalmann hrundi þegar Brasilíumaðurinn Eduardo fótbrotnaði í 2-2 jafnteflisleik gegn Birmingham 23. febrúar síðastliðinn. Arsenal

var með fimm stiga forskot á toppnum fyrir leikinn en hefur síðan aðeins unnið einn leik og bara náði í átta stig út úr átta leikjum. Það hafa þrettán lið í deildinni náð betri árangir á þessum tíma og topplið Manchester United hefur náð í 22 af 24 mögulegum stigum frá 23. febrúar eða 14 fleiri en Arsenal.

Dótt að Emmanuel Adebayor hafi skorað í gær þá virðist hann hafa orðið fyrir slæmum áhrifum af óföllum Durado því þetta var

fyrsta markið hans í þessum átta leikjum en fyrir leikinn hafði hann skorað 19 mörk þar af 9 þeirra í sjö leikjum þar á undan.

„Okkur finnst að það muni ekki miklu á okkur, United og Chelsea hvað varðar tæknilega getu og gæði fótoltans og því er mjög erfitt að sætta sig við það að við vinnum ekki titilinn. Ég vil vinna titla og er mjög leiður yfir því að við getum ekki gert það á þessu tímabili. Við munum halda áfram að spila okkar leik og gera það bara enn betur og þá munu bikararnir fara að skila sér,“ sagði Wenger eftir leikinn og bætti við.

„Sjálfsraustið í liðinu hefur minnkað í kjölfar hvera áfallsins á fætur öðru en liðsandið hefur engu að síður verið frábær allan tímann. Í heildina er ég mjög stoltur af frammistöðu míns liðs í dag því við þurfum að sína mikinn styrk eftir Liverpool-leikinn sem og við gerðum,“ sagði Wenger sem taldi aldrei hefði átt að dæma aukaspyrnuna sem Hargreaves skoraði sigurmarkið úr.

„Mér fannst Gilberto ekki snerta Evra,“ sagði Wenger en Patrick Evra fékk aukaspyrnuna á Gilberto.

ooj@frettabladid.is



KALT FADMLAG Stjórnarnir Arsene Wenger og Alex Ferguson þakka hvor öðrum fyrir leikinn en það er ekki mjög hlýtt á milli þeirra.

NORDICPHOTOS/APP



SIGURMARKIÐ Það biðu allir eftir að Cristiano Ronaldo tæki spyrnuna en Owen Hargreaves kom öllum á óvart.

NORDICPHOTOS/GETTY



Fernando Torres skoraði sitt þrítugasta mark í vetur í 3-1 sigri á Blackburn:

Liverpool er komið í góð mál

FÓTBOLTI Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, skoraði fyrsta mark Liverpool og lagði síðan það næsta fyrir Fernando Torres í 3-1 sigri Liverpool á Blackburn Rovers á Anfield í gær.

Þessir tveir hafa náð einstaklega vel saman í vetur og saman hafa þeir skorað 51 mark, Torres hefur skorað 30 og þetta var 21. mark fyrirliðans. Andriy Voronin skoraði þriðja markið áður en Roque Santa Cruz minnkaði muninn.

Með þessum sigri náði Liverpool fimm stiga forskoti á nágretta sína í Everton í baráttunni um fjórða sætið sem gefur sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta tímabili.

Gerrard gagnrýndi sjálfur frammistöðu sína í sigrinum á Arsenal í Meistaradeildinni í vikunni en það var ekki hægt að kvarta yfir frammistöðu hans í gær og þá síður yfir markinu sem hann skoraði á mjög smekklegan hátt eftir að hafa „klobbað“ einn varnarmann Blackburn um leið og hann stakk sér inn í vítateiginn þar sem hann lagði boltann í netið. Þetta var víðeigandi enda



300. LEIKURINN Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, lék vel í tímamóta-leiknum.

NORDICPHOTOS/GETTY

var hann að spila sinn 300. úrvalsdeldarleik.

„Ég er mjög stoltur af því að hafa náð að spila svona marga leiki. Þetta var frábær dagur, liðið spilaði mjög vel og einu vonbrigðin voru að fá á sig mark í

lokin,“ sagði Gerrard eftir leikinn. Hann er ánægður með Torres. „Það er ótrúlegt að ná því að skora 30 mörk á sínu fyrsta tímabili en ég er viss um að hann eigi eftir nokkur mörk til viðbótar,“ sagði Gerrard og bætti við: „Það var mikilvægt að ná þessu upp í fimm stig, þetta verður eltingarleikur en við höfum fulla trú á því að við munum taka fjórða sætið.“

Liverpool var búið að vera mikið í fréttunum vegna deilna eigandans Tom Hicks og framkvæmdastjórans Rick Parry. Gerrard viðkenndi vonbrigði sín með þetta fjölmiðlamál. „Við erum knattspyrnufélagið Liverpool og erum betri en þetta. Við leikmennirnir þurfum aftur á móti að einbeita okkur að mikilvægari málum,“ sagði Gerrard að lokum.

Torres endurskrifaði Liverpool-söguna í gær með því að vera fyrsti maðurinn til þess að skora í sjö deildarleikjum í röð á Anfield. Markið skoraði hann með skalla eftir fyrirgjöf Gerrards þegar átta mínútur voru til leiksloka.

- 66j

Verkstjórar hjá opinberum aðilum hittast, bæjarverkstjórar, vegagerðarverkstjórar og verkstjórar hjá Orkuveitunni

Verkstjórasamband Íslands boðar til fundar

Allt undir góðri stjórn

FRÆDSLUFUNDUR

Verkstjórasamband Íslands boðar til fræðslufundar miðvikudaginn 16. apríl 2008 kl. 13:30 -17 í sal Orkuveitu Reykjavíkur Bæjarháls 1, 110 Reykjavík

Verkstjórar sem sinna svipuðum verkefnum víða um land, hittast, fræðast og blanda gæði.

Skráning í tölvupósti: kristin@vssi.is

Dagsetning 16.04.'08

Klukkan 13:30–17:00

Skráning s: 553 5040

Skráning í tölvupósti: kristin@vssi.is

Kristmann Larson frá VÍS

Ábyrgð og hugsanleg skaðabótaskylda stjórnenda

Friðjón Axfjörð Árnason frá Vinnueftirlitinu

Öryggi á vinnustað

Ingví Árnason frá Vegagerðinni

Breytingar á reglum um merkingar við framkvæmdir

Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur og þjálfari

Stjórnendur og samskiptin

Kynning á verkstýringu - Verkefnastýringu Orkuveitunnar. Nýtt kerfi og aðferðir

A Wendel Tangarhöfða 1 110 Reykjavík býður til móttöku

Nýjasta tækni og léttar veitingar

Staðsetning

Fundurinn er í ráðstefnusal í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur Bæjarháls 1. Gengið inn um aðaldyr.

Fundagjald er kr. 1.000.- kaffi er innifalið í gjaldinu.

VERKSTJÓRASAMBAÐ ÍSLANDS

Kíktu inn á www.pitstop.is og skoðaðu úrvalið



Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta!

NÝTT MICHELIN ENERGY™ SAVER

Betri kostur, bæði fyrir budduna og umhverfið!

- Minni eldsneytisnotkun
- Óvenjugóð ending
- Meira öryggi



SUMARDEKK undir öll ökutæki

Allar gerðir dekkja á ennþá betra verði!

Dekk undir:

- Fólksbíla
- Jeppa
- Mótorhjól
- Sendibíla
- Vörubíla
- Rútur
- Vinnuvélar
- Traktora
- Hólhýsi
- Kerrur

o.s.frv., o.s.frv.



MICHELIN

BFGoodrich Tires

Kleber

Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi



HELIX

Við notum Shell Helix smurólur



pitstop

Rauðhelli 11 Hfj.
Sími: 568 2035



pitstop

Dugguvogi 10
Sími: 568 2020



pitstop

Hjallahrauni 4 Hfj.
Sími: 565 2121



pitstop

Þjónustubíll
Sími: 568 2035 & 898 3031

Líttu inn á www.pitstop.is ~ Tilboð ~ Upplýsingar ~ Dekk ~ Felgur ~ Fróðleikur ~ Og fleira

> William Petersen

Petersen hefur upplifað sínar hæðir og lægðir í kvikmyndabransanum. Þannig nagar hann sig væntanlega enn í handarbökin fyrir að hafa hafnað hlutverkum í Platoon, Heat og Goodfellas. Petersen sér þó væntanlega ekki eftir hlutverki sínu í þáttunum C.S.I. sem Skjár einn sýnir í kvöld eins og aðra mánudaga.



dagskra



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** ER SÍSVANGUR YFIR SJÓNVARPINU

Brennivín og karamellubúðingur með rjóma

Fyrirverandi sálfræðikennari minn sagði mér einhverju sinni að vegna ofdrykkju sinnar gæti hann ekki hlustað á kirkjutónlist eða kóra. Hann hefur ekki smakkað áfengi árum saman og það ég hann því um að útskýra mál sitt. „Ég verð svo hrikalega þunnur ef ég hlusta á þessa tónlist,“ var útskýringin sem ég fékk. Ég hváði.

Kom upp úr dúrnunum að hann hafði búið í foreldrahúsum allt fram á fertugsaldur og undantekningarlaust verið ræstur klukkan ellefu á sunnudagsmorgnum til að borða lambalærið með foreldrum sínum. Klukkutíma löng guðspjónusta á gömlu gufunni var forrétturinn, steikin var aðalrétturinn og Royal-karamellubúðingur með rjóma í eftirmat. Ég spurði þá hvort hann borðaði lambalæri og búðing og ekki stóð á svari. „Nei, ef ég borða lambakjöt eða Royal-búðing þá langar mig alveg óstjórlega mikið í brennivín. Ég læt þetta því allt vera.“

Sáli, eins og hann var kallaður, setti ansi margt í samhengi fyrir mig.



Ég skildi það bara ekki fyrir en löngu seinna. Ægivaldið sem fjölmiðlar hafa yfir okkur flestum er gömul saga og ný. Birtingarmyndirnar eru síðan margar og ólíkar. Ég fæ til dæmis yfirleitt óstjórlega löngun í allt matarkyns sem birtist á sjónvarpsskjá. Ég sá til dæmis ekki alls fyrir löngu heimildarmynd um brúðkaup í grænenska þorpinu Ittoqqortoormiit. Ég slefaði yfir glóðuðu hreindýrakjötinu sem var í aðalrétt og einnig síldarréttum og grilluðu selkjöti. En ég hef af því áhyggjur að ég sé jafnvel verr settur en Sáli því mig dauðlangaði til að smakka grautsoðna haftryðla sem höfðu verið sultaðir í selspiki í rúmt ár. Ég er reyndar alveg viss um að ég þurfi að leita mér aðstoðar því dauðlangaði til að sleikja grútarblautt andlitíð á tannlausum grænenskum gamalmennum sem voru að graðga í sig kasúlðna sjófluglinn. Kannski ætti ég að hringja í Sála og biðja hann um aðstoð. Hann hefur greinilega skilning á málinu.

EKKI MISSA AF



► **18.50 Chelsea-Wigan**
STÖÐ 2 SPORT 2



► **18.55 Ísland í dag** STÖÐ 2



► **20.00 Alfie** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.10 One Tree Hill**
SKJÁR EINN



► **20.20 Shaun the Sheep**
SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Tákn málsfréttir
17.30 Hanna Montana (26:26)
17.53 Skritin og skemmtileg dýr
18.00 Gurra grís
18.06 Lítil prinsessa
18.17 Herramenn
18.30 Meistaradeild Vís í hestaíþróttum

19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
► **20.20 Hróturinn Hreinn (16:40)** (Shaun the Sheep) Sprengfyrindinn hreyfimyndaflökkur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar um flokkinn er að finna á vefslóðinni <http://www.shaunthesheep.com/>.

20.30 Lífsháski - Hið liðna, það sem er og hið ókoma Upprifun úr Lífsháskapáttunum til þessa.

21.15 Lífsháski (Lost) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

22.00 Tíufréttir
22.20 Sportið Í þáttunum verður farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar, innlenda sem erlenda.

22.45 Hvarf (7:8) (Cape Wrath) Breskur spennuflokkur með úrvallsleikurum.

23.40 Spaugstofan
00.05 Kastljós
00.45 Dagskrárlok

BÍÓ

06.00 Alfie
08.00 Lackawanna Blues
10.00 Shattered Glass
12.00 Fat Albert
14.00 Lackawanna Blues
16.00 Shattered Glass
18.00 Fat Albert

► **20.00 Alfie** Þessi rómantíska gamanmynd með Jude Law er endurgerð samnefndrar sögufrægrar myndar frá 7. áratug síðustu aldar með Michael Caine í sama hlutverki.

22.00 Enemy Mine
00.00 Pieces of April
02.00 Jagged Edge
04.00 Enemy Mine

STÖÐ 2

07.00 Justice League Unlimited
07.25 Ofurhundurinn Krypto
07.50 Kalli kanína og félagar
08.10 Oprah (What Happened To The Mom Who Shopped Her Family Broke?)

08.55 Í finu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.35 La Fea Más Bella
10.35 Extreme Makeover. HE (21:32)
12.00 Hádegisfréttir

12.45 Neighbours (Nágannar)
13.10 Numbers (10:24)
13.55 Monsieur N Dramatísk kvikmynd um síðustu daga Napoleons á St. Helenu.

16.00 Háheimar
16.23 Leðurblökumaðurinn
16.48 BeyBlade
17.13 Tracey McBean

17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours (Nágannar)
18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir
► **18.55 Ísland í dag og íþróttir** Svanhildur Hólm ritstjóri, Inga Lind Karlsdóttir, Sólvi Tryggvason og Þorfinnur Ómarsson fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.

19.30 The Simpsons (15:22)
19.55 Friends (5:24) (Vínir 7)

20.20 American Idol (28:42) Bandaríska útgáfan af Idol-Stjörmeit er vinsælasti sjónvarpsviðburðurinn í heimi. Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörmunu en fram að þessu hafa sigurveggar kepnninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Dómaramir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynniinn Ryan Seacrest.

21.05 American Idol (29:42)
22.50 American Idol (30:42)
23.35 The Battle of Shaker Heights

00.50 Shark (5:16)
01.35 Thief (2:6)
02.20 Numbers (10:24)
03.05 Monsieur N

05.10 The Simpsons (15:22)
05.35 Fréttir og Ísland í dag
06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SPORT

besta sætið

07.00 Spænski boltinn (Real Madrid - Murcia)

15.40 Augusta Masters 2008 Útsending frá lokadegi Augusta Masters mótsins í golfi.

19.50 Iceland Expressdeildin 2008 Bein útsending frá leik í úrslitakeppni Iceland Express deildarinnar í körfubolta.

21.35 Þýski handboltinn Öll helstu tilþrifin úr þýska handbolthanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.

22.15 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.

23.00 Inside Sport Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.

23.25 World Supercross GP (Texas Stadium, Irving, Texas) Sýnt frá World Supercross GP sem haldið var á Texas Stadium.

00.20 Iceland Expressdeildin 2008 Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Man. Utd. - Arsenal

16.05 Birmingham - Everton

17.45 Ensku mörkin Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

► **18.50 Chelsea - Wigan** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Chelsea og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.

21.00 Ensku mörkin
22.00 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

22.30 Chelsea - Wigan
00.10 Man. Utd. - Arsenal

SKJÁREINN

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

15.20 Vörutorg

16.20 Professional Poker Tour (e)

17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

18.30 Jay Leno (e)

19.15 Svalbarði (e)

► **20.10 One Tree Hill** (10:18) Bandarísk unglingsería þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantik fara saman. Draugar fortíðar ásækja Brooke þegar hún fer með Owen til New York. Alvarlegir brestir eru komnir í hjónaband Nathans og Haley og stórt útgáfufyrirteki sýnir áhuga á tónlist Miu. Nathan og Lucas eru viðstaddir þegar pabbi þeirra sækist eftir reynslulausn.

21.00 Jericho (3:7) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandarískum smábæ sem einangraðist frá umheiminum eftir kjamorku-árásir á bandarískar borgir. Banvænn vírus stráffellir íbúa í nálægum bæjum en útsendarar ríkisstjórnarmenn vilja ekki veita bæjarbúum bólusetningu. Jake safnar liði og reynir að bjarga íbúum Jericho.

21.50 C.S.I. (7:17) Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Unglingsstúlkur er hrint út um glugga og Sara stendur á krossgötum í lífi sínu eftir að gamalt mál sækir á huga hennar.

22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem hádfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

23.25 Brotherhood (e)

00.15 C.S.I.

01.05 Vörutorg

02.05 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Átt þú rétt á slysabótum?

Það er ekkert gott við það að verða fyrir slysi. Því geta m.a. fylgt þjáningar, tekjutap og ýmiss kostnaður. Þá eru því miður margir illa upplýstir um bótarétt vegna afleiðinga slysa enda þótt flestir séu vel tryggðir. Vissir þú að ef þú hefur lent í umferðarslysi er líklegt að þú fái endurgreiddan sjúkrakostnað, fái greiddar bætur vegna þjáninga, tekjutjóns og miska sem af slysinu leiðir, jafnvel þó þú hafir verið í órétti? Ef þú hefur lent í slysi, t.d. umferðarslysi eða vinnuslysi, er mikilvægt að þú leitir réttar þíns sem fyrst.

Við erum sérfræðingar í innheimtu slysabóta. Hafðu samband við okkur og kannaðu rétt þinn. Það er þér að kostnaðarlausu.

Sársauki er ekki eðlilegt ástand

TORT

NR. 1 Í INNHEIMTU SLYSABÓTA

Aðalstræti 6
101 Reykjavík
Sími 511 5008
www.tort.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

American Idol – Idol Gives Back

Emmy-verðlaunaþátturinn Idol Gives Back er árlegur viðburður í kringum American Idol þar sem safnað er fé til fjölda góðgerðasamtaka, s.s. Children Defense Fund, The Global Fund, Make It Right, Malaria No More, Save the Children og fleiri. Í þetta sinn verður viðburðurinn stærri og glæsilegri en nokkru sinni. Meðal þeirra átta keppenda sem standa eftir



koma fram stórstjórnur eins og Robin Williams, Celine Dion, Forest Whitaker, Billy Crystal, Kiefer Sutherland, Bono, Brad Pitt, Reese Witherspoon, Miley Cyrus, Mariah Carey, Annie Lennox, Maroon 5 og margir fleiri.

▶ VIÐ MÆLUM MED

Lost

Sjónvarpið kl. 21.15

Ný þáttaröð af þessari mögnuðu sjónvarpsþáttaröð. Strandaglóparnir hafa sterklega á tilfinningunni að stutt sé í að þeim verði bjargað. Fólkíð veit hins vegar ekki hvort það á að trúa síðustu skilaboðum Charlies; að þeir sem segist vera komnir til að bjarga þeim séu aðrir en þeir virðast vera.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfreginir	16.10 Veðurfreginir
06.50 Bæn	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
09.05 Okkar á milli	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.25 Spegillinn
10.03 Veðurfreginir	18.50 Dánarfreginir og auglýsingar
10.13 Stefnumót	19.00 Endurómur úr Evrópu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútvarp	20.30 Stjórnuvík
12.20 Hádegisfréttir	21.20 Kvika
12.45 Veðurfreginir	22.07 Veðurfreginir
12.50 Dánarfreginir og auglýsingar	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Vít og breitt	22.15 Afsprengi
14.03 Bak við stjórnurnar	23.10 Lárétt eða lóðrétt
15.03 Útvarpsagan: Sjosja	00.07 Næturtonar
15.30 Dr. RÚV	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Falcon Beach

17.45 Wildfire (4:13) Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.

18.30 The Class (2:19)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Falcon Beach

20.45 Wildfire (4:13)

21.30 The Class (2:19) The Class er bráðskemmtilegu nýr gamanþáttur úr smíðju þeirra sem framleiddu Friends og Mad About You.

22.00 Pushing Daisies (9:9)

22.45 Cold Case (12:23)

23.30 Big Shots (6:11)

00.10 Curb Your Enthusiasm (2:10)

00.35 Entourage (1:20)

01.00 American Dad (7:23)

01.25 Comedy Inc. (10:22)

01.50 Kenny vs. Spenny 2 (2:13)

02.20 Sjáðu

02.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV



kl. 20.00 MÉR FINNST... Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Kvenréttindi, stelsýki, kertaljos og kynferðisofbeldi eru meðal umræðuefna þáttarinnar. Gestir eru Elísabet Jökulsdóttir og Björk Jakobsdóttir ásamt leynigesti.

kl. 21.00 Mæður og dætur Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir veltir fyrir sér sambandi mæðgna ásamt gestum sínum.

kl. 21.30 Jón Kristinn Umsjónarmaður er Jón Kristinn Snæholm.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 21 Søndag 10.50 Socialistisk Folkeparti 11.20 Aftenshowet 11.50 OBS 11.55 Saras kokken 12.20 Søren Ryge - Ketty og Jens Børre 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 13.50 Family Guy 14.15 SKUM TV 14.30 Den lyserøde Panter 14.35 Naruto 15.00 Troldspejlet 15.15 Robotboy 15.30 Tigerdyret og Plys 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Supernabo 18.00 Vores planet 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Kriminalkommissær Clare Blake: Virus 21.10 Truslen fra dybet 21.50 OBS 21.55 Seinfeld 22.20 Smagsdommeme

NRK1

7.55 Frokost-tv 10.00 NRK nyheter 10.10 Camilla Plum i hægen 10.40 Grosvold 11.25 Åpen himmel: Hverdagsengler i Afrika 11.55 Jan i naturen: Isfluglen 12.10 Med hjertet på rette staden 13.00 Newton 13.30 Kim Possible 13.55 Frokost til middag 14.05 H2O 14.30 Supermusikk 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 15.59 Barne-tv 16.00 Mine venner Tigergutt og Brumm 16.25 Bali 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Puls 17.55 Faktor: Den siste gjetaren 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Gynnekologen i Askim 20.30 Store Studio 21.00 Kveldsnytt 21.15 Columbo 22.50 Nytt på nytt 23.20 Kulturmytt 23.30 Sport Jukeboks 1.00 Country jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Agenda 11.00 Sportspeglin 12.00 Bara en trumpetare 13.30 Andra Avenyn 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Ramp 15.30 Mega 16.00 Bolibompa 16.10 Valpen Kasper 16.15 Romi Racerbil 16.30 Lata Lucy 16.35 Jane och draken 17.00 Bobster 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Andra Avenyn 18.30 Häxansan 19.15 Med vänlig hälsning 19.30 Kobra 20.00 Fördarvet 21.00 Rapport 21.10 Kulturmyheterna 21.25 Glasklart 22.25 Brottskod: Försvunnen 23.10 Sändningar från SVT24

ÖFLUGT ÁÆTLANAKERFI
ÞRÓAÐAR GREININGARLAUSNIRGerðu áætlunina
að markvissu stjórnækni!

ValuePlan áætlanakerfið

Value Plan er fullkomið áætlanakerfi sem auðveldar fyrirtækjum að ná tókum á birgðamálum, framleiðsluferli og fjárstyringu. Kerfið er í notkun hjá mörgum helstu heilðsölu- og framleiðslufyrirtækjum landsins.

ValuePlan™

Með ValuePlan heldur þú utan um alla áætlanagerð og samanburð við raungögn með einföldum og hraðvirkum hætti. Kerfið auðveldar markvissa tekju- og kostnaðaráætlanagerð, auðveldar birgðastýringu og gefur glögga mynd af sjóðsstöðu fram í tímann.

Landsteinar Strengur hf. hefur áratuga reynslu af sölu, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar fyrir íslenskan markað. Fyrirtækið hefur verið í forystuhlutverki í hugbúnaðargerð, ráðgjöf og innleiðingu á Microsoft Dynamics NAV, áður betur þekkt undir heitinu Navision.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar til að fá nánari upplýsingar.



Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics



LANDSTEINAR STRENGUR

Landsteinar Strengur hf. · Ármúla 7 · 108 Reykjavík
Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is · LS@LS.is

Okkar þekking - þitt forskot!

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Það eru þrjú lög sem ég heyrir mest þegar ég er í vinnunni. Ave Maria auðvitað og svo Allt eins og blómstrið eina. Svo virðist Sultans of Swing með Dire Straits alltaf vera spilað á Bylgjunni þegar við erum á útfararbilnum.“

Frímarr Andrésón útfarastjóri.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. þvogl 6. í röð 8. leyfi 9. hljóma 11. hvort 12. gljáun 14. gáleysi 16. sjó 17. einkar 18. hætta 20. samtök 21. uppspretta.

LÓÐRÉTT

1. hrjúf 3. frá 4. rugla 5. tilvist 7. lítillræði 10. temja 13. líða vel 15. kaupbætur 16. sunna 19. ónefndur.

LAUSN

LÖBÉTT: 1. grót, 3. af, 4. brengla, 5. álag, 16. sól, 19. nm. LÁRÉTT: 2. babl, 6. rs, 8. fr, 9. óma, 11. ef, 12. fágun, 14. vanþá, 16. sæ, 17. all, 18. ógn, 20. aa, 21. lind.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- Notkun hennar getur varðað við lög og skemmt bílvefar.
- Maine Coon.
- Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna.

NÝ VERSLUN
BARNAFÖT OG GJAFAVARA
opnuðum nýlega verslun okkar að
LAUGAVEGI 27

HUZIN MURIN
ej sikke lej
mini rodini
OPIÐ Í DAG
frá kl 11 - 18
RUMPU TUSKI
Laugavegi 27 (bolhús) 552 7722
www.rumputuski.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Safnað fyrir svítum í Kattholt

„Þetta yrði algjör toppur, 28 búr í hæsta gæðaflokki,“ segir Sigríður Heiðberg, formaður Kattholts, en á vefsíðu dýrahótelsins er nú hafin söfnun fyrir nýjum og glæsilegum búrum fyrir íbúa þess. Að sögn Sigríðar er um kostnaðarsama breytingu að ræða sem kæmi þó öllum kattavinum til góða. „Við verðum að fylgjast vel með og vera í fararbroddi fyrir dýrin okkar,“ segir Sigríður. „Við verðum hreinlega að gera þetta,“ bætir hún við.

Að sögn Sigríðar yrði þetta algjör bylting fyrir þau í Kattholti. Dýrin fengu mun betri aðstöðu inni í búrunum en áður þekktist, meðal annars sérdall fyrir mat og séraðstöðu til að sofa

í. „Ég vona svo sannarlega að þetta verði að raunveruleika,“ segir Sigríður en kostnaðurinn við þetta er talinn vera 2,6 milljónir.

Formaðurinn segir að katta- og dýravínir hafi tekið vel í þessa söfnun. Þeim sem vilja leggja málefnið til góða er bent á heimasíðu Kattholts en annars er reikningsnúmerið 0113-26-314425 og kennitalan 550378-0199.

- fgg

BETRI AÐSTADA Sigríður hyggst panta búrin 28 og hefur hafið söfnun á heimasíðu Kattholts, kattholt.is.




MAJA Á BÆJARINS BEZTU: FÉKK HEIMSÓKN FRÁ BELGÍU

Maja á Bæjarins beztu orðin fræg um allan heim

„Þau bara bentu á mig og sögðu: „Yes, it is she,““ segir pylsusalinn María Einarsdóttir á Bæjarins beztu. María – sem aldrei er kölluð annað en Maja – var á dögnum í sakleysi sínu að afgreiða þegar hún varð vör við að nokkrir erlendir ferðamenn voru að benda á hana. Við nánari eftirgrennslan kom á daginn að þessir sömu ferðamenn höfðu séð Maju á sjónvarpsstöðinni Travel Channel en fjallað var um Bæjarins beztu á þeirri stöð í nóvember á síðasta ári. „Já, það kom í ljós að þetta voru ferðamenn frá Belgíu sem höfðu séð umfjöllun um staðinn og komu spes til landsins til að fá sér pylsu,“ segir Maja, sem lenti í tveimur álíka uppkomum með stuttu millibili.

Undanfarin misseri hefur það orðið æ algengara að pylsuvagninn Bæjarins beztu birtist í erlendum fjölmiðlum. Fyrir tveimur árum var hann til að mynda valinn næstbesti matsöluturn í Evrópu af breska blaðinu The Guardian. Þá hafa nokkrir erlendir sjónvarpsþættir fjallað um þennan litla fjölsóttu pylsuvagn. Þessi mikla jákvæða umfjöllun sem staðurinn hefur fengið ytra virðist heldur en ekki skila sér í auknum komum erlendra ferðamanna – og stórstjarna. Skemmst er að minnast þess þegar Bill Clinton skellti sér á eina með sinnepi, einnig voru meðlimir Metallica fastagestir hjá Maju. Fyrir nokkru var svo sem Maja væri mætt inn í heimsfrægan glæpabátt. „Já, ég hafði verið að horfa á CSI daginn áður og svo kemur allt í einu einn leikarinn úr þáttunum og fær sér pylsu hjá mér. Hann heitir Eric eitthvað, þessi ungi sem er alltaf á rannsóknarstofunni,“ segir Maja og á þar við leikarann Eric Szmanda sem fer með hlutverk Greg Sanders í sakamálabáttunum CSI sem sýndir eru á Skjá einum.

Maja hefur unnið á Bæjarins beztu í 33 ár. „Það er samt algengur misskilningur að ég eigi Bæjarins beztu. Ég á ekkert í þessu, ég bara vinn hérna,“ segir



MEÐ CLINTON Maja og Clinton náðu vel saman.



MAJA Er líklegast frægasti pylsusalinn í heimi.

Maja. En ætli Maju hafi grunað þegar hún hóf störf á Bæjarins beztu fyrir 33 árum að hún ætti eftir að verða heimsfrægur pylsusalinn? „Nei, manni datt það nú lítið í hug,“ segir Maja hlæjandi. Hún segist þó ekki fara hjá sér þegar fólk utan úr heimi þekki hana úr sjónvarpi. „Nei, blessaður vertu, maður er orðinn vanur þessu,“ segir hún og brosir.

Maja segist alltaf kunna jafn vel við starf pylsusalans. „Ég er fyrst og fremst með frábæra vinnuveitendur. Maður hittir líka svo mikið af fólki og margir fastakúnnar koma daglega,“ segir Maja og bendir á að allir fái sömu afgreiðslu, hvort sem það er Bill Clinton, Valli úr vesturbænum eða Fríða úr Fellunum. „Eini munurinn er sá að ég þekki Clinton og þá með nafni.“

sol@frettabladid.is

ERIC SZMANDA Mætti á Bæjarins beztu þegar Maja var nýbúin að horfa á hann í CSI.



Bandið hans Bubba ekki á sveitaböll

„Það hefur aldrei staðið til að bandið hans Bubba yrði eitthvert sveitaballband, það er mikill misskilningur. Við skoðum þessi mál þegar sigurvegarinn hefur verið krýndur,“ segir Páll Eyjólfsson. Að undanförnu hafa átt sér stað miklar vangaveltur um hver framtíð Bandsins hans Bubba og ekki síst sigurvegara þáttanna sé. Í auglýsingunni kemur fram að sigurvegarinn hljóti þrjár milljónir í reidufé, plötu- og umboðssamning. Og ekki síst; stöðu í Bandinu hans Bubba. Páll segir þetta allt vera í skoðun og ráðist að sjálfsögðu af því hver standi uppi sem sigurvegari. „Að sjálfsögðu mun bandið koma fram með sigurvegarinum í einhver skipti en hvort það verði eitt, tvö eða fleiri á eftir að

ræða um enda sigurvegarinn ekki kominn í ljós,“ bætir Páll við.

Hann bendir jafnframt á að meðlimirnir í Bandinu hans Bubba séu eflaust í samtals tíu hljómsveitum og því sé það mikil skipulagningarvinna að koma þeim saman fyrir eitt kvöld. „Við ætlum okkur hins vegar að fara í mikla landvinnninga með sigurvegaranum,“ bætir Páll við. Úrslitin verða kunngjörð á föstudaginn í næstu viku og þá kemur í ljós hver það er sem heillaði land og þjóð hvað mest.

- fgg

ÓRÁÐIN FRAMTÍÐ Sigurvegarinn í Bandinu hans Bubba fær þrjár milljónir og plötu- og umboðssamning. Hvort bandið fylgir með kemur síðan í ljós.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Árshátíð Glitnis var haldin með pomp og prakt í Laugardalshöllinni á laugardagskvöldið. Kreppunni margfrægu var haldið fyrir utan vegg hallarinnar því innan þeirra skemmtu starfsmennirnir sér konunglega. Sirkushópur hélt fólki við efnið á meðan það gæddi sér á dýrindis veitingum en það var sjálfur sjónvarpsmaðurinn úr Sigtinu, Frímarr Gunnarsson, sem sá um að stjórna herlegheitunum þar sem hann þeystist um salinn á rafknúnu tvíhjól.



Senubjófur kvöldsins var hins vegar hljómsveitin The Supreme þar sem allir sveitarmedlimir voru starfsmenn Glitnis. Þakið ætlaði hreinlega að rífa þegar sveitin hafði lokið sér af en fyrir henni fór knattspyrnuhettjan og markahrókurinn Guðmundur Torfason. Guðmundur er ansi liðtækur gítarleikari og engu síðri söngvari og höfðu menn á orði að þarna væri kominn

„öruggari“ starfsvettvangur fyrir Guðmund í ljósi efnahagsumræðunnar. Meðal annarra sveitarmedlima var Almar Guðmundsson en hann er einmitt bróðir gamla rokkhundsins Sigmars Guðmundssonar.

Hafi menn haldið að Bubbi væri búinn að selja sálu sína til stórfyrirtækja þá hefur hljómsveitin Mercedes Club sýnt það og sannað að það er hægt að ganga enn lengra í markaðsvæðingu sinni. Síminn ætlar sér augljóslega að nýta hvert kílógramm af sveitarmedlimum og á heimasíðu fyrirtækisins er hægt að tromma með laginu Meira frelsi. Ef þáttakendur hitta á rétta trommu byrja þeir Party-Hanz, Gillz og Gaz-Man að hnykka vöðvana, netverjum til mismikillar skemmtunar.



HONDA
The Power of Dreams



CB 600F Hornet

HJÓLASUMARIÐ ER KOMIÐ HJÁ OKKUR



Allt frá árinu 1947 þegar Honda kom með sitt fyrsta mótórhjól á markað hefur keppnisandi og draumar án takmarka einkennt fyrirtækið. Þessi hugsjón hefur gert Honda að einu virtasta fyrirtæki í mótórhéiminum í dag.

Honda CB 600F Hornet hjólið á í raun aðeins nafnið sameiginlegt með fyrirrennrum sínum en hugmyndafræðin hefur þó haldist óbreytt frá því það kom á markað árið 1998. „Streetfighter“ hugmyndafræðin skín í gegnum hönnunina með tvöföldum aðalhljósum, sportlegu mælaborði með stórum

snúningsmæli sem er staðsettur í miðju og stafrænum hraðamæli og síðast en ekki síst kröftugu útblásturskerfi. Hornet sker sig úr í flokknum þar sem ekkert annað hjól er með sömu eiginleika og það. Þetta hjól er jafn hentugt í borginni sem og á sveitavegum.



www.honda.is

Hafðu samband við sölumann og fáðu sendan nýjan mótórhjólábækling eða náðu í hann á netinu á www.honda.is



Vatnagördum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

UMBOÐSAÐILAR: Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar

Leyfið bönkunum að koma til mín

Leyfið bönkunum að koma til mín og bannið þeim það ekki! Að vandlega athuguðu máli og hafandi ráðgast við fjölskyldu mína hef ég ákveðið að bjóðast til að losa þjóðina á einu bretti við vandamálið sem hangir yfir okkur öllum. Bankavandamálið. Vaxta- vandamálið. Seðlabankavandamálið. Allir bankar sem erfiði og þunga eru hlaðnir geta komið til mín og ég mun kaupa þá og staðgreiða og eigendur þeirra geta gengið til móts við nýja tíma gláðir og áhyggjulausir. Staðgreiðsluverð fyrir stykkið getur numið allt að einni evru, sem er stöðill og góður gjaldmiðill og ekki síðri en íslenska krónan.

ÉG LÝSI MIG hér með reiðubúinn að kaupa alla íslensku bankana, jafnvel Seðlabankann líka þrátt fyrir að ástandið á þeim bæ sé eins og allir vita. Fyrir hvern banka er ég reiðubúinn að greiða út í hönd allt að eina evru. Í kaupnum fylgja allar skuldir bankanna sem löglega er til stofnað og allar eignir þeirra, þar með talin leynihólf, leynireikningar héraendis og erlendis, listaverkasöfn, hlutabréfasöfn og annað fé fast og laust.

ÞAR SEM ég hef ekki áhuga á að sá nema sem allra minnstum hluta af lífi mínu sem kápítalísti er fyrirætlun mín sú að gefa íslensku þjóðinni aftur það sem var með rangindum, svindli, refskað og pólitískri spillingu frá henni tekið. Af fyrri reynslu treysti ég ekki stjórnmálamönnum til að sjá um að einkavæða bankana að nýju og því ætla ég sjálfur að sjá um einkavæðinguna. Það ætla ég að gera með því að senda hverju mannsbarni sem á lögheimili sitt á Íslandi eitt hlutabréf í hverjum banka og verða hlutirnir jafnmargir og íbúatala landsins gefur tilefni til.

ÞETTA TILBOÐ stendur til miðnættis í nótt. Þeir bankar sem ekki taka þessu tilboði skulu ekki voga sér að fara fram á að skattpeningar mínir verði nýttir til að bjarga þeim úr þeim ógöngum sem „alþjóðlegur skortur á lánsfjármagni“ hefur leitt þá í – ekki „græðgi og skeytingarleysi um almannaheill“ eins og margir halda. Seðlabankanum ætla ég að þakka saman í vasatölvu sem pípur þegar breyta þarf vöxtunum. Svörtuloftum verður breytt í rannsóknarstofnun fyrir stórmennsku-brjálæði.



GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 14. apríl,
105. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 5.58	13.28	20.59
Akureyri 5.36	13.13	20.51

Heimild: Almanak Háskólans

FJÓRHJÓLADRIFINN NISSAN

QASHQAI

QASHQAI FÉKK **HÆSTU EINKUNN Í ÁREKSTRARPRÓFI** EURO-NCAP FRÁ UPPHAFI, EÐA 38 STIG AF 40 MÖGULEGUM. KOMDU Í KAFFI Í DAG OG REYNSLUAKTU FRÁBÆRUM JEPPLINGI.

Fjór hjóladrifinn jepplingur á verði frá:

2.990.000 kr.



Einn vinsælasti jepplingurinn á Íslandi

Þessi nýi fjór hjóladrífni bill frá Nissan hefur svo sannarlega slegið í gegn á síðasta ári. Hann er til í mörgum útfærslum, með og án sjálfskiptingar, bensin eða dísil.



ENNEM / SIA / NM3138



GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 Akureyri, Öseyri 5, 464 7940 Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808



INGVAR HELGASON